ÁRSSKÝRSLA 1999

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

nóvember 2000

Ársskýrsla ríkislögreglustjórans 1999

Ritstjóri:
Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn.

Helstu heimildir:
Gögn embættis ríkislögreglustjórans og lögregluembættanna.
Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóranum tóku saman upplýsingar, hver um sitt svið.
Samantekt upplýsinga í yfirliti um þróun afbrota var í höndum starfsmanna sviðs 4.
Samantekt viðauka skýrslunnar var í höndum starfsmanna sviðs 4.
Skýrsla Interpol (alþjóðasambands sakamálalögreglu) um fíkniefnamál 1999.
Dómar í ránsmálum 1998 og 1999.

Textavinnsla, uppsetning, umbrot og prentun:
Varnan ehf. – rannsóknir og gagnavinnsla.

Prentun kápu:
Stapaprent.

Bókband:
Flatey.

Útgáfa:
Ríkislögreglustjórinn, nóvember 2000.
www.logreglan.is

Efnisyfirlit

bls.

Inngangur ríkislögreglustjóra 4

Stjórnendur sviða embættisins 5

Svið 1 6

Svið 2 15

Svið 3 24

Svið 4 28

Svið 5 40

Tölulegar upplýsingar og þróun afbrota 47
- Auðgunarbrot 49
- Brot á áfengislögum og eignaspjöll 54
- Fíkniefnamál 55
- Ofbeldisbrot 61
- Umferðarlagabrot 64
- Brot gegn valdstjórninni og gegn friðhelgi einkalífs 65

Viðauki 66
- Sönnunarbyrði um sekt 66
- Hagnýt lögreglufræði 68
- Samanburðarrannsóknir 69
- Sögulegt yfirlit skjalarannsókna 70
- Sögulegt yfirlit fingrafararannsókna 75
- DNA-rannsóknir 79

Inngangur ríkislögreglustjóra

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Óhætt er að segja að starfsárið 1999 hafi einkennst af vaxandi verkefnum og aukinni starfsemi á flestum sviðum. Í þessari annarri ársskýrslu embættis ríkislögreglustjórans eru starfseminni gerð allítarleg skil. Þá er sérstaklega litið til þátta sem snúa að afbrotum og afbrotaþróun. Sá háttur var tekinn upp við gerð fyrstu ársskýrslu embættisins að hafa sérstakan viðauka um málefni sem varða almenning og löggæsluna miklu. Sérstaklega var fjallað um fíkniefnamál og meðal annars gerð grein fyrir markmiðum lögreglunnar í baráttunni gegn þeim vanda sem fíkniefnin eru í samfélagi okkar. Í þessari ársskýrslu eru tekin fyrir í viðauka þau margvíslegu málefni sem snúa að tæknirannsóknum afbrota.

Með umburðarbréfi dagsettu 9. ágúst 1998 beindi ríkislögreglustjórinn þeim tilmælum til allra lögreglustjóra landsins og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins að við skipulagningu og stjórnun löggæslunnar verði tekið mið af því markmiði að koma í veg fyrir afbrot og draga úr fjölda þeirra eftir mætti. Var því sérstaklega beint til lögreglustjóranna að fækkun innbrota, þjófnaða, líkamsárása, rána og eignaspjalla um 20% væri markmið sem þeir gætu sett sér. Í því sambandi vakti ríkislögreglustjórinn athygli lögreglustjóranna á virkri stjórnun lögreglu, svo sem að beina löggæslunni að þeim stöðum og á þann tíma þegar afbrot eru helst framin. Þannig geti hver lögreglustjóri sett lögregluliði sínu skýr markmið og forgangsraðað þeim verkefnum er hann telur brýnust. Þetta krefst þekkingar lögreglustjóranna á því hver afbrotaþróunin hefur orðið í viðkomandi umdæmi og á landinu öllu, samráðs lögregluliðanna og stýringar lögreglunnar eftir afbrotaþróun. Þannig eiga lögreglustjórarnir að ná ákveðnum árangri í starfi. Það er hinsvegar lagt í vald hvers lögreglustjóra að ákveða hvernig markmiðum skuli náð. Frá því ríkislögreglustjórinn sendi lögreglustjórunum framangreind tilmæli hefur þróun afbrota á landinu öllu orðið misjöfn eftir brotaflokkum. Ákveðnum tegundum afbrota hefur fjölgað og önnur afbrot hafa staðið í stað eða þeim fækkað. Þessi þróun á sér ýmsar skýringar sem reynt er að varpa nokkru ljósi á í ársskýrslunni. Auknar áherslur hafa verið lagðar á fækkun afbrota og ber sérstaklega að nefna þróttmikið starf á sviði fíkniefnamála þar sem umtalsverður árangur hefur náðst.

Það er mat ríkislögreglustjórans að metnaðarfullt markmið um fækkun afbrota sé lögreglunni nauðsynlegt leiðarljós og hvatning í þeirri viðleitni að stemma stigu við afbrotum. Mikið starf er þó framundan eigi markmiðið að nást, en til þess þarf að stilla saman strengi. Með aðstoð lögreglustjóranna hefur verið lagður grunnur að úrvinnslu og greiningu afbrota á landinu öllu. Miklar væntingar eru til afbrotagreiningarinnar sem mikilvægs stjórntækis til forvarna og löggæslu. Eitt meginmarkmið tilmæla ríkislögreglustjórans var að vekja umræðu og hvatningu bæði innan lögreglunnar og á meðal almennings um fækkun afbrota. Fullyrt skal að þar hafi orðið verulegur árangur, en hann verður ekki mældur í prósentustigum.

Stjórnendur sviða embættisins

Þórir Oddsson
vararíkislögreglustjóri
Svið 1

Jón Bjartmarz
yfirlögregluþjónn
Svið 2

Jónmundur Kjartansson
yfirlögregluþjónn
Svið 3

Guðmundur Guðjónsson
yfirlögregluþjónn
Svið 4

Jón H. Snorrason
saksóknari
Svið 5

SVIÐ 1

Deildir	*Hlutverk*
Stjórnsýslu- og rekstrardeild	Fjármálastjórn og bókhald, áætlanagerðir, útgáfustarfsemi, skjalavarsla, frágangur og útsending sektarboða.
Alþjóðadeild	Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu, Interpol, Sirene, Baltcom, PTN.
Lagadeild	Álitsgerðir, umsagnir lögfræðilegs eðlis.
Menntunar- og fræðsludeild	Fræðslumál og málefni Lögregluskóla ríkisins.
Sérverkefni	Eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Rekstur embættis ríkislögreglustjórans árið 1999

Rekstraryfirlit í rauntölum 1999

	Krónur
Laun	216.529.000
dagvinna	94.138.000
vaktaálag	16.871.000
aukagreiðslur	4.330.000
yfirvinna	67.194.000
launatengd gjöld	33.996.000
Ferðir og fundir	30.375.000
ferða- og dvalarkostnaður innanlands	10.907.000
ferða- og dvalarkostnaður erlendis	14.485.000
fundir, námskeið og risna	3.633.000
akstur	1.350.000
Rekstrarvörur	10.942.000
tímarit, blöð og bækur	1.225.000
skrifstofuvörur og áhöld	4.016.000
aðrar vörur	5.701.000
Aðkeypt þjónusta	55.105.000
tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	8.975.000
önnur sérfræðiþjónusta	11.926.000
sími og ýmis leigugjöld	12.506.000
prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	21.698.000
Húsnæði	24.514.000
húsaleiga og aðkeypt ræsting	20.669.000
rafmagn og heitt vatn	1.646.000
verkkaup og byggingarvörur	883.000
fasteignagjöld og tryggingar	1.316.000
Bifreiðar og vélar	354.000
verkstæði og varahlutir	38.000
eldsneyti og olía	316.000
Vextir, bætur og skattar	483.000
Eignakaup	5.384.000
Tilfærslur	512.000
Rekstrarkostnaður alls	344.198.000
Sértekjur samtals	-19.342.000
Gjöld umfram sértekjur	324.856.000



Fjárveiting	357.093.000 kr.
Raunkostnaður	324.856.000 kr.
Frávik	32.237.000 kr.

Frávik námu um 9%, sem að hluta til stafa af sérstakri fjárveitingu upp á 30 milljónir króna vegna eignakaupa. Þau kaup koma til vegna þess að embættið tók á leigu nýtt húsnæði, sem var á byggingarstigi og áætlað að flytja inn í það vorið 2000.

Viðfangsefni

Eftir að embætti ríkislögreglustjórans tók til starfa hefur viðfangsefnum fjölgað jafnt og þétt umfram það sem varð séð fyrir við gildistöku lögreglulaganna.

Gróf sundurliðun skráðra viðfangsefna hjá ríkislögreglustjóranum árið 1999

Fyrirspurnir og ýmis smærri erindi	124	Tölvumál	52
Alþjóðadeild	299	Umferðarmálefni	39
Björgunarmál	17	Öryggismálefni	62
Efnahagsbrotadeild	314	Annað	388
Stjórnsýslu- og rekstrardeild	30	Sérsveit lögreglunnar	12
Menntunar- og fræðslumál	18	Tækja- og búnaðardeild	64
Afgreiðsla leyfa	620	Alþjóðleg lögreglustörf	14
Rannsóknadeild	353	Forvarnir	8
Starfsmannahald	239	Vegabréfaútgáfa	4
Tæknirannsóknastofa	300		
		Samtals	**2.957**

Innra skipulag

Nýtt skipurit tók formlega gildi 1. janúar 1999, þó unnið hafi verið eftir því frá nóvember 1998. Í samræmi við hið nýja skipurit var embætti ríkislögreglustjórans skipt upp í 5 svið. Haustið 1998 fór fram mikil undirbúningsvinna hjá embættinu til að mæta þeirri breytingu sem leiddi af tilkomu sérstakra sviðstjóra.

Markmiðinu með skiptingu embættisins niður í sérstök svið, er þannig lýst í bréfi ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins þann 9. febrúar 1999:
"Markmið þessa fyrirkomulags er að fela yfirmönnum ríkislögreglustjórans meiri ábyrgð í rekstri embættisins, veita þeim sveigjanleika í stjórnun bæði manna og verkefna og bæta kostnaðarvitund starfsmanna og aðhald í rekstri. Einnig að stuðla að því að rekstur embættisins sé samkvæmt fjárheimildum og rekstrarfé verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt. Fjárveitingum verði markvisst varið til að mæta þeim verkefnum sem til embættisins heyra og nýttar sem best í þágu hins opinbera. Ábyrgð yfirstjórnar ríkislögreglustjórans á fjármálum embættisins verði skýrt mörkuð."

Starfsmenn voru 43 í árslok 1999[Varnan1]; ríkislög-reglustjóri, vararíkislögreglustjóri, saksóknari, þrír yfirlögregluþjónar, tveir lögfræðingar, níu aðstoðaryfirlögregluþjónar, sextán lögreglu-fulltrúar, einn aðalvarðstjóri, tveir varðstjórar, fimm skrifstofumenn og tvær matráðskonur.

Úttektir og tillögur vegna Schengen-samstarfsins

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning aðildar Íslands að Schengen-samningnum.

Hafnir og flugvellir

Með bréfum dómsmálaráðuneytisins í janúar og febrúar 1999 var ríkislögreglustjóranum falið að sinna undirbúningi vegna tveggja málaflokka er lúta að undirbúningi að Schengen-aðild. Um var að ræða uppsetningu á SIRENE-skrifstofu ríkislögreglustjórans og úttekt og tillögur um persónueftirlit á landamærum, að undanskildum

Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn sviða 1 og 4 unnu að þessu viðfangsefni, sem var skipt niður í eftirfarandi þætti:

- Tölulegar upplýsingar um umferð flugvéla og skipa til og frá landinu um flugvelli og hafnir á Íslandi.
- Úttekt á stöðu landamæraeftirlits á Íslandi að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Þar koma einnig fram helstu atriðin um það, hvaða ráðstafanir þurfi að gera í hverju umdæmi.
- Tillögur um búnað og fyrirkomulag á landamærastöðvum.
- Skýrslu um hvernig landamæraeftirliti verði háttað með tilkomu Schengen-samningsins.

Vegna úttektarinnar var ferðast víða innanlands til að kynna sér framkvæmd og stöðu landamæraeftirlits, og teknar saman tillögur um úrbætur og fyrirkomulag, sem uppfylla skilyrði Schengen-aðildar. Að úttektinni unnu Þórir Oddsson, vararíkislögreglustjóri, Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn, og Bjarni Ólafur Ólafsson, lögreglufulltrúi. Þá kom Kristján H. Kristjánsson, lögreglufulltrúi, að sumum þáttum hennar. Þessu verki lauk í desember og var dómsmálaráðuneytinu afhent lokaskýrsla um landamæraeftirlitið.

Keflavíkurflugvöllur

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn, var í nefnd er vann að úttekt og tillögum um framkvæmd landamæraeftirlits á alþjóðaflugvöllum. Aðrir í hópnum voru Einar Gunnarsson, sendiráðsritari í utanríkisráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Högni Kristjánsson, fulltrúi dómsmálaráðuneytisins, og Sævin Bjarnason, aðaldeildarstjóri hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Aðstoðarmaður hópsins var Halldór Rósmundur Guðjónsson, varðstjóri í lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Starfshópurinn fór í september í kynnisferð um Kastrupflugvöll í Danmörku, Frankfurtflugvöll í Þýskalandi og Barajasflugvöll á Spáni. Hópurinn lauk störfum og skilaði af sér skýrslu í október.

Undirbúningur að fræðslu og þjálfun vegna Schengen-samningsins

Bjarni Ólafur Ólafsson, lögreglufulltrúi hjá embætti ríkislögreglustjórans, er í vinnuhópi ásamt fulltrúum frá Lögregluskóla ríkisins, dómsmálaráðuneytinu og sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, um að skipuleggja fræðslu vegna tilkomu Schengen-samningsins. Hópurinn hefur unnið námsefni upp úr gögnum frá Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, sem talið er best henta fyrir Íslendinga. Þessu námsefni er skipt í tvo hluta, til 1. og 2. stigs fræðslu. Greint hefur verið hverjir þurfa á Schengenfræðslu að halda og er áætlað að um 1.000 manns fari í gegnum 1. stigs fræðslu. Áætlað var að fræðslan hæfist í mars 2000 hjá Lögregluskóla ríkisins. Smári Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans, mun annast 1. stigs fræðslu um Schengen-samstarfið í Lögregluskóla ríkisins.

Alþjóðadeild

Skipting mála

Málum þeim sem skráð voru til úrvinnslu í alþjóðadeild fjölgaði verulega á árinu. Þau urðu 299 en voru 218 árið 1998.

Lögregluembætti landsins gera sér æ betur ljóst hve margháttaða aðstoð deildin getur veitt við rannsókn sakamála og aðra daglega vinnu lögreglunnar. Með samskiptaneti Interpol getur deildin verið í samskiptum við lögreglu í nær öllum löndum heims. Samvinna lögreglu á Norðurlöndum er mjög greið, og upplýsingar og aðstoð yfirleitt auðfengin.

Skipting mála var með eftirfarandi hætti:

Interpol	202
PTN (norrænt lögreglu- og tollsamstarf)	19
Baltcom	5
Schengen	20

Önnur mál

Tæknirannsóknir	4
Fíkniefnamál	10
Alm. afgreiðsla	13
Ökuskírteini	4
Efnahagsbrot	3
Uppl./rannsóknaraðstoð	6
Peningaþvætti	2
Öryggismálefni	3
Umferðarmálefni	2
ID mál	2
Europol	3
Tölvumál	1
Samtals:	**299**

Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi alþjóðadeildar var sá sami og frá stofnun embættisins þann 1. júlí 1997; aðstoðaryfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi.

Á árinu var farið að huga að fjölgun starfsmanna vegna aukins málafjölda en þó fyrst og fremst vegna undirbúnings Schengen-samstarfsins.

Interpol

Sem fyrr eru flest mál deildarinnar tengd Interpol – alþjóðasambandi sakamálalögreglu. Málin eru mjög fjölbreytt. Upplýsingar berast og eru sendar um fíkniefnamál, eftirlýsta sakamenn og týnt fólk. Einnig berast iðulega fyrirspurnir um íslenska löggjöf á ýmsum

sviðum. Þegar Íslendingar eru handteknir erlendis er yfirleitt óskað upplýsinga um brotaferil þeirra hérlendis. Að sama skapi leitar deildin upplýsinga um brotaferil þeirra útlendinga sem handteknir eru á Íslandi. Alþjóðadeildin annast milligöngu um skýrslutöku af vitnum og sakborningum á milli Íslands og útlanda og framsendir einnig mál til rannsóknar að öðru leyti milli landa. Málum, sem tengjast ólöglegum innflytjendum á Íslandi, hefur fjölgað talsvert.

ID-nefnd. Vinna í Kosovo

Dómsmálaráðuneytið skipaði frá 1. apríl 1999 nýja fulltrúa í nefnd er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn og gengur undir heitinu ID-nefnd. Lögreglufulltrúi alþjóðadeildar var skipaður í hana. Nefndin vinnur eftir stöðlum og notar eyðublöð og tölvuforrit sem Interpol hefur útbúið. Vegna eðlis starfa nefndarinnar getur þurft á greiðum samskiptum við lögreglu erlendis að halda. Því er tenging hennar við alþjóðadeildina talin vera kostur.

Þann 21. júní 1999 barst alþjóðadeild erindi framkvæmdastjóra Interpol þar sem farið var fram á aðstoð íslenskra sérfræðinga vegna rannsóknarstarfa alþjóðadómstóls stríðsglæpa í löndum fyrrum Júgóslavíu. Nánar er fjallað um störf ID-nefndar í kafla um svið 4.

Evrópuþing Interpol

Á 28. Evrópuþingi Interpol, sem haldið var í Oslo 2.-4. júní 1999, bar Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri, fram boð ríkisstjórnar Íslands um að halda 29. Evrópuþingið í Reykjavík 17.-19. maí 2000. Fundarstaðurinn var samþykktur og þar með hófst mikil undirbúningsvinna. Ríkislögreglustjórinn skipaði undirbúningsnefnd með fulltrúum alþjóðadeildar, dómsmálaráðuneytisins, lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og Útlendingaeftirlitsins, og var Smári Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, formaður hennar.

Dæmi um mál sem tengjast Interpol árið 1999

Íslenskur síbrotamaður var handtekinn 11. september í Kaupmannahöfn fyrir búðarhnupl. Lögreglan þar leitaði upplýsinga um hann hjá alþjóðadeildinni. Í ljós kom að hann var erlendis til að komast hjá afplánun 30 mánaða fangelsisdóms sem Hæstiréttur Íslands dæmdi í mars 1999. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í Kaupmannahöfn og fluttur til Íslands af starfsmönnum alþjóðadeildar 19. september til afplánunar dómsins.

Þann 3. mars var Íslendingur um fertugt handtekinn í Frakklandi með 50 kg af kannabis í bifreið sinni. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi af dómara í Perpignan 13. júlí. Áætlað er að hann losni úr frönsku fangelsi 4. mars 2002. Samskipti við frönsk yfirvöld vegna þessa máls fóru um alþjóðadeildina.

Í nóvember 1999 komst upp um tilraun til smygls á 30 kg af hassi frá Spáni til Íslands. Málið er unnið í samvinnu yfirvalda á Íslandi og Spáni, og er ódæmt í því á þessu stigi.

Svokallað “Þórskaffismál” var viðamikið í rannsókn á árinu og kom meðal annars til kasta alþjóðadeildar. Hollensk nektardansmær hlaut 42 mánaða fangelsisdóm fyrir smygl á 969 e-töflum til landsins í júlí 1999.

Svokallað “Stóra fíkniefnamál” kom til kasta alþjóðadeildar. Þann 11. september lýsti alþjóðadeildin eftir tveimur höfuðpaurum málsins í gegnum Interpol; starfsmanni Samskipa í Kaupmannahöfn og manni sem var talinn útvega fíkniefnin erlendis. Þeir voru handteknir í Kaupmannahöfn 26. september og sóttir þangað af íslenskum lögreglumönnum þann 28. september. Mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi þar til dómur gekk.

Í nóvember teygði anga sína hingað til lands umfangsmikið fjárkúgunarmál. Í Þýskalandi höfðu óþekktir afbrotamenn undangengna 13 mánuði reynt að kúga mikið fé (jafnvirði yfir 300 milljónir ísl. kr.) út úr Nestlé matvælaframleiðandanum með því að setja viðvörunarmiða á matvörur, meðal annars barnamat. Fullyrt var á þessum miðum að eitur væri í matnum og í sumum tilfellum var búið að setja skordýraeitur í hann. Dagana 11. og 12. nóvember könnuðu fjárkúgararnir í nokkur skipti hvort búið væri að leggja inn á reikning þeirra á Grenada. Þetta könnuðu þeir á Internetinu í gegnum tölvubúnað íslenskrar netþjónustu. Þann 12. nóvember barst formleg aðstoðarbeiðni frá lögreglu í Þýskalandi og sama dag fékk efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans dómsúrskurð frá héraðsdómi Reykjavíkur til að unnt væri að afla upplýsinga um þessar tengingar hjá internetþjónustunni. Alþjóðadeild og rannsóknadeild unnu fljótt og vel að rannsókn málsins, og umbeðnum gögnum var komið í hendur þýskrar lögreglu sem komst á spor brotamannanna. Endi var bundinn á þetta óhugnanlega mál þann 29. desember er lögreglan í München handtók par sem stóð á bak við það.

Europol

Dómsmálaráðuneytið hóf á árinu viðræður og samskipti við Europol, lögreglustofnun Evrópusambandsins. Í september fór íslensk sendinefnd á fund Storbeck, framkvæmdastjóra Europol í Haag, Hollandi. Aðstoðaryfirlögregluþjónn alþjóðadeildar var einn fulltrúa í þeirri sendinefnd. Undirbúningi samstarfs við Europol verður haldið áfram undir forystu dómsmálaráðuneytisins.

Schengen / SIRENE

Áætlað er að Norðurlöndin verði virkir þátttakendur í Schengen-samstarfinu þann 25. mars 2001 og opni þá landamæri sín gagnvart öðrum aðildarlöndum Schengen-samningsins en taki þá um leið upp öfluga vörslu á svokölluðum ytri landamærum. Í alþjóðadeildinni verður starfrækt SIRENE-skrifstofa. Ein slík skrifstofa er í hverju aðildarríki Schengen-samningsins. Þar í gegn fara öll samskipti lögreglu vegna samningsins, svo sem gagnkvæm aðstoð í sakamálum og eftirlýsingar brotamanna, fólks sem saknað er, stolinna muna, falsaðra skilríkja og annað. Lögreglunni í landinu verður tryggður leitaraðgangur að SIS-kerfinu (Schengen Information System) þar sem framantalið verður skráð. Áætlað er að 250 útstöðvar verði í landinu þar sem lögreglan getur leitað í SIS. SIRENE-skrifstofan verður hinsvegar eina stofnunin sem getur fært íslenskar skráningar í SIS og þar munu öll samskipti við lögregluyfirvöld annarra Schengenríkja fara um að því er slík mál varðar.

Mikill tími fór á árinu 1999 í undirbúning vegna þessa málaflokks. Hér heima var unnið að undirbúningi tölvumála, annarsvegar fyrir íslenska hluta SIS-kerfisins og hinsvegar skjalavörslu- og samskiptakerfi fyrir SIRENE-skrifstofuna. Fulltrúar frá Skráningarstofunni unnu að þeim málum með alþjóðadeildinni bæði hér heima og á vinnufundum erlendis, einkum í Brüssel.

Jafnframt var farið að huga að þjálfunarmálum, bæði starfsmanna alþjóðadeildar og annarra lögreglumanna, tollvarða og fleiri aðila á landinu öllu. Það verkefni er undir stjórn Lögregluskóla ríkisins. Undirbúningurinn krafðist einnig fundasóknar erlendis og fóru starfsmenn deildarinnar á 10 slíka fundi á árinu. Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brüssel sótti einnig marga Schengenfundi þar í borg og sendi embættinu skýrslur.

Í desember voru auglýstar tvær stöður lögreglufulltrúa og tvö störf skrifstofumanna. Í ljósi þeirra umsókna sem bárust var ákveðið að skipa fjóra lögreglufulltrúa en fresta ráðningum skrifstofufólks.

Menntun lögreglumanna

Fjárheimildir Lögregluskóla ríkisins 1999

Fjárheimildir skólans fyrir árið 1999 voru verulega auknar frá því sem áður hefur verið og eru nú 86 milljónir króna. Þessi hækkun er einkum til komin vegna þess að frá og með vorönn 1999 eru lögreglunemar á síðari önn starfsmenn skólans en ekki annarra lögregluembætta eins og áður var. Hækkunin stafar því af launakostnaði vegna nema og kostnaði við einkennisfatnað þeirra sem stunda nám á báðum önnum skólans, og þeirra sem eru í starfsþjálfun.

Starfsmenn skólans

Fastir kennarar við skólann eru 5 auk skólastjóra og er það óbreyttur fjöldi frá fyrri árum. Auk þeirra eru tveir starfsmenn við skrifstofu- og ræstingastörf.

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins er samkvæmt lögum skipaður af dómsmálaráðherra til fimm ára í senn. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar, og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum. Yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn skulu einnig starfa við skólann og ráðning þeirra er með sama hætti.

Lögregluskóli ríkisins er starfræktur að Krókhálsi 5a. Á árinu 1999 var bætt við tveimur kennslustofum í húsi 5b.

Helstu nefndir

Skólanefnd er skipuð sex fulltrúum sem tilnefndir eru af ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Félagi íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Lögreglufélagi Reykjavíkur. Auk þeirra sitja skólastjóri og yfirlögregluþjónar skólans fundi nefndarinnar. Skólanefndin hélt alls þrjá fundi á árinu. Nefndin er vettvangur skoðanaskipta um menntun lögreglumanna. Vararíkislögreglustjóri er formaður skólanefndar.

Valnefnd velur nema í skólann og auk þess hefur henni verið falið að velja friðargæsluliða til starfa í fyrrum ríkjum Júgóslavíu. Hélt nefndin alls 9 fundi á árinu. Valnefnd skipa

fimm fulltrúar, tilnefndir af dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins. Sæmundur Hafsteinsson, sálfræðingur, er ráðgjafi nefndarinnar og situr fundi hennar þegar fjallað er um friðargæsluliða. Formaður nefndarinnar er Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn við skólann. Á árinu bárust 88 umsóknir um skólavist, og nefndin fjallaði um og mat umsóknir 12 lögreglumanna um friðargæslustörf í Bosníu eða Kosovo.

Hlutverk Lögregluskóla ríkisins

Samkvæmt 36. gr. lögreglulaganna er hlutverk Lögregluskóla ríkisins eftirfarandi:

1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.
2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

Starfsmenn skólans sitja í nokkrum nefndum sem fulltrúar hans eða ráðuneytisins. Má helstar nefna auk áðurtalinna: Nefnd um Schengenfræðslu; starfsgreinaráð; starfs- og frammistöðumat; laga- og umsagnanefnd ríkislögreglustjóra, nefnd um endurkomu lögreglumanna, nefnd um sérstakar viðurkenningar vegna starfa í lögreglu, nefnd um stefnumörkun og markmiðasetningu lögreglu til næstu fimm ára, yfirumsjón með öndunarsýnamælum, starfshóp um verklagsreglur við eftirför og nefnd um miðlæg, samræmd tölvuforrit lögreglu.

Skólanum var falið að sjá um skipulag og framkvæmd allrar Schengenfræðslu fyrir hönd ráðuneytisins og var Eiríkur Hreinn Helgason, aðstoðaryfirlögregluþjónn, fenginn til þess að hafa yfirumsjón með henni.

Kennsla við skólann

Að venju var kennt á tveimur önnum, fyrri og síðari. Voru tvær bekkjardeildir á hvorri önn með alls 62 nemendum. Einn nemandi stóðst ekki lokapróf fyrri annar og þrír stóðust ekki lokapróf síðari annar. Þeir síðarnefndu settust aftur á seinni önn en sá er féll á fyrri önn hefur ákveðið að fresta námi a.m.k. um eitt ár. Fimm nemendur féllu í einni grein en náðu allir endurtökuprófi.

Útskriftarnemar frá Lögregluskóla ríkisins vorið 1999

Þá komu kennarar skólans að kennslu hjá Landhelgisgæslunni eins og mörg undanfarin ár.

Sama skipulag var á starfsþjálfun og undanfarið. Tilsjónarmenn voru skipaðir fyrir hvern nema, og kennarar fóru tvisvar á árinu til viðtals við þá og nemana.

Námskeið við skólann

Mörg námskeið voru haldin á árinu og fer þeim hratt fjölgandi. Í grunnnámsdeild voru haldin alls 26 námskeið fyrir 257 þátttakendur og í framhaldsdeild alls 15 námskeið með 231 þátttakanda. Þrjátíu og níu kennarar og leiðbeinendur komu að kennslu á þessum námskeiðum.

Nokkur námskeið sem haldin voru í grunnnámsdeild:

- Akstursþjálfun starfsþjálfunarnema
- Námskeið í meðferð Glock 17 skammbyssu
- Skotvopnanámskeið fyrir yfirmenn áhafna Landhelgisgæslunnar
- Afleysinganámskeið
- Afleysinganámskeið haldið á Akureyri
- Radarnámskeið
- Radarnámskeið haldið í Stykkishólmi
- Tölvunámskeið

Helstu námskeið í framhaldsdeild:

- Námskeið í meðferð rauðljósamyndavéla
- Bifhjólanámskeið
- Rannsóknarlögreglumannanámskeið 1
- Símenntunarnámskeið fyrir þá sem hafa verið fimm ár í starfi

Deildir	*Hlutverk*
Öryggismáladeild	Öryggisgæsluverkefni, öryggismál vegna æðstu stjórnar ríkisins og erlendra sendiráða.
Sérsveit lögreglunnar	Yfirstjórn, skipulag og stefnumótun sérsveitar lögreglu og annar vopnaður viðbúnaður lögreglu.
Leitar- og björgunarmáladeild	Hlutverk lögreglu í leit og björgun. Samræming á sviði björgunarmála. Samvinna við aðra aðila á sviði leitar og björgunar.
Umferðarmáladeild	Stefnumörkun og samræming umferðarlöggæslu. Skipulag umferðareftirlits og rekstur sérútbúinna bifreiða.
Áfengiseftirlits- og vopnalagadeild	Leyfisveitingar. Skipulag og samræming eftirlits lögreglu. Skotvopnaskrá.
Tækja- og búnaðardeild	Öryggismál og búnaður lögreglu, ökutæki, fatnaður, fjarskiptamál.
Alþjóðleg lögreglustörf	Lögreglustörf á vegum alþjóðasamtaka (SÞ).

Sérsveitar- og öryggismál

Á árinu var unnið á ýmsan hátt að öryggismálum æðstu stjórnar ríkisins. Auk þess hafði sviðið með höndum undirbúning og skipulagningu af hálfu ríkislögreglustjórans vegna heimsókna erlendra fyrirmenna, með því meðal annars að samræma störf viðkomandi lögregluliða.

Við gildistöku reglugerðar um sérsveit ríkislögreglustjórans þann 1. janúar 1999 fluttist rekstur sérsveitarinnar til embættisins frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Eftir breytinguna eru flestir liðsmenn sveitarinnar þó áfram í daglegum störfum hjá lögreglunni í Reykjavík. Í reglugerðinni kemur fram að sérsveit ríkislögreglustjórans skuli takast á við vopnuð lögreglustörf og öryggismál þegar þörf krefur, hvar sem er á landinu og innan efnahagslögsögu þess. Við störf sín lýtur sérsveitin ávallt yfirstjórn ríkislögreglustjórans vegna vopnaðra lögreglustarfa og öryggismála.

Á árinu tók þjálfun meira en áður mið af því hlutverki að sérsveitin starfi á landsvísu og fóru æfingar að hluta til fram úti á landi í samstarfi við lögregluliðin á hverjum stað. Má þar sérstaklega nefna lögregluna á Akureyri og í Árnessýslu. Á árinu voru haldin fjölmörg námskeið auk einstakra æfinga og æfinga sérhópa. Einnig luku tveir sérsveitarmenn sjúkraflutninganámskeiði Rauða krossins og aðrir tveir luku sprengjueyðingarnámskeiði erlendis.

Verkefni sérsveitarinnar á árinu voru fjölmörg. Óvenjumikið var um opinberar heimsóknir fyrirmenna til landsins en við þessar heimsóknir hefur sérsveitin það hlutverk að annast vopnaða lífvörslu. Heildarfjöldi öryggisgæsluverkefna á árinu var 24. Sérsveitin eða hluti hennar var kölluð út í sjö skipti auk þess sem í 27 tilfellum voru vakthafandi sérsveitarmenn sendir á vettvang þar sem sérþjálfun þeirra og búnaður kom að notum. Þá aðstoðaði sérsveitin Lögregluskóla ríkisins við þjálfun en slík aðstoð hefur verið veitt frá því sérsveitin var stofnuð.

Umfangsmestu viðfangsefni ársins á sviði sérsveitar- og öryggismála voru heimsókn Keizo Obuchi, forsætisráðherra Japans, fundur forsætisráðherra Norðurlandanna og heimsókn Hillary Rodham Clinton, forsetafrúar Bandaríkjanna.

Leitar- og björgunarmál

Á árinu var fram haldið þátttöku í skipulagningu og framkvæmd flugslysaæfinga sem haldnar hafa verið af Flugmálastjórn. Að þessu sinni var haldin slík æfing á Ísafirði í maí og þótti hún að mörgu leyti takast vel. Við skipulagningu aðgerða á vettvangi var notað nýtt vettvangsstjórnarskipulag Almannavarna ríkisins.

Í febrúar lauk störfum starfshópur yfirlögregluþjóna á Suðvesturlandi sem var skipaður af dómsmálaráðuneytinu til að gera tillögur um fjarskiptamál lögreglu og aukið samstarf við Neyðarlínuna. Það varð niðurstaða hópsins að stefna bæri að uppsetningu TETRA fjarskiptakerfis og setja upp eina samræmda fjarskiptamiðstöð fyrir lögregluna. Einnig að með tilkomu TETRA fjarskipta og sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar lögreglu skapist nýir möguleikar í samstarfi lögreglu við aðra viðbragðsaðila, svo sem slökkvilið, björgunarsveitir og fleira. Í ljósi þess lagði hópurinn það einnig til í tillögum sínum að hugað yrði að samvinnu lögreglu við aðra björgunaraðila um samnýtingu stjórnstöðva til þess að koma á einni landsstjórnstöð vegna leitar og björgunar.

Umferðardeild ríkislögreglustjórans

Umferðardeild ríkislögreglustjórans var efld með ráðningu tveggja lögreglumanna þann 1. febrúar 1999. Hlutverk umferðardeildarinnar er að vera öðrum lögregluliðum landsins til aðstoðar í umferðarmálum og að auka samræmingu í vinnubrögðum lögreglu um allt land. Á árinu voru haldnir kynningarfundir meðal fjölda lögregluembætta þar sem starfsemi deildarinnar var kynnt ásamt þeim búnaði sem henni fylgir, svo sem hraðamyndavélar. Þá var tækifærið einnig notað til að fara yfir hvernig haga bæri úrvinnslu myndavélamála í sektakerfi lögreglunnar.

Við skipulagningu hraðaeftirlits hefur verið sérstaklega litið til svokallaðrar “svartblettaskráningar“ sem unnin hefur verið í samvinnu lögreglu, Vegagerðarinnar og Umferðarráðs. Hefur hraðaeftirlitinu þannig verið beint sérstaklega að slysaköflum á vegunum. Oft var verkum skipt þannig að einn lögreglumaður umferðardeildar fór í eftirlit á ómerktri bifreið búinni hraðamyndavél á meðan annar fór með heimamanni í almennt umferðar- og radareftirlit á merktri lögreglubifreið. Lögreglumaður úr viðkomandi héraði fór með til kynningar í ómerktu bifreiðinni, ef þess var kostur.

Talsvert var unnið að hraðamælingum í samvinnu við lögregluliðin í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Þá voru farnar dagsferðir um Suðvesturhorn landsins, það er Suðurnesin, upp í Borgarfjörð, Hellisheiðina að Selfossi og allt austur í Rangárvallasýslu. En með vorinu var farið í lengri ferðir og byrjað á Norðurlandi. Starfsmenn umferðardeildarinnar tóku þátt í árlegum samstarfsfundi allra lögreglustjóra, yfirlögregluþjóna og helstu stjórnenda lögreglu á Norðurlandi sem haldinn var á Akureyri. Fundurinn reyndist mjög gagnlegur og var kjörið tækifæri til að kynna starfsemi umferðardeildarinnar.

Um verslunarmannahelgina var umferðardeildin efld tímabundið með sex lögreglumönnum. Þeir komu frá embættum lögreglustjóranna í Reykjavík, Kópavogi og Keflavík, auk Lögregluskóla ríkisins. Einnig voru þrjár merktar eftirlitsbifreiðar fengnar að láni frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Þessu til viðbótar jók lögregla í hverju umdæmi eftirlit á þjóðvegum. Mikil umferð var á þjóðvegunum og þá sérstaklega á leiðinni milli

höfuðborgarsvæðisins og Norðurlands. Þrátt fyrir mikla umferð er ekki vitað um nein alvarleg umferðarslys um verslunarmannahelgina.

Um miðjan nóvember á hverju ári eykst eftirlit lögreglu með ölvunarakstri. Óskað var eftir umferðardeildinni til starfa með embætti lögreglustjórans í Reykjavík og var haldið uppi eftirliti hvern dag til jóla, sérstaklega í hádeginu. Í átakinu voru notaðar merktar og ómerktar lögreglubifreiðar sem skiptu með sér svæðum.

Í lok ársins voru báðar myndavélabifreiðarnar endurnýjaðar. Nýju bifreiðarnar eru ómerktar en búnar forgangsljósum, sírenu og radar auk myndavélabúnaðarins.

Málafjöldi umferðardeildar á árinu 1999 er 2.500.

Verklagsreglur um eftirfarir lögreglu og stöðvun ökutækja

Í byrjun ársins skilaði starfshópur ríkislögreglustjórans, sem settur var á stofn í maí 1998, skýrslu með tillögum að samræmdum reglum um eftirfarir lögreglu og stöðvun ökutækja. Jafnframt lagði hópurinn fram endurskoðun á reglum um neyðarakstur en hvort tveggja var sent dómsmálaráðuneytinu til skoðunar. Með bréfi 22. júní 1999 lagði ráðuneytið fyrir ríkislögreglustjórann að setja reglur á grundvelli tillagna hópsins um eftirfarir og stöðvun. Leitað var álits ríkissaksóknara á tillögunum. Að teknu tilliti til þess mun ríkislögreglustjórinn gefa reglurnar út en samvinna verður höfð við Lögregluskóla ríkisins um að annast kynningu á þeim meðal lögreglumanna. Reglurnar verða síðan teknar inn í námsefni skólans.

Umferðarskipulag vegna kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000

Forsætisráðherra skipaði ríkislögreglustjóra formann umferðarnefndar árið 1998, vegna kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var skipaður Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn. Tvær undirnefndir umferðarnefndar voru að störfum á árinu og sat Jón Bjartmarz í þeim báðum. Allar héldu nefndirnar fjölda funda og fóru í vettvangskannanir. Verkefni umferðarnefndar var að gera tillögur að umferðarskipulagi hátíðardagana og ákveða nauðsynlegar framkvæmdir er að því lúta.

Áfengis- og vopnalagadeild

Deildin annast leyfaveitingar og aðra starfsemi sem lýtur að hlutverki ríkislögreglustjórans samkvæmt áfengislögum og vopnalögum. Yfirlit um leyfaveitingar 1999 er eftirfarandi:

Áfengislög

Samtals fengu 85 fyrirtæki leyfi til að framleiða, flytja inn og versla með áfengi í heildsölu, sem skiptast þannig:

Framleiðsluleyfi	4 fyrirtæki
Innflutningsleyfi (tengd leyfum til áfengisveitinga)	10 fyrirtæki
Áfengisheildsöluleyfi	71 fyrirtæki

Samtals hættu 8 fyrirtæki heildsölu áfengis á árinu.

Vopnalög

Á grundvelli vopnalaga hafa verið gefin út eftirfarandi leyfi og heimildir til leyfaveitinga á árinu 1999:

Starfsleyfi til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	10
Starfsleyfi til að flytja inn og versla með skotelda	12
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni	2
Starfsleyfi fyrir sprengiefnainnflutningi	2
Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	128
Alþjóðleg innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til eigin nota	146
Alþjóðleg innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu	87
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið	64
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega	8
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga tímabundið	7
Heimildir til að gefa leyfi fyrir skammbyssum v/íþróttaskotfimi	38
Heimildir til að gefa leyfi fyrir skammbyssum v/atvinnu	7
Heimildir til að gefa leyfi fyrir skammbyssum o.fl. v/skotvopnasafna	7
Heimildir til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	6
Útgefin leyfi og heimildir til leyfaveitinga samtals	**524**

Umsóknum um innflutning eða að eignast skotvopn synjað	11
Stjórnsýslukærur v/synjana	4

Samantekt upplýsinga um skoteldamál
Samkvæmt vopnalögum nr. 16/1998 má enginn flytja inn skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjórans og samkvæmt reglugerð um sölu og meðferð skotelda má ekki tollafgreiða skotelda nema vörureikningur hafi verið áritaður af lögreglustjóranum í Reykjavík. Þegar leitað er eftir áritun vörureikninga er gengið úr skugga um að starfsleyfi ríkislögreglustjórans liggi fyrir. Slík leyfi eru gefin fyrirtækjum og félagasamtökum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, meðal annars eftir að úttekt hefur farið fram á birgðastöð og ábyrgðarmaður tilgreindur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, sem annast gerðarviðurkenningu á innfluttum skoteldum, heldur árlega fund með innflutningsaðilum þar sem farið er yfir hvaða skotelda skuli leyfa og er þá tekið mið af reynslu fyrri ára. Ef fyrirhugað er að flytja inn nýjar tegundir eru þær prófaðar áður en innflutningur er leyfður. Tekin eru sýnishorn úr vörugámum og kannað hvort vörurnar eru í samræmi við vörureikninga. Þá hafa lögreglumenn farið á milli sölustaða og kannað varninginn. Ágætis samstarf hefur verið með lögreglu og tollgæslu, og til stendur að fá menn frá tollgæslunni til að sitja hina árlegu fundi.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, veita leyfi til smásölu skotelda og hafa um það gott samstarf við eldvarnaeftirlit og slökkviliðsstjóra. Þeir sem fá leyfi til smásölu mega ekki selja vörur frá öðrum en þeim sem hafa starfsleyfi ríkislögreglustjórans til að framleiða eða flytja inn skotelda til heildsölu. Auk 12 innflytjenda og eins framleiðanda veittu lögreglustjórar 114 félagasamtökum og fyrirtækjum leyfi til smásölu skotelda árið 1999.

Heildarmagn innfluttra skotelda:

1995	146.904	kg.
1996	183.008	-
1997	215.812	-
1998	278.323	-
1999	552.169	-

Framleiðsla skotelda innanlands:

1995	78.692	stk.
1996	77.620	-
1997	92.420	-
1998	92.040	-
1999	123.605	-

Síðari hluta árs 1999 var hafin endurskoðun á reglugerð um sölu og meðferð skotelda. Sú reglugerð er eldri en vopnalögin og ekki að öllu leyti í samræmi við þau. Í dómum hefur líka komið í ljós að ýmsar vinnureglur um skotelda hafa ekki lagastoð og ætlunin er að samræma þær og koma fyrir í nýrri reglugerð um skotelda. Við þessa endurskoðun hefur verið tekið mið af bæði alþjóðlegum og ýmsum innlendum reglum.

Endurskoðun á reglugerðinni er stýrt af fulltrúa dómsmálaráðuneytisins sem hefur haft tvo starfsmenn ríkislögreglustjórans og einn frá lögreglustjóranum í Reykjavík sér til fulltingis. Útlit er fyrir að ný reglugerð verði talsverð að vöxtum, en ekki tókst að ljúka vinnu við hana fyrir áramót.

Nýjar leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar fyrir bálkesti og brennur litu dagsins ljós á árinu 1999 að frumkvæði ríkislögreglustjórans. Áður var afar mismunandi hvernig að þeim málum var staðið eftir umdæmum lögreglu og sveitarfélaga. Nú hafa verið sendar út til allra lögreglustjóra, heilbrigðisnefnda og slökkviliðsstjóra samræmdar leiðbeiningar sem voru unnar og undirritaðar af fulltrúum ríkislögreglustjórans, Hollustuverndar ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins.

Á árinu var vinnu haldið áfram við landskrá skotvopna. Við prófanir komu í ljós gallar í tölvukerfi auk annars sem betur mátti fara. Starfsmenn Kögunar, ríkislögreglustjórans og tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins hafa komið að þessari vinnu, en henni var ekki lokið fyrir áramót.

Frá því að ríkislögreglustjórinn tók við umsjón vopnamála í umboði dómsmálaráðuneytisins hefur embættið tekið þátt í norrænu samstarfi varðandi þau mál. Það kom í hlut Íslands að skipuleggja og halda samnorræna vopnaráðstefnu þetta árið og var hún haldin í Reykjavík dagana 25. og 26. nóvember. Ráðstefnuna sóttu þrír fulltrúar frá ríkislögreglustjóranum, þrír frá Finnlandi og Svíþjóð, og tveir frá Noregi og Danmörku. Þetta voru starfsmenn dómsmálaráðuneyta og ríkislögreglustjóra landanna, sem meðal annars hafa það hlutverk að samræma lög og reglur um vopnamál ásamt því að annast leyfaveitingar. Ráðstefnan þótti takast mjög vel og gestir hennar sammála um að halda samstarfinu áfram, enda mikilvægt að svipaðar reglur og vinnubrögð verði viðhöfð í öllum löndunum. Skipst er á upplýsingum um gang mála í hverju landi fyrir sig og ljóst að við getum mikið lært hver af öðrum.

Tækja- og búnaðardeild

Ökutæki lögreglunnar

Árið 1999 endurnýjaði ríkislögreglustjórinn 28 lögregluökutæki. Af þeim voru 9 jeppar af gerðinni Isuzu Trooper, 16 Subaru Legacy, 2 Opel Vectra og einn Ford Focus.

Lögð er áhersla á reglubundna endurnýjun bílaflota lögreglunnar. Á myndinni eru öflugir og vel búnir jeppar af Isuzu gerð.

Um áramótin 1999 / 2000 verður sameining allrar umsýslu lögreglubifreiða. Sett verður á laggirnar þjónustumiðstöð fyrir ökutæki lögreglunnar í Borgartúni 5 þar sem ríkislögreglustjórinn hefur leigt húsnæði af Vegagerðinni. Þar verður meðal annars komið upp sjálfvirkri þvottastöð fyrir bifreiðarnar. Um leið verður verkstæði lögreglunnar í Reykjavík lagt niður. Markmið þessa nýja rekstrarfyrirkomulags er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til ökutækjakaupa og að lögreglubifreiðar verði ávallt í fullkomnu ástandi til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem þær eru ætlaðar í. Ráðgert er að endurnýjun fari fram á fimm ára fresti. Jafnframt verður lögð rík áhersla á að meðferð og umgengni um ökutæki lögreglunnar verði með viðunandi hætti.

Breyting verður gerð á númerakerfi ökutækjanna sem sérstaklega stafar af bókhaldslegum ástæðum. Þannig hefur verið að hvert ökutæki hefur haft umdæmisnúmer ásamt þriggja stafa raðnúmeri þar sem númeraröð á við hvert umdæmi. Nýja fyrirkomulagið gerir áfram ráð fyrir umdæmisnúmerum en á eftir þeim verður þriggja stafa fast númer sem einnig verður kallnúmer og helst á ökutækinu meðan það þjónar lögreglunni. Ef ökutæki færast milli umdæma breytist því aðeins umdæmisnúmerið.

Á árinu 2000 er stefnt að endurnýjun um 40 ökutækja. Þar af munu 26 fara til lögreglustjórans í Reykjavík en önnur vítt og breitt um landið. Ætlunin er að á árinu 2002 verði lokið við endurnýjun allra ökutækja lögreglunnar á grundvelli þeirra markmiða sem sett hafa verið fram með hinu nýja skipulagi.

Einkennisfatnaður

Í lok ársins var framlengdur samningur við seljendur einkennisfatnaðar um eitt ár en heimilt er að framlengja samninginn frá 1998 tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Samstarf við framleiðendur og seljendur einkennisfatnaðar hefur þróast til betri vegar frá ársbyrjun 1998 en ljóst er að við núverandi fyrirkomulag er erfitt að setja kröfu um að seljendur hafi ávallt á lager allan einkennisfatnað lögreglunnar, eins og vera þarf. Dæmi liðinna ára sýna að framleiðsla einkennisfatnaðar á lager getur leitt til þess að seljandi sitji uppi með miklar birgðir þegar samningur rennur út og ríkið hefur staðið frammi fyrir því að verða að leysa slíkar birgðir til sín.

Með breytingum á fatareglugerðinni liggur fyrir sú stefna ríkislögreglustjórans að lögreglan starfi nær undantekningalaust einkennisbúin og frávik þeirrar stefnu skuli túlka þröngt.

Stefnt er að endurskoðun alls ferils varðandi einkennisfatnaðinn og munu hagsmunasamtök lögreglumanna eiga þar fulltrúa enda mikilvægt að skoða reynsluna af

þeim nýja fatnaði sem leit dagsins ljós árið 1997. Ekkert sérstakt hefur komið fram sem krefst stórvægilegra breytinga á einkennisfatnaðinum en rætt hefur verið um að hafa flíspeysuna úr vind- og vatnsheldu efni þannig að hún komi beinlínis í stað jakka 2. Nú liggur ljóst fyrir að einkennisfatnaður lögreglunnar skal henta báðum kynjum og var löngu tímabært að koma málum í það horf.

Ríkislögreglustjórinn annast nú alla útvegun lögreglubúnaðar til lögregluembættanna. Jafnframt annast embættið endurnýjun þess búnaðar sem hefur takmarkaðan notkunartíma eða endurnýja þarf af öðrum ástæðum með skipulegum hætti.

Öndunarsýni

Í maímánuði 1998 hófst hér á landi taka öndunarsýna sem sönnunargagna í ölvunarakstursmálum. Þá höfðu verið keypt tvö mælitæki og ákveðið að hafa annað á lögreglustöðinni í Reykjavík en hitt í sérbúinni bifreið sem færi um landið í samstarfi við lögreglustjórana. Jafnframt hafði Alþingi breytt umferðarlögum á þann veg að öndunarsýni var jafnsett blóðsýni við sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum í samræmi við ákvæði í XI. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Ríkislögreglustjórinn gaf út fyrirmæli um töku öndunarsýna og lögreglumenn hlutu þjálfun í sýnatöku og meðferð mælitækjanna. Ákveðið var að hafa hér á landi sama fyrirkomulag sýnatökunnar og í Noregi, enda mælitækin hér samskonar og þar eru notuð. Sýnatökur og notkun mælitækjanna gekk almennt áfallalaust en sama verður ekki sagt um framgang ölvunarakstursmála fyrir dómstólum þar sem beitt var öndunarsýni við sönnunarfærslu.

Í framhaldi af dómi Hæstaréttar í ölvunarakstursmáli gaf ríkissaksóknari þann 19. mars út fyrirmæli um að hlé yrði gert á öflun sönnunargagna í ölvunarakstursmálum með öndunarsýnum þar til tilteknar ráðstafanir og athuganir á gildi mæliaðferðarinnar hefðu farið fram. Unnið var að framgangi málsins frá þeim tíma, meðal annars með endurskoðun á reglum um töku öndunarsýna. Þann 22. október heimilaði ríkissaksóknari á ný töku öndunarsýna til sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum.

Enn stendur yfir markviss endurskoðun alls fyrirkomulags öndunarsýnatöku. Gert er ráð fyrir að hefja töku öndunarsýna svo fljótt sem kostur er og þess er vænst að þau nýtist við alla sönnunarfærslu um ölvunarástand einstaklinga í opinberum málum. Jafnframt er gert ráð fyrir að á árinu 2000 verði öndunarsýnamælum fjölgað hér á landi.

Fjarskiptamál

Dómsmálaráðuneytið fól ríkislögreglustjóranum í lok árs 1997 athugun á því að lögreglan tæki upp samræmt fjarskiptakerfi í samvinnu við aðra hagsmunaaðila. Starfshópur ríkislögreglustjórans, sem settur var upp í ágúst 1998, skilaði skýrslu um verkefnið 10. febrúar 1999. Meginniðurstaða hópsins var sú að leggja til að tekið yrði upp svokallað TETRA (Terrestrial Trunked Radio) fjarskiptakerfi. Fyrst í stað þjóni kerfið svæðinu frá Akranesi í vestri að Hvolsvelli í austri. Sérstök áhersla var lögð á fjarskipti vegna kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000 og mikilvægi samræmdra fjarskipta á þeim tíma. Jafnframt lagði hópurinn til að komið yrði á laggirnar stjórnstöð lögreglu í tengslum við Neyðarlínuna 112.

Unnið var áfram á grundvelli skýrslunnar og í júní gerðu Ríkiskaup útboð fyrir lögregluna og slökkviliðið í Reykjavík, þar sem leitað var tilboða frá aðilum sem reiðubúnir væru að fjármagna uppbyggingu og rekstur fjarskiptakerfis sem byggt væri á TETRA staðlinum og selja þjónustu sína til ríkislögreglustjórans, lögregluembættanna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og Selfossi, auk slökkviliðsins í Reykjavík. Jafnframt auglýstu Ríkiskaup útboð fyrir hönd ríkislögreglustjórans í ágústmánuði, þar sem óskað var tilboða, annarsvegar í kaup og hinsvegar í rekstrarleigu á bíla- og handtalstöðvum sem byggðu á TETRA staðlinum.

Þrjú tilboð bárust í fyrra útboðinu. Það lægsta hljóðaði upp á 36 milljónir króna fyrir þjónustu við 1000 notendur á ári en hæsta upp á ríflega 112 milljónir króna fyrir þjónustu við 600 notendur á ári. Auk þess voru afar mismunandi kostir í boði í tilboðunum. Þá bárust allmörg tilboð í síðari hluta útboðsins en umfangsmikil vinna liggur í samanburði tilboðanna og mörg sjónarmið sem þar þarf að taka tillit til.

Í nóvembermánuði ritaði dómsmálaráðuneytið ríkislögreglustjóranum bréf með þeim tilmælum að hann hlutaðist til um að hefja markvisst samstarf meðal lögreglustjóranna á útbreiðslusvæði TETRA. Jafnframt að hann gerði samkomulag milli lögreglustjóranna um rekstur sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar og hlutdeildar embættanna í kostnaðarskiptingu við rekstur TETRA kerfisins. Með þessum hætti steig dómsmála-ráðuneytið mikilvægt framfararspor í þágu löggæslunnar sem beðið hefur verið eftir árum saman. Ákveðið var að frá áramótum 1999/2000 verði Þröstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn á Selfossi, verkefnisstjóri þessa fjarskiptaverkefnis í samstarfi við Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjón hjá ríkislögreglustjóranum.

Alþjóðleg lögreglustörf - Yfirlit um friðargæslumálefni 1999

Árið 1997 ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þátt í að treysta fjölþjóðlegt samstarf um uppbyggingu lögreglunnar í Bosníu og Herzegóvínu. Er það liður í friðarferlinu þar og byggir á friðarsamningi sem jafnan er kenndur við Dayton. Að jafnaði eru þrír íslenskir lögreglumenn við störf í Bosníu/Herzegóvínu í hinni alþjóðlegu lögreglusveit Sameinuðu þjóðanna, IPTF (International Police Task Force). Fyrstu íslensku lögreglumennirnir fóru til Bosníu/Herzegóvínu í október 1997. Í byrjun var starfstíminn 6 mánuðir en er nú 9 mánuðir.

Sumarið 1999 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að taka einnig þátt í friðarferlinu í Kosovo með því meðal annars að senda tvo lögreglumenn til starfa í hinni alþjóðlegu lögreglusveit Sameinuðu þjóðanna, UNIP (United Nations International Police). Fyrstu lögreglumennirnir fóru þangað þann 11. október 1999. Starfstíminn í Kosovo er 6 mánuðir.

Sá munur er á störfum lögreglumannanna í Kosovo annarsvegar og Bosníu/Herzegóvínu hinsvegar að í Kosovo eru þeir vopnaðir og hafa óskorað lögregluvald en í Bosníu/Herzegóvínu hafa lögreglumennirnir ekki umboð til valdbeitingar. Þar felst starfið í eftirliti, leiðsögn og ráðgjöf við uppbyggingu staðarlögreglunnar, kennslu, þjálfun og stjórnunarstörfum. Lögreglumenn, sem sendir verða til starfa í UNIP í Kosovo, verða að hafa lokið fullnægjandi þjálfun í vopnaburði að mati ríkislögreglustjórans.

Af hálfu Sameinuðu þjóðanna er mikil áhersla lögð á þátttöku kvenna í friðargæslustörfum en þær eru í miklum minnihluta í IPTF og UNIP. Af þessum sökum

voru konur, sem uppfylltu hæfiskröfur, sérstaklega hvattar til að sækja um störf við friðargæsluna.

Væntanlegir friðargæsluliðar þurfa að vera starfandi lögreglumenn með fullra 8 ára starfsaldur í lögreglu, með gild ökuréttindi og heilbrigðir á sál og líkama. Fagleg sérþekking, til að mynda tölvukunnátta, reynsla af þjálfun, kennslu eða rannsóknum brotamála, er kostur. Öll samskipti á starfsvæðinu í Bosníu/Herzegóvínu og Kosovo fara fram á ensku, og því er krafist reiprennandi enskukunnáttu. Vegna hins nána samstarfs við Dani í Bosníu/Herzegóvínu og Kosovo, er dönskukunnátta æskileg, en Íslendingar starfa þar innan vébanda dönsku lögreglusveitanna. Lögreglumennirnir þurfa að standast skriflegt og munnlegt próf í ensku, og þrekpróf. Að því loknu mæta þeir í viðtal hjá valnefnd Lögregluskóla ríkisins, sem hefur sálfræðing til aðstoðar við valið. Byggt er á mati valnefndarinnar um það hverjir teljast hæfir til þátttöku. Loks taka lögreglumennirnir þátt í undirbúningsnámskeiði í Danmörku og þar fer jafnframt fram ítarleg læknisskoðun að kröfu og eftir stöðlum Sameinuðu þjóðanna.

Við störf sín ytra klæðast lögreglumennirnir íslenskum einkennisfötum sem eru sérmerkt Sameinuðu þjóðunum. Lögreglumenn, sem áður hafa starfað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna við friðargæslustörf, geta ekki vænst þess að umsóknir þeirra verði teknar gildar fyrr en minnst tveimur árum eftir heimkomu.

Í nóvember fór Björn Halldórsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, í heimsókn til lögreglumannanna í Bosníu/Herzegóvínu og Kosovo, og hitti meðal annars yfirmenn þeirra. Björn er tengiliður ríkislögreglustjórans við friðargæsluliða og fjölskyldur þeirra.

Óhætt er að segja að reynslan af starfi íslenskra lögreglumanna við friðargæslu á Balkanskaga sé framúrskarandi, og hafa þeir átt greiðan aðgang að vandasömum og ábyrgðarmiklum störfum. Umsagnir eru mjög á þann veg að þeir séu í fremstu röð og njóti virðingar fyrir framgöngu jafnt í starfi sem utan þess.

SVIÐ 3

Deildir	*Hlutverk*
Starfsmannadeild	Starfsmannamál lögreglu.
Tölvudeild	Notendaþjónusta tölvubúnaðar, stefnumarkandi ákvörðun um landskerfi og aðgangsstýringu.
Forvarnir	Stefnumörkun og samræming forvarnastarfs lögreglu, samstarf við aðra um forvarnir.
Lögreglustöðvar	Stefnumörkun um skipulag lögreglustöðva og búnað þeirra, eftirlit með lögreglustöðvum.

Starfsmannadeild

Það sem hæst bar í þessum málaflokki á árinu 1999 var mikill skortur á menntuðum lögreglumönnum til starfa. Vegna þessa hefur þurft að grípa til ráðninga á afleysingamönnum, sem ekki hafa próf frá Lögregluskóla ríkisins. Vonast er til að úr þessu rætist síðla árs 2000 í tengslum við breytingar sem gerðar hafa verið á tilhögun náms í lögregluskólanum.

Tölvudeild

Auk þess að hafa umsjón með svonefndum landskerfum lögreglu, sem eru á víðneti dómsmálaráðuneytisins, rekur deildin netkerfi embættisins. Hlutverk tölvudeildar ríkislögreglustjórans er að halda utan um tölvukerfin, þróun hugbúnaðar, eftirlit með gagnagrunnum og aðstoð við notendur.

Landskerfin eru dagbók lögreglu (sem er eina kerfið sem ekki er byggt á miðlægum gagnagrunni), skýrslugerð lögreglu, málaskrá lögreglu, persónuupplýsingakerfi sem hefur að geyma myndir og upplýsingar um brotamenn, og ökuskírteinaskrá. Auk þess er um að ræða þjóðskrárkerfi, sem flettir upp í afriti af gögnum frá Hagstofu Íslands, og bifreiðaskrá sem flettir upp í afriti af gögnum frá Skráningarstofu.

Tölvudeild rekur meðal annars umfangsmikil landskerfi.

Á árinu 1999 var tekið í notkun handtökukerfi og persónuupplýsingakerfi auk þess sem deildin kom að gerð vegabréfaskrár sem tekin var í notkun og er nú í umsjón Útlendingaeftirlits-ins. Leyfaforrit var tekið í notkun í tilraunaskyni og gerð skotvopnaskrár boðin út. Fyrsti áfanginn var tekinn í notkun þann 15. desember 1999.

Helsta viðfangsefni tölvudeildar á árinu var, auk landskerfanna, gerð sameiginlegrar vefsíðu á Internetinu fyrir öll lögreglulið í landinu. Vefurinn, sem almennt er nefndur lögregluvefurinn, er á slóðinni www.logreglan.is. Hann var opnaður formlega þann 13. október 1999. Samhliða þessu hefur tölvudeildin sett upp og rekið sérstakt innranet ríkislögreglustjórans, sem öll lögregluembætti hafa aðgang að. Á innranetinu er hægt að nálgast öll umburðarbréf, fyrirmæli og þess háttar sem embættið gefur út ásamt ýmsu fleiru. Innranetsvefurinn var opnaður í júnímánuði 1999. Til viðbótar þessu hefur talsverð vinna farið í ýmsar endurbætur á netkerfi embættisins sem er orðið úrelt. Þegar þetta er ritað er ljóst að embættið mun flytja í nýtt húsnæði á árinu 2000 og samhliða því mun netkerfið verða endurnýjað.

Umferðarráð og Vegagerðin fá allar skráðar upplýsingar lögreglunnar vélrænt úr gagnagrunnum hennar í kjölfar vinnu að samræmdri slysaskráningu, sem tölvudeildin vann að af hálfu lögreglunnar.

Sektakerfið

Rekstur sektakerfis lögreglunnar gekk vonum framar á árinu. Umtalsverð fjölgun sektargerða varð hjá velflestum embættum landsins frá árinu 1998, en fækkun varð á sektum hjá þremur embættum. Heildarfjölgun sekta vegna umferðarlagabrota varð 6,4% á landsvísu.



Heildarfjöldi umferðarsekta árið 1998 var 41.733 og fjölgaði á árinu 1999 í 44.421, eða um 2.688 sektir. Hér er átt við þau brot sem afgreidd voru með sektargerð en ekki þau sem fóru í ákæru.

Innheimta sekta dróst lítillega saman á landsvísu frá árinu 1998, eða um 3,1%.

Umferðarpunktar eru viðurlög, sem beitt er við umferðarlagabrotum. Á árinu 1999 fengu alls 11.027 einstaklingar umferðarpunkta, sem verður að teljast þó nokkuð mikið. Þá voru alls 48 einstaklingar sviptir ökuréttindum vegna umferðarpunkta, þar af tvær konur. Langflestir þeirra sem sviptir voru ökuréttindum vegna umferðarpunkta voru á aldrinum



17 til 20 ára, eða 30 talsins. Athygli vekur að einungis 4 ökumenn eldri en 25 ára voru sviptir ökuréttindum vegna umferðarpunkta. Þáttur kvenna í viðurlögum vegna umferðarlagabrota er athyglisverður, en konur eru einungis 21% þeirra sem fengu umferðarpunkta á árinu 1999 og 4% þeirra sem sviptir voru ökuréttindum af þeim sökum.

Hvað einstök brot varðar, þá fjölgaði skráðum brotum á reglum um hámarks ásþunga bifreiða talsvert, eða ríflega tvöfalt. Þá varð nær tvöföldun á skráðum brotum vegna vanrækslu á að færa bifreiðar til skoðunar. Skráðum tilvikum vegna of hraðs aksturs fjölgaði um 6% milli áranna 1998 og 1999 og eru ríflegur þriðjungur allra skráðra umferðarlagabrota.

Handtökukerfið

Handtökukerfi var tekið í notkun snemma árs 1999 eftir hugmynda- og þróunarvinnu frá haustinu 1997. Tilgangur þess er að halda utan um allar handtökur manna á landsvísu, vistun þeirra hjá lögreglu og skráningu allra þeirra atriða sem reglugerð um meðferð handtekinna manna kveður á um. Safna þurfti í því skyni saman teikningum af öllum fangageymslum lögreglunnar alls staðar af á landinu, því í kerfinu er hægt að sjá myndrænt yfirlit yfir fangageymslurnar í hverju embætti, svo sem fyrirkomulag þeirra, staðsetningu, ástand og hvort þær eru uppteknar eða ekki. Þar eru nú skráðir allir þeir sem lögreglan handtekur og færir á lögreglustöð. Séu þeir vistaðir er allt skráð niður sem fyrir þá er gert meðan á handtöku stendur og hvenær þeir eru látnir lausir. Út úr kerfinu er síðan prentuð vistunarskýrsla vegna handtökunnar.

Fræðslu- og vinnuferðir

Starfsmenn tölvudeildar fóru í skipulagðar heimsóknir til flestra embætta á árinu. Þeir ræddu við starfsmenn embættanna og aðstoðuðu og leiðbeindu eftir þörfum. Þessari þjónustu mun verða haldið áfram.

Árni Albertsson fór ásamt fleiri aðilum til Englands og Írlands í tengslum við gerð fíkniefnaskrár. Árni fór einnig ásamt starfsmönnum Skráningarstofu sem rekur tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins, á fund tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndum sem haldinn var í Gautaborg. Starfsmenn sviðsins sóttu tölvuráðstefnu lögreglu í Evrópu, sem haldin var í Madrid.

Forvarnir

Fyrst og fremst hefur verið um að ræða stefnumörkun og samræmingu á forvarnarstarfi lögreglu, auk samstarfs við aðra aðila á sviði forvarna. Mjög góð samvinna hefur verið við forvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík í þessum málaflokki og voru helstu samstarfsverkefnin á árinu 1999 dreifing á segulmottum og auglýsingar um útivistartíma barna, fræðsluefni í tengslum við forvarnir á lögregluvefnum, þátttaka í störfum starfshóps sem tók fyrir verkefnið “Flugeldar um áramót” og þátttaka í verkefninu “Crime-On-Line” sem kostað er af Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Í tengslum við þetta sótti Jónmundur Kjartansson fund Forvarnarráða á Norðurlöndum sem haldinn var í Kaupmannahöfn ásamt Karli Steinari Valssyni, aðstoðaryfirlögregluþjóni í Reykjavík.

Lögreglustöðvar

Hér er fyrst og fremst um að ræða stefnumörkun um skipulag lögreglustöðva og búnað þeirra. Stefnt er að því að heimsækja embættin reglulega í þeim tilgangi að ræða ýmis löggæslumálefni og treysta þannig samskiptin milli embættanna og ríkislögreglustjórans. Á árinu 1999 veitti embættið ráðgjöf vegna byggingar nýrrar lögreglustöðvar á Hólmavík og breytinga á lögreglustöðinni á Blönduósi. Auk þess var gerð úttekt á löggæsluþætti embættanna á Eskifirði og í Neskaupstað vegna sameiningar embættanna í lok ársins.

Stöðuheimildir lögreglumanna*

Lögregluembætti	***1999***	*1998*	*1997*	*1996*	*1995*	*1990*	*1985*
Akranes	**11**	11	11	11	11	11	12
Akureyri	**31**	31	30	30	31	31	33
Blönduós	**6**	5	5	5	5	5	4
Bolungarvík	**2**	2	2	2	2	2	3
Borgarnes	**7**	6	6	6	6	6	5
Búðardalur	**1**	1	1	1	1	1	1
Eskifjörður	**6**	6	5	5	5	7	6
Hafnarfjörður	**38**	38	40	37	39	39	41
Hólmavík	**2**	1	1	1	1	1	1
Húsavík	**9**	9	9	9	9	9	9
Hvolsvöllur	**4**	4	4	4	4	4	5
Höfn	**3**	3	3	3	3	3	4
Ísafjörður	**13**	13	12	12	12	12	14
Keflavík	**38**	34	39	37	39	38	33
Keflavíkurflugvöllur	**34**	38	37	39	33	34	38
Kópavogur	**25**	25	24	24	24	24	23
Lögregluskóli ríkisins	**5**	4	4	4	4	6	1
Neskaupstaður	**2**	2	2	2	2	2	2
Ólafsfjörður	**2**	2	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	**4**	4	4	4	4	4	4
Rannsóknarlögregla ríkisins		0	44	44	41	41	36
Reykjavík	**297**	289	261	261	261	264	237
Ríkislögreglustjórinn	**31**	28					
Sauðárkrókur	**8**	8	7	7	7	7	8
Selfoss	**26**	26	26	26	24	22	22
Seyðisfjörður	**6**	6	5	5	5	3	3
Siglufjörður	**4**	4	4	4	4	6	6
Stykkishólmur	**9**	9	9	9	9	9	9
Vestmannaeyjar	**11**	11	11	11	11	11	13
Vík	**2**	2	2	2	1	1	1
Samtals öll embætti	**637**	622	610	607	600	605	576

*Eftirfarandi leiðréttingar hafa verið gerðar á töflunni frá síðustu ársskýrslu. **Patreksfjörður**: Árið 1985 voru skráðir 5 lögreglumenn en eiga að vera 4. **Borgarnes**: Frá 1990 voru skráðir 7 lögreglumenn en eiga að vera 6. Frá 1999 eru þeir 7.

SVIÐ 4

Deildir	*Hlutverk*
Rannsóknadeild	Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum, aðstoð við lögreglustjóra vegna rannsókna, önnur verkefni samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.
Tæknirannsóknastofa	Tæknilegar rannsóknir, aðstoð við vettvangsrannsóknir, samanburðarrannsóknir, fingrafara- og ljósmyndasafn, umsjón með eyðingu fíkniefna, ráðgjöf og leiðsögn.
ID-nefnd	Rannsóknanefnd til að bera kennsl á látna menn.
Upplýsingadeild	Söfnun, skráning og úrvinnsla upplýsinga, fíkniefnastofa.
Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum	Skipulag og samræming vegabréfaeftirlits.
Handbækur / ársskýrsla / tölfræði	Útgáfa lögregluhandbóka og ársskýrslu ríkislögreglustjórans, tölfræðiupplýsingar.

Viðfangefni sviðs 4 eru margskonar og berast þau ýmist formlega eða óformlega, jafnframt því sem til þeirra stofnast fyrir frumkvæði starfsmanna. Heildarfjöldi skráðra viðfangsefna árið 1999 voru 653. Af umfangsmiklum viðfangsefnum má nefna rannsóknastörf ID-nefndarinnar í Kosovo, undirbúning og tillögur vegna Schengenaðildar, úttektir og samantektir ýmiskonar, undirbúning að gerð ársskýrslu ríkislögreglustjórans fyrir árin 1997 og 1998, gerð lögregluhandbóka, aðstoð við rannsóknir sakamála, og fræðslu- og leiðbeiningastörf, svo sem hjá Lögregluskóla ríkisins, Tollskólanum, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Brunamálastofnun.

Rannsóknadeild

Meginhlutverk

Í 5. gr. lögreglulaga segir í 2. mgr. b-liðar að ríkislögreglustjóra beri að starfrækja lögregluransóknadeild sem rannsakar landráð og brot gegn æðstu stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota. Með alvarlegum brotum er meðal annars átt við manndráp, nauðgun, stórfellda líkamsárás og brennu. Þannig hljóðar ákvæðið eftir að því var breytt með lögum nr. 29/1998.

Í greinargerð með lögreglulögunum er gert ráð fyrir að í rannsóknadeild ríkislögreglustjórans vinni fámennur hópur sérfræðinga sem tryggður verði aðgangur að þekkingu á sérhæfðum rannsóknum hérlendis og erlendis, og miðli öðrum lögreglumönnum sem við rannsóknir starfa af þeirri þekkingu.

Yfirlit skráðra viðfangsefna

Heildarfjöldi skráðra viðfangsefna, sem upp komu á árinu, voru samtals 353. Afgreidd erindi voru 422 og tókst þannig töluvert að fækka óafgreiddum málum frá árinu áður. Flest viðfangsefnin eru ýmiskonar aðstoð, aðallega við lögreglustjórana, ríkissaksóknara og Lögregluskóla ríkisins. Hér má nefna ósk um skýrslutökur og aðstoð við aðra þætti er snúa að rannsóknum mála og fræðslu. Þá bárust ýmsar beiðnir um gögn og samantektir frá dómsmálaráðuneytinu, lögmönnum, borgurum, lögreglustjórum og erlendum lögregluliðum.

Samantekt viðfangsefna

Aðstoð og beiðnir ýmiskonar	98
Fyrirspurnir	23
Aðstoð við sakamálarannsóknir	26
Fíkniefnamálefni, önnur en rannsókn	27
Fundir og ráðstefnur	38
Kærur á hendur lögreglu, brot gegn æðstu stjórn ríkisins o.fl.	9
Fyrirmæli og leiðbeiningar	12
Upplýsingamiðlun	23
Vinnuhópar	3
Hótunarmál	4
Ýmislegt annað, ótilgreint	90
Samtals	**353**

Aðstoðarbeiðnir

Stór þáttur í starfsemi rannsóknadeildarinnar er úrvinnsla aðstoðarbeiðna, sem oftast koma frá öðrum lögregluembættum. Í þeim tilvikum er aðstoðin veitt undir stjórn viðkomandi embættis. Beiðnirnar eru mismunandi og kalla á mismikið vinnuframlag og geta ýmist verið formlegar eða óformlegar. Flestar beiðnir berast vegna kynferðisbrota, fíkniefnamála og frá ríkissaksóknara, aðallega vegna kærumála á hendur lögreglumönnum. Þá bárust deildinni aðstoðarbeiðnir frá öðrum deildum embættis ríkislögreglustjórans, svo sem alþjóðadeild og efnahagsbrotadeild.

Aðstoðarbeiðni framsend öðru embætti

Fyrir kemur að rannsóknadeildin framsendir öðru embætti aðstoðarbeiðni til afgreiðslu. Slík tilvik eru fátíð en koma upp einkum þegar lögregluembættin á landsbyggðinni hafa til rannsóknar meint kynferðisbrot. Rétt er að geta þeirra forsendna sem byggt er á við framsendingu þessara mála, enda er hér um að ræða undantekningu frá þeirri reglu að rannsóknadeildin sjálf aðstoði embættin.

Brot gagnvart börnum þegar leita ber atbeina dómara við skýrslutöku samkvæmt a-lið 1. mgr., 74.gr. laga um meðferð opinberra mála og lögfræðingur hlutaðeigandi lögregluembættis eða lögreglustjórinn sjálfur mætir ekki. Við rannsókn þessara brota hefur lögfræðingur embættisins stöðu ákæranda, þótt ríkissaksóknari fari með ákæruvald í þessum brotum. Ef hinsvegar lögfræðingur eða hlutaðeigandi lögreglustjóri mætir sjálfur veitir rannsóknadeildin að jafnaði þessa aðstoð.

Ef taka þarf skýrslu af konu sem kært hefur kynferðisbrot eða vill kæra og óskað er eftir að kona annist skýrslutöku. Byggir þetta á þeirri ákvörðun lögreglunnar að orðið skuli við beiðni um að kona annist skýrslutöku af konu út af kynferðisbroti, ef þess er kostur.

Þrátt fyrir hin nýju ákvæði laga um meðferð opinberra mála, sem öðluðust gildi 1. maí 1999, um að leita skuli atbeina dómara við skýrslutöku af barni og dómari skuli annast skýrslutökuna, er ekkert sem bannar lögreglu að hitta barn og spyrja það um atriði sem skipt geta máli. Má í þessu sambandi benda á nauðsyn þess að átta sig á því hvort líkur eru á að brot hafi verið framið eða ekki og hinsvegar geta aðstæður verið þannig að mikilvægt þyki að lögreglan grípi þegar inn í atburðarás í því skyni að stöðva brot. Þegar

þessi atriði eiga við og um er að ræða stúlkur gerir 14. gr. reglugerðar nr. 395, 1997 ráð fyrir því að kona annist þessa athugun, ef þess er kostur. Lögregluembættið í Reykjavík er fært um að veita þessa þjónustu og hefur enda gert það í ágætri sátt. Samstarf lögregluembættanna á þessu sviði er mikilvægt og til þess fallið að bæta lögregluranns ókn málanna og ef til vill gera brotaþolum auðveldara um vik en ella.

Aðstoð af framangreindu tagi hefur jafnan verið sótt til þeirrar deildar lögreglunnar í Reykjavík sem fer með rannsókn ofbeldisbrota. Það helgast af því að þar hefur skapast sérþekking á málaflokknum, konur eru tiltækar til að yfirheyra konu eða barn, og oftast er verið að beina málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur með milligöngu lögfræðings lögreglunnar í Reykjavík.

Þá eru fáein dæmi þess að lögreglan á landsbyggðinni leiti til rannsóknadeildarinnar ef viðkomandi brotamaður er búsettur á höfuðborgarsvæðinu, hann er farinn úr umdæmi því sem brot var framið í og líklegt má telja að ákært verði í heimavarnarþingi. Eðlilegt þykir að rannsókn fari þá fram þar, í samvinnu við ákæranda, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 396, 1997.

Málefni Barnahússins

Við undirbúning að starfsemi Barnahúss var lögð fram umfangsmikil vinna af hálfu ríkislögreglustjórans, lögreglunnar í Reykjavík, ríkissaksóknara, barnadeildar Landspítalans og annarra sem að þessum málum koma, undir stjórn Barnaverndarstofu. Undirbúningur hófst í ágúst/september 1997 og stóð fram í nóvember 1998, þegar fyrsta skýrsla af barni var tekin í Barnahúsinu - við gerbreyttar aðstæður í heppilegu og mjög tæknivæddu umhverfi. Á sínum tíma ritaði ríkislögreglustjórinn lögreglustjóranum í Reykjavík bréf og fól honum að annast málefni Barnahúss í samvinnu við embættið. Lögreglustjórinn brást við þessu erindi á metnaðarfullan hátt með því að setja rannsóknarlögreglumann til þess að sinna þessu viðfangsefni eingöngu. Lögreglan fékk skrifstofu út af fyrir sig í Barnahúsi og aðstöðu til þess að taka skýrslu af foreldrum barna sem fylgdu þeim þangað. Þetta fyrirkomulag hentaði ágætlega, jafnt lögreglunni og vitnum. Starfsemi Barnahúss og samvinna þeirra sem komu að stofnun þess vakti meðal annars athygli lögreglu- og barnaverndaryfirvalda annarra landa, sem sýndu áhuga á að kynna sér þetta fyrirkomulag til eftirbreytni.

Eftir fyrrnefnda breytingu á lögum um meðferð opinberra mála hafa mál skipast með öðrum hætti sem sætt hefur mikilli umræðu. Brotin, sem um er að tefla, eru sérhæfð viðfangsefni, og það er vandasamt fyrir lögregluna og aðra að glíma við þessi mál. Um meðferð þeirra á rannsóknarstigi verður að tryggja að sátt ríki.

Málefni Neyðarmóttöku í kynferðisbrotamálum

Rannsóknadeildin kemur að málefnum Neyðarmóttökunnar. Svokallaðir samráðsfundir um málefni Neyðarmóttökunnar eru haldnir mánaðarlega og þá sitja læknar, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur/félagsráðgjafi, lögfræðingur og yfirmaður ofbeldis-brotadeildar lögreglunnar í Reykjavík, auk fulltrúa ríkislögreglustjórans. Þessir fundir hafa verið haldnir frá upphafi starfsemi Neyðarmóttökunnar. Þeir eru mikilvægir og skipta lögregluna miklu um þau atriði sem upp geta komið út af einstökum málum og starfsemi Neyðarmóttökunnar í heild. Athugasemdir sem fram koma eru ræddar á þessum fundum og þannig er hægt að eyða misskilningi sem stundum skapast.

Neyðarmóttakan hefur staðið fyrir opnum fræðslufundum. Fulltrúar sem sitja samráðsfundina flytja þar erindi og kynna störf sín. Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hefur í nokkur skipti staðið fyrir þessum fræðslufundum, sem hafa verið til kynningar og fræðslu fyrir heilbrigðisstéttir, lögreglu, ákærendur, dómara og fleiri. Þá hefur yfirlæknir Neyðarmóttökunnar verið með fyrirlestra hjá Lögregluskóla ríkisins á hverju ári, auk þess sem aðrir úr samráðshópnum kynna hlutverk sitt.

Kynferðisbrot gegn börnum - barnfíkn

Alvarlegt vandamál og alþjóðlegt samstarf

Kynferðisbrot gegn börnum eru alvarlegt vandamál. Hjá Interpol er starfandi vinnuhópur, sem sérhæfir sig í glæpum gegn börnum. Í hópnum eru sérhæfðir lögreglumenn víðsvegar að úr heiminum, sem koma saman til fundar tvisvar á ári. Aðaláherslur hópsins eru á eftirtalin fimm atriði: lagasetningu og þjálfun, barnavændi og kynlífsferðir, barnaklám, meðal annars á Internetinu, týnd börn og flutning þeirra milli landa, og skráningu kynferðisbrotamanna.

Ráðstefna Interpol

Í desember fór starfsmaður rannsóknadeildar á ráðstefnu um þessi efni, sem haldin var í höfuðstöðvum Interpol í Lyon í Frakklandi. Markmiðið með ráðstefnunni var að greina vandamálið og leita lausna með hjálp lögreglu, dómara og annarra sérfræðinga sem eru þekktir af störfum sínum á þessu sviði um víða veröld. Það er von þeirra sem að ráðstefnunni stóðu að hún sýni alþjóðlegan pólitískan vilja til að berjast gegn misnotkun barna. Einnig er ætlunin að varpa ljósi á þau úrræði sem tiltæk eru gegn þessum glæpum.

Mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu

Kynferðisbrot gegn börnum er alþjóðlegt vandamál og verður ekki leyst nema í alþjóðlegri samvinnu. Börn eru misnotuð í ýmsu skyni og ekki síst gróðaskyni. Börn eru neydd eða blekkt til vændis í ýmsum ríkjum heims og þangað streyma kynlífsferðamenn, en stóran hluta þeirra má kalla barnfíkla. Ljósmyndum og hreyfimyndum af kynferðislegri misnotkun barna er dreift um Internetið og í flestum tilvika sýna þær myndir barnfíkla misbjóða börnum kynferðislega. Barnfíklar virða því engin landamæri. Þeir ferðast með tiltölulega litlum kostnaði til landa eins og Thailands, Kambódíu, Sri Lanka, Suður-Ameríku og ríkja í Karabíska hafinu, þar sem barnavændi er landlægt vandamál. Með tilkomu Internetsins berst barnaklám hratt á milli barnfíkla, til dæmis í gegnum spjallrásir og með tölvupósti. Barnfíklar hafa myndað félagsskap þar sem þeir skiptast á myndum og skoðunum. Eru dæmi um að barnfíkill hafi þurft að leggja fram 10.000 áður óséðar myndir af börnum til að geta gerst meðlimur. Einnig eru dæmi um að bein útsending hafi verið á Internetinu þar sem einn meðlimur í slíkum hring hafði kynferðislegt samneyti við barn. Á meðan gátu félagar hans af sama meiði, sem voru dreifðir um allan heim, fylgst með á rauntíma. Lögregluyfirvöldum hefur í einstaka tilfellum tekist að uppræta hringi af þessum toga.

Fíkn barnfíklanna í börn er mikil og hafa svipuð meðferðarúrræði verið notuð á þá og beitt er á fíkniefnaneytendur. Hinsvegar hafa meðferðarúrræði og endurhæfing ekki borið mikinn árangur. Þeir verða því síbrotamenn eins og aðrir fíklar á ýmsum öðrum sviðum. Líkurnar á því að þeir brjóti af sér aftur eru taldar miklar.

Viðbrögð ríkja heims

Í ljósi þessarar vitneskju hafa ríki heims brugðist við með ýmsum hætti. Sumar þjóðir hafa tekið upp löggjöf sem heimilar þeim að refsa barnfíklum í heimalandi þeirra fyrir brot af þessu tagi í öðru landi. Þá hafa þjóðir einnig tekið upp gagnkvæma samninga um réttaraðstoð ef til refsimála kemur. Önnur vopn, sem þjóðir hafa tekið upp, eru öflugt, alþjóðlegt samstarf lögregluyfirvalda, tollyfirvalda, ferðaskrifstofa, þjónustuaðila Internetsins, félagsmálayfirvalda og grasrótarsamtaka sem berjast gegn þessum vanda. Einnig hafa lögregluembætti sum hver tekið upp sérstök eftirlitskerfi með kynferðisafbrotamönnum og halda jafnvel utan um sérstakan gagnagrunn í þessu sambandi. Á þann hátt reyna þau að fylgjast með ferðum þessara afbrotamanna og jafnvel að standa þá að verki, hvort sem þau gera það í því landi sem tiltekinn afbrotamaður ferðast til eða í heimalandi með leit að vísbendingum í farangri.

Þjóðir verða að taka saman höndum til að sporna gegn þessum vanda. Barnfíklar eru ekki bundnir við ákveðna þjóð, kynþátt, stétt eða kyn þótt flestir séu þeir karlmenn. Þeir leita í auknum mæli til annarra landa þar sem barnavændi þrífst eða aðgengi að börnum er öllu betra en heima fyrir.

Rannsóknadeildin hefur aflað sér aukinnar þekkingar á þessu sviði og er komin í hina alþjóðlegu samvinnu aðildarríkja Interpol. Í rannsóknadeildinni er unnið að gerð nauðsynlegra leiðbeininga um rannsóknir á barnaklámi, einkum vörslu myndefnis í tölvutæku formi.

Aukinn þungi í fíkniefnalöggæslu

Fíkniefnastofa hefur byggt upp tengsl við lögregluembættin, veitt aðstoð og þjálfun, aflað upplýsinga til uppbyggingar fíkniefnalöggæslu og tekið saman tölfræðilegar upplýsingar um fíkniefnamál. Þá var lögregluliðunum veitt umtalsverð rannsóknaraðstoð á árinu, aðallega fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík en einnig nokkrum lögregluliðum á landsbyggðinni. Í ársskýrslu ríkislögreglustjórans fyrir árin 1997-1998 er sérstakur viðauki um fíkniefnamál. Þá hafa verið teknar saman ítarlegar tölulegar upplýsingar um fíkniefnamál fyrir árið 1999, sem birtar hafa verið í sérstakri skýrslu og hægt er að nálgast á heimasíðu ríkislögreglustjórans á Netinu. Skýrslan hefur vakið athygli og fengið talsverða umfjöllun í fjölmiðlum.

Samstarfssamningur ríkislögreglustjóra og ríkistollstjóra

Ákveðið var að skapa formlegan grundvöll fyrir samstarfi lögreglunnar og tollgæslunnar með gerð tveggja samstarfssamninga, annars almenns eðlis en hins um samnýtingu hunda til fíkniefnaleitar. Í nóvember 1998 var settur á stofn vinnuhópur sem í voru fulltrúar frá ríkislögreglustjóra, ríkistollstjóra, tollstjóranum í Reykjavík, lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Hópnum var falið að gera drög að samstarfssamningum. Samningarnir voru undirritaðir af ríkislögreglustjóra og ríkistoll-

Ríkislögreglustjóri og ríkistollstjóri gerðu samkomulag við íþróttafélagið Aftureldingu um auglýsingu framan á búninga 3. flokks kvenna í knattspyrnu, með slagorðinu “Gegn fíkniefnum”. (Ljósm. Hreinn Hreinsson / Séð og heyrt).

stjóra 15. mars 1999 og með þeim er leitast við að skapa traustan grundvöll að árangursríku samstarfi og samráði lögreglu og tollgæslu í þessari baráttu. Samhliða þessu var útbúinn bæklingur sem sendur var inn á öll heimili í landinu, þar sem samningarnir voru kynntir, jafnframt því að kynna almenningi einkenni og hættur sem leiða af fíkniefnaneyslu. Þá var útbúið veggspjald með hvatningu um að lögregla, tollgæsla og almenningur taki höndum saman í baráttunni gegn fíkniefnum. Samstarfið hefur verið í þróun og hefur náð allt frá sameiginlegum forvörnum til unglinga í gegnum íþróttahreyfinguna, til samvinnu við úrlausn einstakra fíkniefnamála.

Samræmdar aðgerðir lögreglu í fíkniefnamálum

Þann 1. maí 1999 gaf ríkislögreglustjórinn út reglur um samræmdar aðgerðir lögreglu í fíkniefnamálum. Með reglunum hefur skapast betri yfirsýn yfir fíkniefnavandann og hvernig lögreglan á hverjum stað er í stakk búin til að takast á við hann. Skipta má reglunum í eftirtalda þætti:

- Markmið og forsendur fíkniefnalöggæslunnar eru settar fram og störf samræmd.
- Landinu er skipt í fimm aðgerðasvæði. Á hverju svæði er þjálfaður fíkniefnalögreglumaður, sem aðstoðar önnur lögregluembætti í fjórðungnum. Þá er tengiliður við fíkniefnastofu í fíkniefnamálum hjá hverju lögregluembætti.
- Fjallað er um skyldur lögregluembættanna í fíkniefnamálum og einnig hinna sérstöku fíkniefnalögreglumanna, og hvernig beita má fíkniefnaeftirliti á markvissan hátt til að ná sem bestum árangri.
- Kveðið er á um eftirlit og aðstoð fíkniefnastofu ríkislögreglustjórans við lögregluliðin.
- Komið er á sérstöku fyrirkomulagi við söfnun og miðlun upplýsinga.
- Embættunum er gert að skila mánaðarlega skýrslum lögregluembættanna til fíkniefnastofu. Efnið gengur fyrst og fremst út á að hvert lögregluembætti skoði stöðu fíkniefnamála í sínu umdæmi og geti fyrr og betur brugðist við, bæði í almennum aðgerðum og einstökum málum. Fíkniefnastofa fylgir reglunum eftir og vinnur samantekt og tölulegar upplýsingar um stöðu fíkniefnamála fyrir allt landið, byggt á upplýsingum embættanna.

Reglur um vörslu og eyðingu fíkniefna

Þann 1. nóvember 1999 tóku gildi reglur ríkislögreglustjórans um vörslu og eyðingu fíkniefna. Um er að ræða fyrstu samræmdu og heildstæðu reglurnar sem settar hafa verið um þetta efni. Komið var í gagnið skrá um fíkniefni sem hald hefur verið lagt á, í landstölvukerfi lögreglunnar. Með því næst góð yfirsýn yfir haldlögð fíkniefni, þar sem ætíð er hægt að sjá hvaða fíkniefni eru geymd hjá hverju embætti fyrir sig, jafnframt því sem allur ferill fíkniefna er skráður frá því hald var lagt á þau og allt til eyðingar. Þá gefur kerfið einnig mikilvægar tölfræðilegar upplýsingar sem hægt er að nýta til markvissari fíkniefnalöggæslu.

Reglur um haldlagningu og meðferð sönnunargagna

Á sama tíma tóku gildi reglur ríkislögreglustjórans um haldlagningu og meðferð sönnunargagna. Um er að ræða fyrstu samræmdu reglurnar sem settar hafa verið um þetta efni. Reglurnar eru einnig leiðbeinandi um það hvernig lögreglumenn eiga að standa að aðgerðum í fíkniefnamálum, svo sem við leit og alla meðhöndlun sönnunargagna. Þannig á að tryggja að allir lögreglumenn geti haft afskipti af fíkniefnamálum, draga úr líkum á mistökum við framkvæmd fíkniefnalöggæslunnar, og gera hana markvissari og árangursríkari. Einnig er rétt í þessu sambandi að vekja athygli á sérstakri fræðslu Lögregluskóla ríkisins um fíkniefnamál.

Fyrirmæli og leiðbeiningar ríkissaksóknara um óhefðbundnar rannsóknaraðgerðir

Í janúar 1998 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að fjalla um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir lögreglu. Verkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi var tvíþætt. Annarsvegar að kanna rannsóknir og rannsóknaraðferðir lögreglunnar í baráttunni gegn afbrotum, sérstaklega í nýjum og nýlegum tegundum afbrota. Einnig að fara yfir heimildir lögreglu til rannsókna og til að beita óhefðbundnum rannsóknaraðferðum. Hinsvegar að gera tillögur að reglum um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir og lagabreytingar sem kunna að þykja nauðsynlegar til að lögreglan geti með fullnægjandi hætti tekist á við nýjustu afbrotaaðferðir. Nefndin skilaði dómsmálaráðherra skýrslu í apríl 1999. Í kjölfar þess gaf ríkissaksóknari út reglur og leiðbeiningar um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu, samskipti lögreglu við upplýsingagjafa við rannsóknir sakamála og margt fleira. Þetta hefur mjög styrkt allt starfsumhverfi lögreglumanna, sérstaklega að því er lýtur að rannsóknum fíkniefnamála, og leitt til vandaðri og markvissari vinnubragða. Ennfremur hefur ríkissaksóknari sett lögreglunni reglur og leiðbeiningar um ýmis skyld efni, sem gera rannsóknir og meðferð sakamála nákvæmari og markvissari.

Starfsmenn fíkniefnastofu fræða lögreglunema um fíkniefnamál í Lögregluskóla ríkisins.

Miðlægur gagnagrunnur

Miðlægum gagnagrunni, sérstaklega ætluðum til afbrotagreiningar eða samkeyrslu upplýsinga, hefur enn ekki verið komið upp hjá ríkislögreglustjóranum. Málaskrárkerfi lögreglunnar er eina miðlæga upplýsingakerfið um afbrot og afbrotamenn. Verkefnin, að öðru leyti en fíkniefnamálum, snúast því aðallega um samantekt á tilteknum upplýsingum, til dæmis vegna fyrirspurna dómsmálaráðuneytisins. Þá berast fjölmargar fyrirspurnir um afbrotamál frá öðrum þjóðum, aðallega fyrir milligöngu Interpol. Mikilvægt er að embætti ríkislögreglustjórans annist kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn, sem nota má til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar, til fækkunar afbrota og til að auka hlutfall upplýstra brota.

Á árinu 1999 var töluverð vinna lögð í þarfagreiningu meðal annars á gagnagrunni til söfnunar og samkeyrslu upplýsinga til uppljóstrunar afbrota, sérstaklega fíkniefnabrota og tengdra brota. Sú vinna er í samvinnu við Tölvunefnd, en fulltrúi hennar fór ásamt starfsmönnum ríkislögreglustjóra og ríkistollstjóra til London og Dublin að kynna sér upplýsingakerfi lögregluyfirvalda þar. Hópurinn skilaði skýrslu, sem starfsmenn fíkniefnastofu og umsjónarmenn tölvudeildar ríkislögreglustjórans hafa verið að vinna úr til að móta tillögur um gagnagrunninn.

Lögregluhundar og fíkniefnavogir

Fíkniefnastofa hefur unnið að því að efla fíkniefnaeftirlit og gera það virkt alls staðar á landinu. Liður í þessu er að koma upp fleiri fíkniefnaleitarhundum og með þeim hætti að hafa útgjöld vegna þeirra í lágmarki. Þá hefur embætti ríkislögreglustjórans keypt sérstakar vogir til vigtunar á fíkniefnum. Vogirnar eru lánaðar til lögregluliða þar sem starfandi eru sérstakir fíkniefnalögreglumenn utan Reykjavíkur.

Tæknirannsóknastofa

Meginhlutverk

Tæknirannsóknastofan hefur umsjón með og annast samanburðarrannsóknir á sönnunargögnum, veitir leiðsögn um vettvangsrannsóknir, töku sönnunargagna, meðferð þeirra og þess háttar. Ennfremur aðstoðar tæknirannsóknastofan lögreglu við tæknirannsóknir, og varðveitir og viðheldur fingrafara- og ljósmyndasafni brotamanna. Tæknirannsóknastofan getur veitt aðstoð við vettvangsrannsóknir vegna umfangsmikilla og alvarlegra brota. Að jafnaði munu starfsmenn tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík koma lögregluembættunum til aðstoðar við vettvangsrannsóknir, sbr. 4. mgr., 8. gr. laga nr. 90/1996. Þá innir tæknirannsóknastofan ýmis verkefni af hendi sem varða aðrar deildir hjá embætti ríkislögreglustjórans, svo sem varðandi tæknibúnað, sönnunargögn og myndatökur.

Yfirlit skráðra viðfangsefna

Viðfangsefnum fjölgaði á milli áranna 1998 og 1999 úr 229 í 300. Fjölgunin liggur mest í fleiri fingrafararannsóknum og fyrirspurnum fyrir milligöngu Interpol en voru að öðru leyti sem hér segir:

Brunarannsóknir	5
Fingrafararannsóknir	89
Rannsókn á kynferðismáli eða öðru árásarmáli	5
Rannsókn á manndrápi	1
Leit í myndasafni, sakbending og myndbending	2
Samanburðarrannsóknir	10
Rannsókn á skjölum	42
Aðstoð við útlendingaeftirlit	4
Fyrirspurn frá Interpol	98
Ýmislegt annað, ótilgreint	44
Samtals	**300**

Umfangsmesta einstaka viðfangsefni tæknirannsóknastofunnar á árinu var aðstoð ID-nefndarinnar við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna vegna rannsóknarstarfa í Kosovo. Undirbúningurinn, störfin í Kosovo og skýrslugerð um rannsóknarniðurstöður, tók mikinn tíma og skapaðist af þeim sökum verulega aukið álag á starfsmenn tæknirannsóknastofunnar og ID-nefndina.

Auk hinna hefðbundnu starfa tæknirannsóknastofunnar, sem fram koma á yfirliti hér að framan, eru ýmis viðfangsefni sem hafa fordæmisgildi og marka tímamót. Má þar nefna öndunarsýnismælana og meðferð þeirra mála fyrir dómstólum. Þá fór mikil vinna í svokallað málverkafölsunarmál, sem er til meðferðar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans.

Mikilvægur þáttur í starfsemi tæknirannsóknastofunnar er að kynna sér nýjungar í tæknirannsóknum. Í þessu skyni hafa starfsmenn hennar um árabil meðal annars tekið þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði. Á fundum yfirmanna tæknideildanna á Norðurlöndum eru til umfjöllunar nýjungar og það sem hæst ber í tæknirannsóknum, þar sem sérfræðingarnir bera saman bækur sínar og miðla af þekkingu. Þá hafa Norðurlöndin

unnið sameiginlega að gerð handbókar fyrir sérfræðinga í brunarannsóknum. Það verk er á lokastigi. Tæknirannsóknastofan hafði á árinu forgöngu um að fá hingað til fyrirlestrahalds erlenda sérfræðinga í tilteknum þáttum tæknirannsókna. Má þar til dæmis nefna ráðstefnu um gildi efnislegra sönnunargagna, sem var vel sótt af ýmsum í réttarvörslukerfinu.

Þá hefur tæknirannsóknastofan lagt lögregluembættunum til búnað til að safna saman sakargögnum vegna kynferðisafbrotamála, sem þau skila af sér í sérstökum, innsigluðum öskjum. Er þetta mikilvægt þar sem fræðsla af hálfu Neyðarmóttökunnar og Lögreglu-skóla ríkisins tekur mið af þessum búnaði, jafnframt því sem rækilegar leiðbeiningar fylgja um það hvernig standa skuli að réttarlæknisrannsókn-inni.

Störf tæknirannsóknastofunnar snúa mikið að þeim þáttum er varða samanburðarrannsóknir. Þeim þætti eru gerð sérstök skil í viðauka með skýrslunni.

Ríkislögreglustjórinn hefur gefið út reglur um vettvangs- og tæknirannsóknir, og töku og vörslu fingrafara og ljósmynda.
Reglurnar gera ráð fyrir því að leitað sé til tæknirannsóknastofunnar um aðstoð við vettvangsrannsókn og öflun sönnunargagna á vettvangi í málum varðandi:

- Grunsamlegt, voveiflegt andlát
- Gróft kynferðisbrot
- Gróft ofbeldisbrot
- Rán þegar ætla má að nýtanleg sönnunargögn finnist
- Eldsvoða þegar ætla má að rannsókn verði umfangsmikil
- Stórslys, svo sem flug- eða sjóslys, náttúruhamfarir og þessháttar

Brotamannaskrá

Hugmyndin að kerfi til að halda brotamannaskrá (persónuupplýsingakerfi) fyrir lögreglu á landsvísu kom upp árið 1992. Það skyldi byggjast á aðgengilegum upplýsingum um sakamenn og nýtast meðal annars til að lýsa eftir sakamönnum. Eftir vangaveltur um það hvernig slíkt kerfi myndi best nýtast í þágu lögreglunnar, var haft samband við fyrirtækið Tölvumyndir og í samvinnu við það var hafin þróun þess. Árið 1995 var vinnsla við gerð kerfisins komin svo vel á veg að unnt var að hefjast handa við skráningu þeirra upplýsinga, meðal annars mynda og lýsinga á sakamönnum sem þá voru á skrá, í tölvukerfi Rannsóknarlögreglu ríkisins. Töluverð vinna var lögð í þetta verk, sem síðan var yfirfarið, leiðrétt og fært til þess horfs sem það er í dag hjá embætti ríkislögreglustjórans. Í kerfinu er mögulegt að leita að einstaklingi eftir kennitölu, nafni, gælunafni, viðurnefni eða númeri í skrá lögreglu. Nú eru um 4.000 einstaklingar skráðir í kerfið.

Lögregluliðin á landsbyggðinni senda myndir og aðrar upplýsingar til ríkislögreglustjórans og tæknirannsóknastofan sér um færslu þeirra í kerfið. Í Reykjavík sér tæknideild lögreglunnar um færslu gagna í kerfið en þær upplýsingar koma ekki til almennra nota fyrr en búið er að yfirfara þær hjá tæknirannsóknastofunni.

Eins og áður er getið nýtist brotamannaskráin við að leita uppi eftirlýsta sakamenn. Ef maður er eftirlýstur af einhverju lögregluembætti er það fært inn í kerfið og eftirlýsingin þá þegar komin á landskerfi lögreglunnar. Brotamannaskráin er lokað kerfi og fyllsta öryggis gætt til upplýsingaleyndar.

ID-nefnd

Skipun nefndarinnar

Rannsóknanefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn (ID-nefnd) heyrir stjórnsýslulega undir ríkislögreglustjórann og starfar samkvæmt reglugerð 401 frá 27. júní 1997. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn, og í henni eiga sæti lögreglu-maður af almennu sviði sem jafnframt er formaður, einn tæknirannsóknalög-reglumaður, réttarlæknir og réttartann-læknir. Fyrir hvern aðalmann eru tveir varamenn. Ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli um störf rannsóknanefndarinnar. Þar er kveðið á um hlutverk hennar, hvenær og með hvaða hætti lögreglustjórum ber að tilkynna ríkislögreglustjóranum um slysfarir og óþekkt lík, og skyldur embættisins til að halda skrá um horfna menn. Skipunartími ID-nefndar rann út 30. mars 1999 og var ný nefnd skipuð frá 1. apríl sama ár. Formaður hennar er Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn.

Viðfangsefni ID-nefndarinnar hér á landi 1999

Þrjú viðfangsefni voru send nefndinni á árinu. Í öllum tilvikum var um að ræða líkamsleifar (fótabein) sem komu í veiðarfæri skipa, á svæði þar sem sjómenn hafa farist. Komu beinin öll upp á svipuðum slóðum. Nefndin hefur ekki afgreitt þessi mál enda eftir mjög litlu að fara við kennslaburð. Þá var í einu tilviki leitað með óformlegum hætti til nefndarinnar, þar sem leiðbeiningar voru gefnar.

Erindi kom frá ríkissaksóknara þar sem óskað var eftir afstöðu nefndarinnar til fram kominnar beiðni um uppgröft á líki. Um var að ræða lík manns sem látist hafði erlendis. Málið var tekið fyrir strax og það barst, og reynt að afla gagna erlendis frá með aðstoð utanríkisráðuneytisins. Málinu er ekki lokið en rannsókn heldur áfram með DNA-greiningu.

Störf ID-nefndarinnar í Kosovo

Aðstoð við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna, “International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia” (ICTY).

Fyrir milligöngu Interpol óskuðu Sameinuðu þjóðirnar eftir aðstoð íslensku ID-nefndarinnar til starfa í Kosovo. Ríkisstjórn Íslands ákvað að verða við beiðninni.

ID-nefndin boðuð til Brüssel
Í maí 1999 boðaði Interpol til fundar með ID-nefndum sem haldinn var í Brüssel í Belgíu nokkrum dögum síðar. Aðdragandi fundarins var sá að alþjóðadómstóll stríðsglæpa í löndum fyrrum Júgóslavíu fór þess á leit við Interpol að kallaðir yrðu saman sérfræðingar aðildarlanda, sem hafa það hlutverk að bera kennsl á látna menn. Tilgangur fundarins var að virkja ID-starfshópa í öllum aðildarlöndum Interpol til þess að taka þátt í því að bera kennsl á fórnarlömb stríðsins í Kosovo. Ákveðið var að Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, sæti fundinn fyrir hönd ríkislögreglustjórans og hinnar íslensku ID-nefndar. Á fundinum voru kynnt störf stríðsglæpadómstólsins, sem settur var á laggirnar í framhaldi af bókun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 827, 25. maí 1993. Dómstóllinn hefur aðsetur í Haag í Hollandi og hefur umboð til að ákæra menn, ábyrga fyrir alvarlegum brotum á alþjóðalögum í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu.

Í ljósi reynslu sem fengist hefur með eftirmálum fyrri stríðsátaka í Júgóslavíu var litið svo á að brýn þörf væri á skipulagðri aðgerð við greiningu látinna er sprengjuárásum linnti, hvort sem samið væri um frið eða vopnahlé í Kosovo. Talið var að margir hefðu verið myrtir í Kosovo en nákvæmar upplýsingar skorti og einungis ljóst að mikið verk var framundan ef safna skyldi saman upplýsingum um þau voðaverk sem hermt væri að þar hefði verið framin. Stefnt skyldi að því að safna gögnum sem leggja mætti til grundvallar ákæru á hendur þeim sem þar voru að verki. Markmið fundar Interpol með ID-nefndum var því að:

- Leggja drög að skipulagi við rannsókn á dauða manna í Kosovo í samræmi við þær reglur sem settar eru af sérfræðingum stríðsglæpadómstólsins.
- Koma á samkomulagi milli ID-nefnda hinna ýmsu landa þannig að skipulag aðgerðanna liggi fyrir svo enginn tími tapist ef ríkisstjórnir veita heimild til þess að ID-nefndir á þeirra vegum taki þátt í verkefninu.

Fundur norrænu ID-nefndanna

Norrænu ID-nefndirnar halda sameiginlegan fund árlega og skiptast á að halda hann. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Oslo í júní. Þrír nefndarmenn sóttu fundinn af Íslands hálfu. Meginefni fundarins var að ræða við starfsmenn saksóknara stríðsdómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag vegna fyrirhugaðrar aðstoðar norrænu ID-nefndanna í Kosovo. Óskað var eftir upplýsingum um hve marga væri mögulegt að senda. Norrænu nefndirnar töldu sig hafa möguleika á allt að 57 ID-sérfræðingum til verksins, auk 12 aðstoðarmanna við krufningar og röntgensérfræðinga. Talað var um að mynda starfshópa sem störfuðu tvær vikur í senn. Ekki varð af því að norrænu ID-nefndirnar færu sameiginlega til starfa í Kosovo eins og reiknað var með á fundinum.

Ákvörðun tekin um að fara til Kosovo

Þann 21. júní 1999 barst ríkislögreglustjóranum erindi framkvæmdastjóra Interpol þar sem formlega var farið fram á íslenska sérfræðinga til rannsóknarstarfa fyrir stríðsglæpadómstólinn. Ríkislögreglustjóri gerði dómsmálaráðherra grein fyrir beiðni Interpol og lagði til að íslenska ID-nefndin yrði send til Kosovo. Málið var tekið upp á fundi ríkisstjórnarinnar sem samþykkti að senda þrjá sérfræðinga nefndarinnar til aðstoðar stríðglæpadómstólnum.

Störf nefndarinnar í Kosovo

Til fararinnar voru valdir þeir Bjarni J. Bogason, aðstoðaryfirlögregluþjónn, Gunnlaugur Geirsson, prófessor, og Svend Richter, tannlæknir, en þeir eru allir aðalmenn í ID-nefndinni. Ferð þeirra stóð yfir frá 1. til 16. ágúst. Var þeim falið að rannsaka fjöldagrafir á þremur stöðum í Kosovo í samvinnu við Austurríkismenn. Var þetta á umráðasvæði Bandaríkjamanna. Samtals tóku sérfræðingarnir 21 lík til rannsóknar. Hægt var að staðfesta með óyggjandi hætti dánarorsök 16 hinna látnu.

ID-nefndin við skyldustörf í Kosovo.

Í desember fór hópurinn til Austurríkis, til að ljúka rannsóknarvinnu vegna Kosovo. Í framhaldinu skiluðu þeir af sér rannsóknargögnum til dómstólsins í Haag.

Eftirlit með útlendingum

Á árinu fór fram umfangsmikil skoðun á framkvæmd og stöðu landamæraeftirlits á vegum ríkislögreglustjórans. Tillögum hefur verið skilað til dómsmálaráðuneytisins um fyrirkomulag vegna aðildar að Schengen-samningnum. Farið var til helstu landamærastöðva landsins, og skoðuð aðstaða og verklag lögregluyfirvalda. Var þetta gert meðal annars vegna skýrslugerðar um stöðu þessara mála hér á landi, eins og nánar er greint frá í yfirliti hér að framan frá sviði 1.

Þann 1. október 1999 færðist Útlendingaeftirlitið sem stofnun frá ríkislögreglustjóranum. Einum starfsmanni var í framhaldi af því falið að sjá um útlendingaeftirlitsmál af hálfu ríkislögreglustjórans og hafa umsjón með eftirliti lögreglustjóranna með útlendingum. Var hann settur undir rannsóknadeild embættisins.

Viðfangsefni hafa verið margvísleg, allt frá móttöku tilkynninga frá innlendum og erlendum lögregluyfirvöldum, til aðstoðar sem veitt er staðarlögreglu við skýrslutöku og rannsókn.

Lögreglan í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli hefur þrisvar óskað formlega eftir aðstoð útlendingaeftirlitsmannsins um rannsókn varðandi erlenda ríkisborgara sem hafa komið til landsins á fölsuðum ferðaskilríkjum og óskað eftir hæli á Íslandi. Aðstoðin hefur meðal annars falist í að aðstoða við skýrslutöku og að sannreyna hvaðan viðkomandi kom.

Sú breyting hefur orðið hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli að lögreglan er að taka yfir vegabréfaskoðunina. Lögreglumenn þess embættis hafa því mikið leitað ráðlegginga og aðstoðar í málum útlendinga sem hafa reynt að koma til Íslands á fölsuðum ferðaskilríkjum, og verið stöðvaðir við vegabréfaskoðun. Aðstoðin hefur verið ýmiskonar, svo sem staðfesting á gildi ferðaskilríkis og öflun upplýsinga frá erlendum yfirvöldum.

Til rannsóknadeildarinnar berast margar upplýsingar frá erlendum lögregluyfirvöldum, svo sem Interpol og norrænum sambandsmönnum, um ýmis málefni útlendinga, og eru þær framsendar til annarra lögregluyfirvalda hér á landi.

Svið

Deildir

Rannsókn og saksókn efnahagsbrota

Önnur verkefni

Sérverkefni

Hlutverk

Rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota, þ. á m. skattalagabrota og umhverfisbrota hvar sem er á landinu. Jafnframt tölvubrot sem tengjast efnahagsbrotum, þ.m.t. innbrot í tölvukerfi.

Rannsókn og meðferð tilkynninga banka og peningastofnana vegna grunsemda um peningaþvætti samkvæmt lögum um varnir gegn peningaþvætti nr. 80/1993. Alþjóðlegt samstarf við lögreglu og yfirvöld á sviði efnahagsbrota. Söfnun, úrvinnsla og skráning upplýsinga um fjármuna- og efnahagsbrot.

Eftir nánari ákvörðun ríkslögreglustjóra.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans hefur það hlutverk að rannsaka umfangsmikil afbrot á sviði fjármála og viðskipta, og alvarleg fjármunabrot almennt, og ef efni eru til, að gefa út ákæru og fylgja málunum eftir fyrir dómstólum. Þessi brot eru oft nefnd skatta- og efnahagsbrot, en ganga einnig undir samheitinu “hvítflibbabrot”. Oftast er um að ræða gróf auðgunarbrot, sem lúta að löggjöf um tekjuöflun hins opinbera, gjaldeyrismál, verðlags- og samkeppnismál, verðbréfaviðskipti og stjórn fiskveiða. Yfirleitt er um það að ræða að brot eru framin í annars lögmætri atvinnustarfsemi. Umhverfi brota er því ýmiskonar atvinnustarfsemi þar sem í flóknu ferli viðskipta eru framin auðgunarbrot einstaklinga eða hópa, og krefjast rannsóknir þessara mála mikillar vinnu og sérþekkingar. Rannsókn tekur oft langan tíma og er kostnaðarsöm, því þræðir liggja í mörgum tilvikum til útlanda, sem kallar á rannsókn og gagnaöflun í viðkomandi landi.

Markmiðið með rannsókn og meðferð þessara mála er að upplýsa sekt þeirra sem reynast bera refsiábyrgð en einnig að hafa upp á þeim verðmætum sem brotið hefur fært brotamanninum, til þess að gera þau upptæk þannig að brotamaður haldi ekki hagnaði af broti sínu.

Það er grundvallaratriði við meðferð þessara mála að upplýsa um afbrotið og einnig að hafa upp á þeim verðmætum sem brotamaður eða brotamenn komast yfir og var eign annarra. Vinna lögreglu miðast við það að tryggja þessi verðmæti þannig að við lok mála hjá dómstólum verði leitast við að koma verðmætunum í réttar hendur. Ýmis afbrot eru þess eðlis að þau skapa ávinning án þess að þolendurnir sem tapa fjármunum finnist, til dæmis þegar brotamaður auðgast við sölu bruggs, smygl-varnings og fíkniefna, svo dæmi séu tekin.

Efnahagsbrotadeildin hefur ákæruvald í þeim málum sem hún rannsakar og er dómsmeðferð mála stór liður í störfum deildarinnar. Á myndinni má sjá einn af þremur saksækjendum deildarinnar, Helga Magnús Gunnarsson, löglærðan fulltrúa ríkislögreglustjórans á leið í dómsal.

Algengt er að stórfelld hagnaðarbrot séu ítrekuð yfir langt tímabil, að þeim standi nokkrir saman og þeim takist að dylja slóð sína. Slíkt nefnist skipulögð glæpastarfsemi. Rannsókn og meðferð slíkra mála er og verður í framtíðinni eitt af viðfangsefnum efnahagsbrotadeildarinnar, vegna reynslu og þekkingar á rannsókn og meðferð flókinna fjármunabrota.

Skipulögð glæpastarfsemi

Margar leiðir eru til þess að skilgreina skipulagða glæpastarfsemi. Til dæmis er um hana að ræða þegar hópur fólks fremur í hagnaðarskyni afbrot sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið. Og þegar brotamennirnir eru í aðstöðu til þess að vernda hagsmuni sína og gera einstaklinga í kringum sig óvirka með mútum, ofbeldi og hótunum.

Skipulögð glæpastarfsemi hefur yfirleitt eftirtalin einkenni:

- Hreyfanleg og teygir sig yfir landamæri: Afbrotamenn notfæra sér landamæri og þannig mismunandi löggjöf sem gerir rannsókn lögreglu erfiðari.
- Skipulögð: Dæmi um þaulskipulagða starfsemi sem nýtir sér háþróaða tækni og þekkingu til þess meðal annars að slóð afbrotanna verði síður rakin.
- Ágengari og ófyrirleitnari: Afbrotamennirnir nota í meira mæli en áður líkamsmeiðingar eða hótanir til þess að ná fram markmiðum sínum.

Skipulögð glæpastarfsemi finnst bæði innan atvinnugreina og utan lögmætrar atvinnustarfsemi.

Á vegum Evrópusambandsins hefur verið sett fram skilgreining á skipulagðri glæpastarfsemi í ellefu liðum. Minnst sex af eftirfarandi einkennum, þar á meðal 1, 5 og 11, verða að eiga við til þess að lögbrot geti talist skipulögð glæpastarfsemi:

1. Samvinna fleiri en tveggja einstaklinga.
2. Hver með fyrirfram ákveðið verkefni.
3. Stendur yfir í langan eða ótiltekinn tíma.
4. Með skipulagi og stjórnun.
5. Grunur um að framin hafi verið alvarleg refsiverð háttsemi.
6. Starfsemi á alþjóðlega vísu.
7. Beiting ofbeldis eða ógnunar.
8. Starfsemi skipulega uppbyggð.
9. Þátttaka í peningaþvætti;
10. Með beitingu áhrifa á stjórnmál, fjölmiðla, opinbera stjórnsýslu, réttarkerfið eða efnahag.
11. Markmið um auðgun og/eða völd.

Engin ákvæði eru í löggjöf á Íslandi gegn skipulagðri glæpastarfsemi en í almennum hegningarlögum eru ákvæði sem mæla fyrir um þyngingu refsingar ef atvik eru með þeim hætti sem skipulögð glæpastarfsemi felur í sér. Þýðingarmikið er að rannsókn leiði í ljós þessi atvik ef þau eru til staðar. Þýðing þess er í fyrsta lagi að ná til allra þátttakenda í afbrotunum, í öðru lagi að ná fjámunum sem afbrot hafa gefið í aðra hönd og í þriðja lagi að uppræta brotastarfsemina.

Rannsóknir og gagnaöflun í útlöndum
Á síðastliðnu ári voru starfsmenn efnahagsbrotadeildarinnar við vinnu rúmlega 30 vinnudaga erlendis, við yfirheyrslur og öflun sönnunargagna í málum. Síðustu misseri hefur fjölgað verulega þeim málum sem krefjast samstarfs við erlend lögregluyfirvöld, sem er ótvíræð vísbending um það að skipulögð glæpastarfsemi hefur færst í vöxt. Þetta er sama þróun og í öðrum löndum. Þrátt fyrir smæð þjóðfélagsins, sem þess vegna er gegnsærra en annars, getur skipulögð glæpastarfsemi viðgengist og þrifist hér á landi sem allstaðar annarstaðar.

Síðustu misseri hefur lögregla fengist við stór og umfangsmikil mál þar sem upplýst hefur verið um stórfellt smygl á fíkniefnum til landsins. Til þess að upplýsa slík mál getur reynst þýðingarmikið að rannsaka sérstaklega með hvaða hætti peninga er aflað til kaupa á fíkniefnunum, hvernig þeir eru fluttir manna á milli við kaup og sölu efnanna og hver situr eftir með þann hagnað sem verður af sölu efnanna. Um mitt ár 1999 lagði fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hald á milli 20 og 30 kg af fíkniefnum. Rannsókn byggði á grunsemdum um stórfelldan og þaulskipulagðan innflutning fíkniefna sem talið var að staðið hefði í nokkur misseri með þátttöku margra einstaklinga. Efnahagsbrotadeildin hóf samstarf við fíkniefnadeildina, þar sem hlutverk efnahagsbrotadeildarinnar var að upplýsa um fjárhagsleg atvik málsins. Hafa upp á verðmætum og tryggja að þeir sem að innflutningnum og dreifingu stóðu eða aðrir þeim tengdir kæmu verðmætum ekki undan rannsókn, og til að tryggja að verðmætin væru til staðar við meðferð málsins fyrir dómi til þess að koma mætti við upptöku eða greiðslu sekta og málskostnaðar. Við meðferð málsins, sem reyndist stærsta og umfangsmesta fíkniefnamál sem upp hefur komið á Íslandi og jafnframt umfangsmesta rannsóknarverkefni lögreglu, var lagt hald á og kyrrsett meiri verðmæti en nokkru sinni fyrr.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og innan Evrópuráðsins að efla baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Þessar aðgerðir hafa fyrst og fremst verið fólgnar í því að styrkja lögreglu í samstarfi á milli landa og að setja heimildir í lög til þess að aukin áhersla verði lögð á að hafa upp á verðmætum sem talin eru afrakstur afbrota og gera hann upptækan. Þegar er að finna í löggjöf sumra Evrópulanda heimildarákvæði fyrir lögreglu til þess að leggja hald á peninga hjá sakborningi sem er undir rannsókn ef grunur er um að peningar sem hann hefur í vörslum sínum verði ekki raktir til afraksturs af lögmætri starfsemi eða lögmæts hagnaðar annars. Með þessu hafa sum ríki beinlínis lagt sönnunarbyrði á þann sem lögregla hefur undir rökstuddum grun um auðgunarbrot, um að peningar sem hann kann að hafa í sinni vörslu hafi hann fengið með lögmætum hætti. Í þessu sambandi má til dæmis vísa til löggjafar á Írlandi.

Kyrrsetning og haldlagning

Á síðustu árum hafa rannsóknir opinberra mála á Norðurlöndum í auknum mæli beinst að því að leita að og hafa upp á þeim ávinningi sem afbrotamenn hafa af brotum sínum. Löggjöf um eignaupptöku hefur verið að breytast á síðustu árum til þess að ná þessu markmiði. Lögregla hefur tekið upp nýjar aðferðir til þess að bæta árangurinn. Sama þróun hefur verið hér á landi og það meðal annars verið markmið efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans að fylgja þessari þróun í samræmi við nýleg lagaákvæði í íslenskri löggjöf.

Í þessu efni má benda á meðferð í svokölluðu “Stóra fíkniefnamáli” sem áður hefur verið vikið að. Þáttur efnahagsbrotadeildarinnar í rannsókninni laut meðal annars að því að

leita uppi og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þær eignir, sem hinir grunuðu voru taldir hafa komist yfir, færu ekki forgörðum. Grunsemdir voru uppi um að margir þessara einstaklinga hefðu auðgast umtalsvert án þess að atvinnutekjur þeirra næmu þeirri eignaaukningu sem hjá þeim hafði orðið.

Úrræði, sem lögregla hefur samkvæmt lögum til að tryggja aðgang að eigum sakbornings þegar að dómsmeðferð máls kemur, eru tvennskonar. Annarsvegar úrræði 78. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, en þar er fjallað um haldlagningu. Hinsvegar eru úrræði 85. gr. sömu laga sem fjallar um kyrrsetningu.

Starfsmenn efnahagsbrotadeildar undirbúa húsleit í þágu rannsóknar opinbers máls.

Megintilgangur þessara ráðstafana er að tryggja að eignir þær, sem lögregla telur að kærðu hafi yfir að ráða og hafi komist yfir með refsiverðum hætti, verði til staðar þegar til dómsmeðferðar máls kemur og síðar þegar kemur að fullnustu dóms yfir sakborningum, til dæmis um eignaupptöku, greiðslu sektar eða sakarkostnaðar. Mjög brýnt er að lögregla beiti þessum tryggingarráðstöfunum strax. Þessar ráðstafanir eru því gerðar á frumstigi rannsóknar og fyrir útgáfu ákæru enda myndi bið eftir niðurstöðu dóms veita sakborningi færi á að selja eigur sínar og koma þeim þar með undan ráðstöfunum lögreglu og fullnustu dóms. Skilyrði þessara ráðstafana er að fyrir hendi sé rökstuddur grunur um hina refsiverðu hegðun þess sem talinn er eiga eða hafa komist yfir verðmætin.

Með því að kyrrsetja eign, er komið í veg fyrir að eigandinn geti ráðstafað henni með veðsetningu eða sölu þannig að í bága fari við réttindi kyrrsetningarhafa, í þessu tilfelli lögreglu. Þess ber að geta að ekkert kemur í veg fyrir að skuldheimtumenn hins grunaða geri fjárnám í þessum verðmætum eða krefjist nauðungarsölu þeirra, ýmist á grundvelli fjárnáms eða veðbanda sem hvílt hafa á eigninni og stofnað hefur verið til af eiganda hennar áður en hún var kyrrsett. Margar af þeim bifreiðum sem kyrrsettar voru í fíkniefnamálinu, sem nefnt var að framan, hafa nú verið seldar nauðungarsölu vegna þess að sakborningar sem flestir hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins, hafa ekki staðið í skilum með greiðslu af áhvílandi lánum á þeim.

Þá er einnig rétt að benda á að þessi tvö úrræði eru ekki algerlega sambærileg eins og lesa má úr orðalagi ákvæðanna. Þannig er haldlagningu eingöngu beitt ef munir hafa sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir verði gerðir upptækir með dómi, sbr. 78. gr. Kyrrsetning er aftur á móti til tryggingar greiðslu sektar, skaðabóta auk upptöku.

Af þessu leiðir að nægjanlegt er til að réttlæta kyrrsetningu að fyrir liggi í fyrsta lagi líkur á því að sakborningur verði dæmdur og hljóti þar með sekt og/eða verði dæmdur til

greiðslu sakarkostnaðar, í öðru lagi að líkur séu á að sakborningur muni reyna að koma eigum sínum undan fullnustu dóms. Það verður því að telja eðlilegt að beita kyrrsetningu á eigum sakbornings þegar hann er eignalítill og líklegt má telja að hann reyni að koma þeim undan. Tilgangi refsingar og skilvirkni réttarvörslukerfisins er áfátt ef menn geta látið til dæmis sakarkostnað falla á ríkissjóð með því að koma eigum sínum undan innheimtuaðgerðum lögreglustjóra.

Peningaþvætti

Löggjöf um varnir gegn peningaþvætti, sem gerir fjármálastofnunum rétt og skylt að tilkynna hverskonar óskýrðar og/eða óeðlilegar peningafærslur eða viðskipti til efnahagsbrotadeildarinnar, hefur haft gríðarlega þýðingu við uppljóstranir og rannsókn stærri og flóknari sakamála síðustu misseri.

Þessi löggjöf felur það í sér að þegar peningastofnun metur það svo að peningar og / eða millifærslur tengjast ekki eðlilegum eða þekktum viðskiptum eða viðskiptamönnum, þá eigi bankaleynd ekki við og skylda sé að tilkynna efnahagsbrotadeildinni um viðskiptin. Efnahagsbrotadeildin kannar með leynd atvik máls og ef tilefni er til hefur hún rannsókn sjálf eða beinir málinu til lögreglu ef málið tengist atvikum hjá lögreglustjóra í ákveðnu lögregluumdæmi.

Efnahagsbrotadeildin hefur haft mjög góða samvinnu við fjármálastofnanir um þessi málefni, til dæmis með sameiginlegri fræðslu, og hefur tilkynningum fjölgað ár frá ári. Nefna má að árið 1998 voru þær 25 en 51 árið 1999. Reynslan hefur sýnt að yfir 80% tilkynninganna varða fjármuni eða viðskipti sem tengjast saknæmu atferli. Í því sambandi má nefna ýmis efnahagsbrot og stærstu fíkniefnamál.

Athyglisverð mál sem voru til meðferðar á árinu

Vatneyrarmálið

Efnahagsbrotadeildin gaf þann 16. ágúst 1999 út ákæru á hendur skipstjóra Vatneyrar BA–238, einkahlutafélaginu Hyrno, sem gerði Vatneyrina út, ásamt útgerðarstjórnanda þess félags. Í fyrsta kafla ákæru var skipstjóranum gefið að sök að hafa haldið til botnvörpuveiða á skipinu án þess að hafa nokkrar aflaheimildir til veiðanna. Útgerðarstjóranum var gefin að sök hlutdeild í brotum skipstjórans með því að hafa tekið ákvörðun um veiðarnar, að hafa hvatt til og stuðlað að því að skipið fór á veiðar án aflaheimilda. Aflinn í framangreindri veiðiferð, sem farin var 9. febrúar 1998, reyndist við löndun vera rúm 33 tonn. Brot þessi voru talin varða við lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 79/1997, um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða gekk í málinu 5. janúar 2000 og voru ákærðu sýknaðir af sakargiftum. Dómur Héraðsdóms byggðist á því að 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem segir fyrir um grundvöllinn að útdeilingu kvóta, stæðist ekki jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Dómur þessi byggði á sömu sjónarmiðum og lögð höfðu verið til grundvallar í dómi Hæstaréttar Íslands frá árinu 1998 í máli nr. 4076. Í þessum dómi Hæstaréttar hafði rétturinn komist að þeirri niðurstöðu að 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða, sem varðar úthlutun veiðileyfa, stæðist ekki 1. mgr. 65. gr.

stjórnarskrár. Dómur Héraðsdóms kom af stað öflugum skoðanaskiptum um stjórnskipulegt gildi fiskveiðistjórnunarlaganna og eignarréttinn yfir fiskveiðiauðlindinni.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands af ríkissaksóknara. Dómur Hæstaréttar gekk 6. apríl 2000. Meirihluti réttarins eða fjórir dómarar sakfelldu ákærðu í samræmi við ákæru en þrír dómarar skiluðu tveimur sératkvæðum. Tveir vildu staðfesta héraðsdóm en einn dómari var sammála hinum fjórum um sakfellingu en færði fyrir henni önnur rök en þeir. Skipstjórinn hlaut í Hæstarétti 600 þúsund króna sekt, og útgerðarstjórinn hlaut einnar milljónar króna sekt og Hyrno ehf. var dæmt í 500 þúsund króna sekt. Ákærðu voru einnig dæmd til greiðslu sakarkostnaðar og til að þola upptöku á andvirði hins ólöglega afla. Með dómi Hæstaréttar var eytt mikilli réttaróvissu sem ríkt hafði frá uppkvaðningu Héraðsdóms í málinu.

Dómur sem varðar höfundarrétt að tölvuforritum

Með ákæru útgefinni 5. maí 1999 höfðaði efnahagsbrotadeildin opinbert mál á hendur einkahlutafélagi ásamt fyrirsvarsmanni þess vegna meintrar ólögmætrar afritunar á hugbúnaði í 30 skipti, en ákærðu seldu hugbúnaðinn með einkatölvum. Hugbúnaðurinn, sem ákærðu var gefið að sök að hafa afritað og selt án leyfis frá rétthafanum, Microsoft, var Windows 95 stýrikerfið.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gekk 6. október 1999. Ákærði var sakfelldur í samræmi við ákæru. Sakfelling byggðist á framburði manna sem keypt höfðu tölvur af fyrirtækinu án þess að þeim fylgdu rétthafaskírteini eins og fylgja ber öllum Microsoft hugbúnaði. Ákærði var dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið og til greiðslu alls sakarkostnaðar og einkahlutafélagið í 300 þúsund króna sekt. Dómi þessum var ekki áfrýjað.

Nígeríumálið

Í upphafi ársins kom til rannsóknar hjá deildinni mál tveggja nígeríska manna sem grunaðir voru um að hafa haft samstarf um að selja í Íslandsbanka hf. tvo erlenda tékka samtals að andvirði rúmlega 11 milljóna króna í breskum pundum. Ákæra á hendur mönnunum var gefin út 30. mars 1999. Voru þeim báðum gefin að sök fjársvik og skjalafals með því að hafa notað framangreinda tvo tékka til að blekkja með þeim í lögskiptum við sölu þeirra til Íslandsbanka, eftir að annar ákærðu hafði aflað tékkanna hjá ætluðum samverkamönnum í Englandi. Tékkana seldi annar ákærðu í bankanum og notaði sér nafn fyrirtækis sem stundaði fiskútflutning, og hann rak og átti með Íslendingi, til að ávinna sér traust bankans og til að blekkja starfsmenn hans til að kaupa tékkana.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness gekk í málinu 28. maí 1999. Dómurinn sakfelldi annan manninn fyrir fjársvik, og var hann dæmdur í eins árs fangelsi og til greiðslu málsvarnarlauna verjanda síns. Dómurinn taldi, þrátt fyrir framburð þess sem sakfelldur var, um að þeir félagar hefðu staðið saman að fjársvikunum, að ákæruvaldinu hefði ekki tekist gegn neitun félagans að færa sönnun fyrir hlutdeild í brotinu. Fallist var á upptökukröfu í ákæru á rúmlega 3,1 milljón króna í gjaldeyri og íslenskum krónum sem haldlagðar voru í tengslum við rannsókn málsins, og voru hluti af andvirði tékkanna. Þá var ákærði dæmdur til greiðslu rúmlega 11 milljóna króna skaðabóta til Íslandsbanka hf. Dómnum var ekki áfrýjað.

Mál þetta hefur nokkra sérstöðu umfram venjuleg tékkasvikamál, einkum fyrir tvennt. Við rannsókn málsins var upplýst að eitt tékkaeyðublaðið, sem notað var við fölsunina,

hafði horfið úr tékkhefti sem sent hafði verið í pósti frá banka í London til viðskiptavinar í Englandi. En tékkinn var seldur í banka á Íslandi áður en eigandi eyðublaðsins fékk tékkheftið í hendur og uppgötvaði að eitt eyðublað vantaði í það. Er það til marks um skipulagið sem þarna lá að baki þar sem margir skipta með sér verkum og nær hringurinn meðal annars til starfsmanna póstþjónustu.

Þá er það athyglisvert að það var tilkynning frá Landsbanka Íslands hf. um mögulegt peningaþvætti sem leiddi til þess að efnahagsbrotadeildin hóf rannsókn svo skömmu eftir að fjársvikin höfðu verið framin, sem leiddi svo aftur til þess að grunaði í málinu var handtekinn í flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar hann hugðist yfirgefa landið. Atburðarás málsins hjá deildinni hófst með því að í framhaldi af tilkynningu LÍ til efnahagsbrotadeildar um stórfelldar peningafærslur milli bankareikninga var þess farið á leit við Íslandsbanka að hann kannaði bakgrunn þessara færslna sem reyndust tékkar sem í ljós kom að voru framangreindir tékkar. Í ljós kom við athugun Íslandsbanka þar sem tékkarnir voru seldir að þeir voru falsaðir.

Fjársvikatilraunir í bönkum

Í maímánuði 1999 var gerð tilraun til stórfelldra fjársvika með því að fara fram á millifærslur af reikningum íslenskra fyrirtækja. Einkum beindust tilraunir þessar að stærstu fyrirtækjum landsins.

Hinir brotlegu byrjuðu á að afla sér bankareikningsnúmera fyrirtækjanna. Ýmist með því að haft var samband við fyrirtækin og óskað eftir bankareikningsnúmeri til að greiða einhverja skuld við félagið eða með öðrum aðferðum. Eftir að þessar upplýsingar voru fengnar höfðu hinir brotlegu, sem voru staddir erlendis í öllum tilfellum, samband við viðskiptabanka fyrirtækjanna. Samskipti þessi fóru fram á ensku í gegnum síma og kynntu þessir aðilar sig með nöfnum fyrirsvarsmanna félaganna, ýmist stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Þessir aðilar óskuðu eftir millifærslum af reikningum félaganna inn á erlenda banka á Kýpur, Gíbraltar og víðar. Millifærslubeiðnum þessum, sem í flestum tilfellum voru upp á tugi eða hundruð milljóna íslenskra króna, var fylgt eftir með fölsuðum pappírum þar sem notaðar höfðu verið undirskriftir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaganna. Undirritanirnar höfðu þessir aðilar fengið úr ársreikningum félaganna og ljósritað inn á hinar fölsuðu millifærslubeiðnir. Eftirgrennslan efnahagsbrotadeildar leiddi í ljós að íslenskt fyrirtæki hafði haft milligöngu um að selja erlendum aðila þessar undirskriftir úr ársreikningum 16 stærstu fyrirtækja landsins.

Ekkert tjón varð af þessum tilraunum, einkum vegna þess að það vakti grun hjá bankastarfsfólkinu að íslenskir athafnamenn skyldu hringja í viðskiptabanka fyrirtækja sinna og kjósa eingöngu að tala ensku. Þá voru fjárhæðir þær sem óskað var millifærslna á í mörgum tilfellum hærri en innistæða reikninganna.

Rannsókn efnahagsbrotadeildar leiddi ekki í ljós hverjir stóðu að verki í framangreint skipti. Ekki liggur fyrir neinn grunur um að þeir hafi haft vitorðsmenn hér á landi og virðast þessir aðilar hafa aðsetur erlendis, sennilega á Englandi. Rannsóknin gaf vísbendingu um að þeir sem að þessu stóðu hafi verið af afrískum uppruna. Líklegt verður að teljast að fjársvikatilraun þessi sé hluti af tilraunum vestur-afrískra glæpaklíkna til að svíkja fé út úr íslenskum aðilum. Þessar tilraunir eru mjög í anda svokallaðra Nígeríubréfa sem flætt hafa inn í landið, eins og víðar á Vesturlöndum. Slík bréf hafa valdið miklu tjóni víða erlendis þó ekki sé þekkt dæmi af því hér á landi.

1999

Tölulegar upplýsingar og þróun afbrota



Til athugunar vegna eftirfarandi samantektar

Í þessum kafla eru birtar upplýsingar um fjölda lögbrota í tilteknum málaflokkum á landinu öllu. Byggt er á málaskráningu lögreglu samkvæmt yfirliti sem unnið var af Tölvumyndum þann 27. október 2000 í samvinnu við tölvudeild ríkislögreglustjórans. Leiðrétt var og samræmt eftir því sem við átti, og samanburður gerður við fjölda mála árið 1998 innan sömu brotaflokka. Upplýsingar um málafjölda 1998 voru teknar saman af lögreglustjórunum. Að baki samantekt um rán og ofbeldisbrot liggur rannsókn Sigrúnar Jóhannesdóttur afbrotafræðings hjá embætti ríkislögreglustjórans, sem unnin var í samvinnu við lögregluembættin. Safnað var ítarlegum upplýsingum um þessi brot og á næstunni verða gefnar út sérstakar skýrslur um þetta efni. Ragnar Jónsson, rannsókna-lögreglumaður hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, fór yfir dóma í ránsmálum og er byggt á samantekt hans varðandi þann þátt mála. Ennfremur var byggt á og liggur fyrir samantekt fíkniefnastofu embættisins á fíkniefnamálum 1999.

Sú forsenda sem gefin er í samantekt tölulegra upplýsinga er að taka öll brot, bæði svokölluð aðalbrot og aukabrot. Sem dæmi um aðal- og aukabrot sem færast hvort undir sinn málaflokk en tilheyra einu og sama málinu, má nefna að þegar brotist er inn og verðmætum stolið á sér stað minnst tvennskonar brot. Slíkur verknaður kann að vera fært annarsvegar sem innbrot í málaskrá og hinsvegar sem þjófnaður. Þannig teljast tvö brot í tölulegu yfirliti þó um aðeins eitt mál sé að ræða.

Brot er fært undir það embætti þar sem mál er kært og kemur þannig fram á yfirlitum. Ártal í málsnúmeri ræður þegar talin eru brot hvers árs.

Við samanburð málafjölda milli ára verður að hafa í huga að forsendur afskipta lögreglu eru mismunandi eftir brotaflokkum. Kærur eða tilkynningar berast lögreglu, svo sem varðandi auðgunar- og ofbeldisbrot en fíkniefnamál og umferðarmál eru sjaldnast kærð til lögreglu, heldur er hér um að ræða mál sem upplýsast vegna frumkvæðis löggæslumanna. Fyrir vikið er til dæmis aukinn fjöldi fíkniefnamála milli ára ekki einhlít vísbending um aukningu fíkniefna í umferð. Skýringin er ef til vill ekki síður aukin áhersla löggæsluyfir-valda á þennan málaflokk, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla um fíkniefnamál hér aftar.

Sérstaklega hefur verið unnið að því af hálfu embættis ríkislögreglustjórans að taka saman upplýsingar um brotastarfsemi, sem að gagni mega koma til fækkunar afbrota. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna fíkniefnamál, ofbeldisbrot og rán. Fyrirhugað er að taka fleiri brotaflokka til skoðunar, svo sem auðgunarbrot. Jafnframt þarf að huga að afbrotum og afbrotaþróun miðað við íbúafjölda og fólksflutninga milli umdæma. Þá þarf að gera athugun á tilteknum svæðum þar sem vissar tegundir afbrota eru tíðari en annarsstaðar. Hver lögreglustjóri þarf að skoða vel þróun afbrota í sínu umdæmi og gera allar mögulegar ráðstafanir til fækkunar brota.

Á næstu blaðsíðum skýrslunnar eru þessar tölulegu upplýsingar nánar sundurgreindar og fjallað um þróun afbrota í nokkrum stærstu málaflokkunum.

Þar sem vitnað er til höfuðborgarsvæðisins í þessum kafla um tölulegar upplýsingar og þróun afbrota er átt við umdæmi lögreglustjóranna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Auðgunarbrot 1999

Lögregluembætti	1801 Innbrot	1851 Þjófnaður (244)	1901 Gripdeild (245)	1911 Fundið fé, ólögleg meðferð á fundnu fé (246)	1921 Fjárdráttur - munir (247)	1922 Fjárdráttur - peningar (247)	1931 Fjársvik, tékkasvik (248)	1932 Fjársvik - hótelsvik (248)	1933 Fjársvik - með stolnum tékkum (248)	1934 Fjársvik - tryggingasvik (248)	1939 Fjársvik - ýmislegt (248)	1941 Umboðssvik - greiðslukort (249)	1942 Umboðssvik - tékkar (249)	1949 Umboðssvik - ýmislegt (249)	1951 Skilasvik (250)	1961 Fjárkúgun (251)
Akranes	22	99				1			1		1					
Akureyri	57	356	1	5	2	2	4	1	4		15	3		1	1	
Blönduós	3	8														
Bolungarvík	5	6														
Borgarnes	27	45	1				1				1					
Búðardalur	1															
Eskifjörður	14	23	1	1				1			1					
Hafnarfjörður	205	601	3	1		1	6		3		9	1		1	3	
Hólmavík		4														
Húsavík	9	17				1		1		2	1					
Hvolsvöllur	7	19									2					
Höfn	8	13														
Ísafjörður	11	32	1				1	1			2					
Keflavík	82	357			1	1	5		2	1	15				1	
Keflavíkurflugvöllur	1	10									1					
Kópavogur	191	505	5	4	1	3	6		1	1	14	1				
Neskaupstaður	5	12														
Ólafsfjörður	2	6			2				1		1					
Patreksfjörður	2	4														
Reykjavík	1.759	4.371	18	10	12	24	89	5	31	4	139	7	2	3	24	2
Ríkislögreglustjórinn		1				3	1				20			2	1	
Sauðárkrókur	6	26			1											
Selfoss	110	157		1	1	1		3	2		4				1	
Seyðisfjörður	10	18						1								
Siglufjörður	2	5														
Stykkishólmur	1	14	1			1		1			1					
Vestmannaeyjar	16	75									3					
Vík		3									1					
Samtals	**2.556**	**6.787**	**31**	**22**	**20**	**38**	**113**	**14**	**45**	**8**	**231**	**12**	**2**	**7**	**31**	**2**

Lögregluembætti	1971 Rán (252)	1981 Misneyting (253)	1991 Hylming (254)	1999 Auðgunarbrot - ýmislegt	**Auðgunarbrot samtals 1999**	Auðgunarbrot samtals 1998
Akranes					**124**	108
Akureyri				3	**455**	423
Blönduós					**11**	13
Bolungarvík				1	**12**	6
Borgarnes					**75**	50
Búðardalur					**1**	3
Eskifjörður					**41**	35
Hafnarfjörður	3		7	2	**846**	709
Hólmavík					**4**	8
Húsavík				1	**32**	36
Hvolsvöllur				1	**29**	43
Höfn					**21**	23
Ísafjörður					**48**	63
Keflavík			1		**466**	377
Keflavíkurflugvöllur					**12**	17
Kópavogur	4		4		**740**	526
Neskaupstaður					**17**	15
Ólafsfjörður				1	**13**	28
Patreksfjörður					**6**	19
Reykjavík	33	8	45	1	**6.587**	5.190
Ríkislögreglustjórinn					**28**	20
Sauðárkrókur				1	**34**	34
Selfoss				2	**282**	164
Seyðisfjörður					**29**	25
Siglufjörður					**7**	9
Stykkishólmur			1		**20**	29
Vestmannaeyjar				2	**96**	141
Vík					**4**	9
Samtals	**40**	**8**	**58**	**15**	**10.040**	8.123

Innbrot og þjófnaðir

Þróunin í fjölda innbrota annarsvegar og þjófnaða hinsvegar er nokkuð ólík. Heildarfjöldi innbrota á landinu er svipaður árin 1997 og 1999, með nokkurri fækkun árið 1998. Aukning þjófnaðarmála setur hinsvegar svip sinn á árið 1999 og á hún sér mest stað á höfuðborgarsvæðinu, eins og sést af súluritum hér að neðan (umdæmi lögreglustjóranna í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi).





Við samanburð brota eftir mánuðum kemur í ljós nokkur stígandi í fjölda þjófnaða frá því á vorin eða í sumarbyrjun og fram á haustið. Á höfuðborgarsvæðinu verður þessi þróun þannig að fjölgun verður í þjófnuðum allt frá í marsmánuði og hún helst nokkuð fram í nóvember/desember. Þjófnaðir á landsbyggðinni í heild ná að tvöfaldast í ágúst frá meðaltali vetrarmánaðanna árið 1999. Þar virðast reiðhjólaþjófnaðir vera næsta algengir

og sem dæmi má nefna að rétt um þriðjungur þjófnaðarbrota í umdæmi lögreglunnar á Akureyri eru reiðhjólaþjófnaðir. Hlutfallið er enn hærra á Akranesi, eða upp undir helmingur þjófnaðarbrotanna.

Mikill fjöldi þjófnaðartilkynninga er vegna GSM-farsíma. Um er að ræða hundruð slíkra tilkynninga á hverju ári síðustu ár og sá fjöldi fer vaxandi. Í tölum um stolna farsíma geta leynst allmörg tilvik þar sem símar hafa týnst en þeir tilkynntir sem stolnir.

Jafnframt er rétt að hafa í huga að búðarhnupl fellur undir þjófnaði og er tilkynnt til lögreglu í vaxandi mæli.

Rán

Kærð voru 40 rán árið 1999, eins og sést af töflu hér til hliðar. Því til viðbótar var eitt mál kært sem átti sér stað erlendis. Í 32 tilvikum voru árásarmenn karlar, kona í einu en óvíst er um kyn árásaraðila í sjö tilfellum.

Fjöldi árásarmanna	Fjöldi tilvika
1	18
2	14
3	3
4+	3
Óviss	2

Ráðist var á karl í 22 málum en konu í 17. Í einu máli voru þolendur bæði karl og kona. Upplýsingar í súluritum hér að neðan eru sóttar í tölur ársins 1999. Af þeim má meðal annars lesa að þeir sem fremja rán eru í yfirgnæfandi meirihluta fremur ungir að árum; nær helmingur ránsmanna árið 1999 er á aldursbilinu 16-20 ára. Ef litið er til samanburðar milli ára, þá hafa rán aldrei verið fleiri. Síðasta áratug hefur fjöldi rána verið nokkuð sveiflukenndur en aukning ekki afgerandi þar til 1999. Rán eru langflest framin í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík en þau hafa á þessu tímabili einnig verið framin í umdæmi lögreglustjóranna í Kópavogi og Hafnarfirði. Utan þessara svæða hafa rán verið fátíð.

Ránsaðferð og meiðsli 1999	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður
Aðferð			
Slegið m/barefli	2		
Slegið/sparkað	10	2	1
Ógnað með hníf/barefli	10	2	
Ógnað með byssu			1
Ógnað m/rafstuðtæki	1		
Tekið tökum	3		
Hrint	2		
Líkamsmeiðingum hótað			1
Hrifsað án frekara ofbeldis	2		
Stungið	2		
Ekki vitað	1		
Meiðsli			
Engin	15	2	2
Lítil	8	1	1
Nokkur	9	1	
Mikil			
Ekki vitað	1		
Fjöldi	**33**	**4**	**3**

Samanburður tveggja ára.
Samanburður milli áranna 1998 og 1999 leiðir í ljós meira en tvöföldun á málafjölda, þar sem þau vaxa úr 18 í 40. Jafnhliða er greinileg breyting í framkvæmd rána. Aðferðirnar verða harkalegri og nýjar koma til sögunnar. Árið 1999 má til dæmis nefna að tveir þolendur eru stungnir, ógnað er með byssu og rafstuðtæki. Önnur eftirtektarverð breyting er sú að þolendur rána eru að stórum hluta mun yngri en áður. Stærsti aldurshópur þolenda árið 1999 var 16-20 ára. Þá hefur konum fjölgað mjög sem þolendum. Hvað varðar vettvang rána, er þess að geta að árið 1999 voru 12 rán framin í söluturnum eða öðrum verslunum og fjórum sinnum voru flatbökusendlar rændir. Það eru algengari viðfangsefni ræningja en áður. Refsirammi sá sem settur er í lögum vegna rána, er fangelsi frá 6 mánuðum til 10 ára. Refsing getur þó orðið allt að 16 ára fangelsi ef mikil hætta telst hafa verið samfara ráni.

Ef dómar í ránsmálum áranna 1998 og 1999 eru lesnir kemur í ljós að langflest rán eru framin í auðgunartilgangi til þess að fjármagna vímuefnaneyslu viðkomandi brotamanns. Hér er bæði átt við áfengis- og fíkniefnamisnotkun. Þá virðist það mismunandi hvort rán eru framin undir áhrifum vímuefna eður ei, en fjármunirnir fara til kaupa fíkniefna, greiðslu skulda og matvæla.





Í þeim dómum sem farið hefur verið yfir vegna þessarar samantektar, eiga málsaðilar sér allflestir nokkurn brotaferil þó svo að sumir séu ungir að árum. Undantekningar eru þó til og nægir að nefna dæmi um rán sem var framið á Skólavörðuholti í desember 1999, en þar áttu hlut að máli tveir ungir karlmenn sem aldrei áður höfðu komið við sögu lögreglunnar. Brotið var framið undir áhrifum vímuefna og virtist tilviljun ráða hvert fórnarlambið var. Þrátt fyrir það fengu mennirnir hvor um sig sex mánaða fangelsisdóm, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna. Með þessum dómi má sjá að tekið var tillit til þess að brotið var framið af fleiri en einum aðila og það beindist að aðila sem gat litla björg sér veitt en slíkt verkar til þyngingar refsingar.

Þá virðist það einnig mismunandi hvort rán eru framin með skipulögðum hætti eða skyndilega, með litlum eða engum undirbúningi. Þá má einnig sjá að í nokkrum tilfellum er um sama brotamann að ræða. Raðafbrot síbrotamanna virka alltaf til hegningarauka fyrir viðkomandi brotamann og leiða til þyngri dóma. Þá er það einnig metið til hegningarauka ef brot beinist að manneskju sem er lítt eða ekki fær um að verjast vegna aldurs eða annars, enda slík brot sérlega ámælisverð.

Brotamenn í ránsmálum eiga það oft sameiginlegt að vera atvinnulausir. Hjá yngri brotamönnunum má greina ákveðið stefnuleysi í lífi þeirra, sé tekið mið af framburði þeirra sjálfra fyrir dómi og eins ef brotaferill þeirra er skoðaður.

Eitt er það úrræði sem dómstólar hafa tekið upp síðustu ár en það er að skilyrða dóma þegar yngri brotamenn eiga í hlut, þ.e. að dæma þá í vímuefnabann (áfengis og fíkniefna). Rjúfi þeir það bann geta þeir þurft að afplána þá refsingu sem búið hefur verið að dæma þá til ef vímuefnaneysla sannast á þá (skilorðsrof). Þá hefur yngri brotamönnum einnig verið gert að sæta öðrum meðferðarúrræðum, til dæmis vímuefnameðferðum, viðtölum við sálfræðinga og að fá tilsjónarmenn.

Erfitt er að koma með einhverja eina skýringu á aukningu ránsmála á milli ára, en öllum ætti að vera það ljóst að vandinn er ekki aðeins lögreglunnar heldur alls almennings. Það er hryggileg staðreynd að neysla fíkniefna hefur færst í aukana hin síðari ár og aldur neytenda fer lækkandi. Ungt fólk sem hættir námi vegna óreglu á enn minni möguleika á að fá atvinnu og virðist því miður oft verða utanveltu og stefnulaust í samfélaginu. Rán og ránstilraunir yngri brotamanna má því oft líta á sem óskipulögð og tilviljunarkennd úrræði þeirra í fjármögnun fíkniefnaneyslu. Þess er jafnvel dæmi að rán hafi verið ákall eftir aðstoð, rétt eins og tilraun til sjálfsvígs getur verið og er oft neyðarkall manneskju í sálarkreppu.

Nokkur fjöldi rána hefur verið upplýstur 1998 og 1999 og þar á meðal flest stærri málin. Hinir brotlegu hafa fengið misþunga dóma, enda málsatvik, aðferðir og gögn mismunandi.

Þróun rána síðastliðinn áratug.

Sé litið lengra aftur í samanburði, eða um 10 ár, þá var algengara að verðmæti væru hrifsuð af þolendum án frekari beitingar ofbeldis og meiðsli urðu því almennt minni. Á meðfylgjandi súluritum má sjá að árið 1999 er nærri helmingur ræningja vopnaður, sem er mikil aukning frá því sem var áratug fyrr, þegar vopn var sýnt í um áttunda hverju ráni. Annað súlurit sýnir að enginn ránsmanna var tilbúinn til þess að beita vopni árið 1988. Árið 1999 er vopni beitt á fórnarlamb ráns í 12% tilvika. Sem fyrr kusu brotamenn oftast að fremja rán sín einir eða tveir saman. Tímasetningar rána hafa ekki breyst að neinu marki. Þau voru oftast framin milli klukkan átta og tólf á kvöldin en oft á bilinu frá miðnætti til kl. fjögur að nóttu.







Sá samanburður sem hér er gerður milli áranna 1988 og 1999 tekur aðeins til rána sem framin voru í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík.

Brot á áfengislögum og eignaspjöll 1999

	Brot á áfengislögum											Eignaspjöll			
Lögregluembætti	6651 Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis	6652 Áfengislög, ólögleg sala áfengis	6653 Áfengislög, áfengi veitt til yngri en 20 ára	6654 Áfengislög, brot á reglum um áfengisauglýs.	6655 Áfengislög, áfengi borið inn á veitingastaði í óleyfi	6656 Áfengislög, dvöl ungmennis yngra en 18 ára á veitingastað	6657 Áfengislög, ölvun á almannafæri (21. gr.)	6660 Áfengislög, varsla á áfengi sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum áfengislaga	6679 Áfengislög, ýmislegt	**Áfengislög samtals 1999**	Áfengislög samtals 1998	2101 Eignaspjöll (minniháttar skemmdarverk 257.1)	2102 Eignaspjöll (meiriháttar skemmdarverk 257.2)	**Eignaspjöll samtals 1999**	Eignaspjöll samtals 1998
Akranes		2					14		1	**17**	28	59	3	**62**	79
Akureyri	3		5	2	3	18	181	1	15	**228**	347	203	8	**211**	245
Blönduós							3	1		**4**	2	20		**20**	17
Bolungarvík		1	1			2	5	1	5	**15**	2	8		**8**	4
Borgarnes						5	2		1	**8**	27	30		**30**	31
Búðardalur										**0**	2	3		**3**	3
Eskifjörður							13		1	**14**	6	38		**38**	36
Hafnarfjörður	4	1	3			4	52	2	12	**78**	83	270	18	**288**	292
Hólmavík							3			**3**	3	1	2	**3**	0
Húsavík	1	3			1	2	19		1	**27**	24	24		**24**	28
Hvolsvöllur		1	1				5	1	8	**16**	11	14	1	**15**	18
Höfn	2						11		1	**14**	9	20	3	**23**	19
Ísafjörður			1			1	41		7	**50**	40	45	2	**47**	51
Keflavík	5	1	3	1		4	84		26	**124**	61	418	15	**433**	330
Keflavíkurflugvöllur							7			**7**	7	8	1	**9**	6
Kópavogur	3	5	1				44	2	3	**58**	50	401	2	**403**	311
Neskaupstaður							5		1	**6**	4	20	1	**21**	11
Ólafsfjörður						2	4		2	**8**	8	12		**12**	35
Patreksfjörður	1	1					7			**9**	13	9		**9**	8
Reykjavík	14	23	17	6	1	40	1.306	10	23	**1.440**	1.628	2.178	31	**2.209**	2.293
Ríkislögreglustjórinn										**0**	0	1		**1**	5
Sauðárkrókur		1	1		1	1	24		3	**31**	25	29		**29**	59
Selfoss	3	2			1		46	7	7	**66**	48	167	5	**172**	118
Seyðisfjörður							18			**18**	27	30	2	**32**	26
Siglufjörður							5		1	**6**	23	13	3	**16**	12
Stykkishólmur							5		1	**6**	28	24	1	**25**	23
Vestmannaeyjar		3	1	1			31		5	**41**	75	93	5	**98**	142
Vík							3			**3**	7	1		**1**	3
Samtals	**36**	**44**	**34**	**10**	**7**	**79**	**1.938**	**25**	**124**	**2.297**	2.588	4.139	103	**4.242**	4.205

Fíkniefnamál 1999

Lögregluembætti	3851 Fíkniefni, dreifing/sala	3852 Fíkniefni, innflutningur	3853 Fíkniefni, varsla/neysla	3854 Fíkniefni, framleiðsla	3879 Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	**Fíkniefnabrot alls 1999**	Fjöldi mála þar sem lagt er hald á fíkniefni og/eða áhöld til neyslu þeirra	Fíkniefnabrot alls 1998
Akranes	2		12			**14**	10	12
Akureyri	6	1	76		13	**96**	84	44
Blönduós					3	**3**	1	1
Bolungarvík			3			**3**	2	1
Borgarnes	1		6			**7**	1	5
Búðardalur						**0**	0	0
Eskifjörður			4		4	**8**	2	3
Hafnarfjörður	3		72	2	20	**97**	74	59
Hólmavík						**0**	0	0
Húsavík			6		1	**7**	4	8
Hvolsvöllur			1			**1**	1	1
Höfn	5		3		2	**10**	1	7
Ísafjörður	4	1	17		3	**25**	15	23
Keflavík	3	1	14	1	7	**26**	12	26
Keflavíkurflugvöllur		1	1		2	**4**	6	13
Kópavogur	4		26		5	**35**	28	25
Neskaupstaður			2			**2**	1	5
Ólafsfjörður	1			1		**2**	0	1
Patreksfjörður			2			**2**	2	5
Reykjavík*	29	67	375	1	44	**516**	448	389
Ríkislögreglustjórinn						**0**	0	0
Sauðárkrókur	1		7		5	**13**	10	8
Selfoss	6	1	31	1	4	**43**	34	28
Seyðisfjörður			3		3	**6**	3	4
Siglufjörður		1	1			**2**	1	3
Stykkishólmur	2		4	1	2	**9**	2	10
Vestmannaeyjar	2	1	27		1	**31**	25	32
Vík						**0**	0	0
Samtals	**69**	**74**	**692**	**7**	**119**	**962**	767	713

Fáein mál í þessum dálki, sem varðar haldlagningu á efnum og áhöldum, eru með málsnúmeri ársins 2000 og koma ekki fram í heildaryfirliti í fremri dálkum.

Yfirlit frá árinu

Samkvæmt málaskrá lögreglu var heildarfjöldi fíkniefnamála 962. Í 767 fíkniefnamálum var lagt hald á fíkniefni og/eða áhöld til neyslu efnanna. Af þeim málum varða 62,7% vörslu eða neyslu fíkniefna. Í 67,5% tilvikanna var lagt hald á fíkniefni við líkamsleit, í húsleitum og við leit í bifreiðum. Alls voru 890 einstaklingar handteknir vegna fíkniefnamála, 86,1% karlar eða 766 og 13,9% konur, eða 124. Meðalaldur karla var 24,3 ár en kvenna 23,4 ár.

Á árinu 1999 var lagt hald á meira magn fíkniefna hér á landi en nokkru sinni fyrr.

Aukin áhersla lögreglu og tollgæslu á baráttuna gegn fíkniefnum er að skila árangri. Þeim árangri verður áfram fylgt eftir af auknum þunga með markvissum aðgerðum.

*Það athugist að fíkniefnamál sem komu upp hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og tollgæslunni í Reykjavík eru skráð hjá lögreglustjóranum í Reykjavík á yfirlitinu hér að ofan. Helgast það af því að rannsóknarþáttur málanna er hjá því embætti. Sjá nánari upplýsingar hér á eftir.

Magn helstu efnisflokka haldlagðra fíkniefna á árinu 1999 (haldlagt af lögreglu og tollgæslu)

Lögregluembætti	*Marihuana*	*Hass*	*Amfetamín*	*Kókaín*	*E-töflur*	*LSD*
Akranes		34,3	61,45		20	
Akureyri	10,29	420,52	52,22	15,47	46	1
Blönduós		0,31		0,32		
Bolungarvík			0,4			
Borgarnes	39,33					
Búðardalur						
Eskifjörður		5,3	1,1			
Hafnarfjörður	78,16	1.217,74	31,25	3,1		4
Höfn		7				
Hólmavík						
Húsavík						
Hvolsvöllur				0,01		
Ísafjörður	2	79,4	16,5			
Keflavík	168,09	35,56	37,5		2	1,5
Keflavíkurflugvöllur	15,06	16,02				
Keflavíkurflugvöllur*	0,37	5.670,69	190,44	37,14	300	
Kópavogur	0,72	1.884,62	56,2		1	
Neskaupstaður			0,01			
Ólafsfjörður						
Patreksfjörður		7,6				
Reykjavík	176,01	27.007,68	4.590,19	882,13	7.102	322
Sauðárkrókur		185,3	2,91	2,62	4	
Selfoss	1,93	23,04	8,04	0,09	3	1
Seyðisfjörður	3,71	15,54				
Siglufjörður	5,56			10,16		
Stykkishólmur		6				
Vestmannaeyjar	1,6	5.005,48	29,89	4,39		9
Vík						
Samtals	**502,83**	**41.622,1**	**5.078,1**	**955,43**	**7.478**	**338,5**

Sjá samanburð milli ára á næstu blaðsíðu.

Í kjölfar ábendingar frá lögreglunni í Reykjavík var lagt hald á um 30 kg af hassi á Spáni, sem flytja átti til Íslands. Það magn kemur til viðbótar þeim ríflega 41 kg sem tókst að koma í veg fyrir að flutt yrðu til landsins.

* Þau mál sem varða innflutning fíkniefna á Keflavíkurflugvelli eru í málaskrá lögreglunnar skráð á kærunúmer lögreglunnar í Reykjavík. Það efnismagn sem tilgreint er í þessari línu sýnir það magn fíkniefna sem tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á árið 1999. Kemur það til viðbótar því magni sem tilgreint er í línu lögreglunnar í Reykjavík ef horft er til rannsóknarforræðis sbr. reglugerð nr. 396/1997. Til viðbótar tilgreindu magni fíkniefna lagði tollgæslan hald á flösku sem talin var innihalda um 70g af amfetamíni, sem ekki reyndist unnt að aðskilja frá vökva í flöskunni.

Aukin sókn í baráttunni gegn fíkniefnunum

Margt hefur áunnist á síðustu misserum í baráttunni gegn fíkniefnunum og lagður hefur verið nokkuð traustur grunnur að virkri fíkniefnalöggæslu um land allt. Varðandi rannsóknir þessara mála má meðal annars nefna:

- Meiri samvinna er milli lögregluliðanna og ennfremur hafa lögregluliðin sýnt meira frumkvæði en áður í baráttunni gegn fíkniefnunum, bæði með auknum aðgerðum gegn brotamönnum og meiri forvarnavinnu. Þá liggur fyrir með gleggri hætti en áður hvað lögreglumenn mega eða mega ekki við rannsóknir fíkniefnamála, glöggar leiðbeiningar eru um hvernig standa eigi að verki við aðgerðir og meðferð sönnunargagna, ennfremur hefur grunnfræðsla nemenda í Lögregluskóla ríkisins verið bætt. Allt eykur þetta möguleika á auknum árangri.
- Bættur tækja- og tæknibúnaður hefur gert lögreglunni kleift að beita hnitmiðaðri rannsóknum og árangursríkari aðgerðum.
- Betri yfirsýn en áður er yfir fíkniefnavandann, brotamenn og aðferðir þeirra og hvaða aðgerðir lögreglan hefur í frammi í hinum ýmsu umdæmum.

- Vinnubrögð eru orðin faglegri og þjálfun lögreglumanna í afskiptum af fíkniefnamálum er almennt orðin mjög góð.
- Langtímarannsóknir eru orðnar hnitmiðaðri og betur hefur náðst til þeirra sem standa að baki innflutningi fíkniefna, og fjármögnun og hagnaður af slíkum brotum tekinn fastari tökum en áður.
- Ríkissaksóknari gaf út sérstakar reglur og leiðbeiningar um framkvæmd óhefðbundinna rannsóknaraðferða, samskipti við upplýsingagjafa og fleira.

Þó svo að árangur hafi náðst í baráttunni gegn fíkniefnunum á síðustu misserum verður ástand fíkniefnamála í landinu að teljast svo alvarlegt að það kalli á enn auknar aðgerðir. Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að úrræði lögreglu og aðgerðir taka aldrei á vandanum í heild enda geta fjölmargir aðrir, sem að málefninu koma, haft mikil áhrif á gang mála. Ekki nægir að ætla sér að einangra Ísland frá heildarvandanum og meta stöðuna eingöngu út frá því eins og menn sjá hana hér á landi um þessar mundir. Hafa verður hugfast að Evrópa er talin mesta framleiðslusvæði e-töflunnar í heiminum og eitt stærsta svæði tilbúinna fíkniefna. Þetta gerir auknar kröfur til alþjóðlegs lögreglusamstarfs. Starf lögreglu og tollgæslu á síðasta ári hafði sjáanleg áhrif á fíkniefnamarkaðinn sem meðal annars sést af verðsveiflum á fíkniefnum. Götuverð hefur þó haldist stöðugt til lengri tíma litið, sem bent getur til þess að talsvert af fíkniefnum sé í umferð. Það mikla magn sem haldlagt var árið 1999 bendir til hins sama.





Á súluritunum sést samnanburður haldlagðra fíkniefna árin 1998 og 1999 í flestum efnisflokkum. Undir skilgreiningunni kannabis í efra súluritinu er talið hass, marihuana, fræ og tóbaksblandað kannabis. Lítið hefur verið haldlagt af heróíni; 0,57g 1999 og ekkert árið 1998. Árið 1998 var lagt hald á 3,5g af morfíni.

Hugleiðing um nokkur atriði sem framundan eru

Hver og einn lögreglustjóri setur sér markmið í baráttunni gegn afbrotum, auk þess sem ýmsir þættir snúa að ríkislögreglustjóranum, eins og gerð er grein fyrir í umfjöllun um svið 4. Hjá fíkniefnastofu ríkislögreglustjórans er þetta meðal annars framundan:

- Í ársskýrslu ríkislögreglustjórans fyrir árin 1997-1998, voru settar fram tillögur og markmið lögreglustjóranna í baráttunni gegn fíkniefnunum. Meðal annars var þar jafnframt sýnt fram á það myndrænt hvernig neysla á e-töflum veldur neytandanum alvarlegum heilaskaða. Með þessu var sett af stað áætlun um að

koma eftir mætti í veg fyrir neyslu á e-töflum. Þessum markmiðum hefur verið fylgt og mun það verða gert enn frekar í framtíðinni.

- Lögreglustjórarnir á Suðvesturlandi hafa verið að vinna að því, í samstarfi við ríkislögreglustjórann og dómsmálaráðuneytið, að koma á sérstökum samstarfshópi lögreglumanna til eflingar fíkniefnalöggæslunni á Suðvesturlandi og fækkunar afbrota.
- Auka alþjóðleg samskipti og þekkingu á hinum alþjóðlega fíkniefnamarkaði til að betur takist að rjúfa innflutningsleiðir fíkniefna til landsins. Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans tekur nú þegar þátt í þesssháttar samstarfi lögregluyfirvalda í Evrópu undir merkjum alþjóðalögreglunnar Interpol.
- Hefja undirbúning að breyttu umhverfi með tilkomu Schengen-samningsins. Taka þátt í og nýta sér þá margvíslegu vinnu, sem þar fer fram, svo og hjá Evrópusambandinu og Europol, til að hamla dreifingu fíkniefna.
- Skipulagðar verði öflugar aðgerðir gegn sölu og neyslu fíkniefna á útihátíðum.
- Endurskoða skipulag fíkniefnaleitarhunda lögreglu.
- Byggja upp öflugan gagnagrunn og nýta afbrotagreiningu í baráttunni gegn fíkniefnabrotum sem og öðrum brotum. Ljúka hugbúnaðarvinnu vegna skráningar haldlagðra fíkniefna og miðlægs upplýsingakerfis.
- Vinna afbrota- og tölfræðiupplýsingar um stöðu fíkniefnamála og tengdra brota.
- Huga að breyttu framtíðarskipulagi fíkniefnalöggæslu, sérstaklega í ljósi þess að málaflokkurinn virðir engin landamæri, hvort sem um er að ræða á alþjóðavísu eða á milli landshluta innanlands. Áríðandi er að huga að breytingum sem samstaða muni verða um og hafa það að meginmarkmiði að hámarka árangur lögreglu við rannsóknir fíkniefnabrota, hvar sem þau kunna að koma upp á landinu.
- Huga að sérstakri aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr eftirspurn, aðgengi og framboði á fíkniefnum.

Staða fíkniefnamála í Evrópu 1999

Alþjóðalögreglan Interpol aflar upplýsinga um stöðu fíkiniefnamála, meðal annars hjá Evrópulöndunum. Þær tölur sem hér eru birtar eru þaðan fengnar. Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans sækir nú hina árlegu fundi Interpol um þessi málefni.



Ástand fíkniefnamála í Evrópu er flókið og erfitt vegna ýmissa þátta sem eru einstakir fyrir þennan hluta heimsins. Sölumenn halda áfram að auka fjölbreytni fíkniefna í Evrópulöndunum og leita stöðugt nýrra og vaxandi markaða, sérstaklega í Austur-Evrópu. Nánast allir hlutar Evrópu eru móttækilegir fyrir aukinni misnotkun á flestum tegundum fíkniefna.

Allt bendir til þess að ofnotkun og dreifing nánast allra fíkniefnategunda haldi áfram að vera alvarlegt vandamál. Með auknum aðgerðum hefur verið lagt hald á meira magn efna en áður. Glæpasamtök heimsins eru að verða skipulagðari og alþjóðlegri. Stóru fíkniefnasamtökin hafa breyst úr því að höndla með eina tiltekna tegund fíkniefna yfir í margar, og eiga einnig oft og tíðum aðild að margvíslegum öðrum glæpum.

Kannabis

Kannabis er enn algengasta fíkniefnið í Evrópu og reyndar í meginhluta heimsins, með vaxandi eftirspurn og samsvarandi auknu framboði. Marokkó er meginuppspretta kannabis í Evrópu en mörg önnur lönd hafa aukið framleiðslu sína til staðbundinnar notkunar og útflutnings.



Tilbúnu fíkniefnin

Löggæsla gagnvart tilbúnum fíkniefnum er flókin og óstöðug, meðal annars vegna mikillar útbreiðslu, vaxandi fjölbreytni efna og að fíkniefnasalar einskorða sig ekki við eina tegund fíkniefna eins og áður var. Þetta gerir það að verkum að sérstaklega erfitt er að hafa hemil á ástandinu í ljósi þeirrar staðreyndar að margir neytendur tilbúinna efna gera sér ekki grein fyrir því hversu skaðleg þau eru. Ennfremur eru gæði efnanna misjöfn. Má í því sambandi nefna að dæmi eru um að rottueitur hafi verið sett í e-töflur. Þá er sjaldan litið til þeirra dauðsfalla, sem eru óbein afleiðing fíkniefnaneyslu. Má í því sambandi nefna sjálfsvíg af völdum þunglyndis.



Tölfræðilegar upplýsingar um amfetamín sem lagt er hald á, benda til þess að dregið hafi úr eftirspurn í Evrópu, þótt hún sé enn mikil. Stór hluti þess amfetamíns, sem lagt var hald á árið 1999, fannst í Evrópu, mest í Bretlandi.

Mikil aukning á haldlagningu e-taflna í Evrópu endurspeglar aukna eftirspurn og framboð. Framleiðsla og útflutningur á e-töflum frá Evrópu til annarra hluta heimsins jókst töluvert árið 1999. Interpol fylgdist með gríðarlegri aukningu á dreifingu þessa fíkniefnis til Norður-Ameríku árið 1998, og hefur séð það breiðast út til Ástralíu, Suður-Afríku, Asíu og Suður-Ameríku á árinu 1999. Þó svo að 132 leynilegar efnaverksmiðjur væru eyðilagðar í Evrópu á árinu 1999, heldur framleiðsla á e-töflum og amfetamíni áfram í miklu magni. Árið 1996 var lagt hald á rúmlega þrjár milljónir e-taflna í Evrópu en 1999 var fjöldinn kominn í 14.114.126 töflur, sem er nær þreföldun frá árinu á undan.

Dánartíðni af völdum fíkniefnaneyslu

Skráð dánartíðni vegna ofneyslu fíkniefna er einna hæst í Danmörku og Noregi af nágrannalöndum okkar, þar sem á fimmta hundrað manns samanlagt láta lífið af völdum



hennar ár hvert. Í samanburði við mörg önnur lönd hefur Finnland lága dánartíðni, en árið 1998 létust þar 20 manns af völdum fíkniefnaneyslu, samkvæmt skráningu. Það vekur þó ugg að sú tala er tvöföldun frá árinu á undan. Ef heimfæra ætti skráða dánartíðni í Danmörku og Noregi á Ísland myndu 12 manns deyja hér árlega af völdum fíkniefnaneyslu. Tölur um þetta eru ekki til hérlendis en þess má geta að landlæknisembættið er að vinna að rannsókn á afleiðingum af neyslu e-taflna. Tölur um dauðsföll sem hér eru til umfjöllunar, eiga allar við um heróínneyslu, nema upplýsingar frá Danmörku, sem eiga við dauðsföll af völdum allra tegunda fíkniefna.

Samstarf Evrópuþjóða

Viðbrögð Evrópuþjóða gegn fíkniefnavandanum eru meðal annars í því fólgin að auka og bæta samvinnu á milli hinna ýmsu löggæslustofnana, bæta þjálfun og auka fjármagn til þeirra stofnana í Austur-Evrópu og Asíu sem berjast gegn fíkniefnum. Fíkniefnavandinn er ekki lengur staðbundinn eða svæðisbundið vandamál. Árangursríkustu fíkniefnaaðgerðirnar í Evrópu á árinu 1999 má rekja til aukinnar samvinnu löggæslustofnana. Það sýnir að bætt og markviss samvinna þeirra og upplýsingamiðlun um glæpamenn er mikilvægasta úrræðið í þessari baráttu.

Að Interpol eiga aðild 178 þjóðir. Stofnunin rekur mjög öflugt samskiptakerfi sem er ómetanlegt í baráttunni gegn fjölþjóðlegum glæpum. Jafnframt heldur Interpol fundi og ráðstefnur þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í alþjóðlegri löggæslu. Tveir starfsmenn embættis ríkislögreglustjórans sóttu ráðstefnu Interpol um ástand fíkniefnamála í Evrópu 1999 þar sem ræddar voru niðurstöður sérstakrar skýrslu þess efnis.

Dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóri hafa lagt aukna áherslu á alþjóðlegt samstarf í baráttunni gegn afbrotum. Nýrra leiða hefur verið leitað í þeim efnum, þar á meðal með auknu samstarfi við Interpol. Öflugt starf fer fram innan Evrópulanda með þátttöku íslenskra lögregluyfirvalda, í tengslum við Schengen-samstarfið. Þá hafa verið teknar upp viðræður við lögreglustofnun Evrópusambandsins, Europol.

Ofbeldisbrot 1999

Kynferðisbrot

Lögregluembætti	1401 Kynferðisbrot, nauðgun (194)	1410 Kynferðisbrot, misneyting (andl. annm., ranuleysi) (196)	1411 Kynferðisbrot, misneyting (varúðarákv., trúnaðarbrot) (197)	1413 Kynferðisbrot, önnur kynferðisáreitni (198 - 2. málsliður)	1430 Kynferðisbrot, sifjaspell (200.1)	1431 Kynferðisbrot, sifjaspell / önnur kynf. ár.) (200.2)	1432 Kynferðisbrot, sifjaspell / kynmök systkina) (200.3)	1440 Kynferðisbrot, mök við börn uppalanda (201.1)	1445 Kynferðisbrot, mök við yngri en 14 ára (202.1, fyrri máls.)	1446 Kynferðisbrot, mök við 14-16 ára (202.2)	1447 Kynferðisbrot við yngri en 14 ára (202.1 annar málsliður)	1449 Kynferðisbrot, gáleysi skv. 201 og 202 (204)	1451 Kynferðisbrot, hagnýting vændis (206.2)	1452 Kynferðisbrot, ginning yngri en 18 ára til lauslætis (206.3)	1460 Kynferðisbrot, blygðunarsemisbrot (209)	1471 Kynferðisbrot, útbreiðsla kláms (210.2)	1475 Kynferðisbrot, varsla á barnaklámi (210.4)	1499 Kynferðisbrot, annað	**Kynferðisbrot samtals 1999**	Kynferðisbrot samtals 1998
Akranes						1										1				**2**	1
Akureyri	3	5							2	2	1					2			1	**16**	11
Blönduós																			1	**1**	1
Bolungarvík																				**0**	0
Borgarnes	1								1							2				**4**	1
Búðardalur																				**0**	0
Eskifjörður																				**0**	1
Hafnarfjörður	1			3				3	1		1					2			3	**14**	14
Hólmavík																				**0**	0
Húsavík	1									1										**2**	2
Hvolsvöllur																1			1	**2**	2
Höfn	1								1	1				1						**4**	2
Ísafjörður		1							1		1					2				**5**	2
Keflavík	6			1	1	1			2		2					4			5	**22**	6
Keflavíkurflugvöllur																				**0**	1
Kópavogur	1					1						1				13			3	**19**	11
Neskaupstaður	1															3				**4**	1
Ólafsfjörður																1			2	**3**	0
Patreksfjörður		1																		**1**	1
Reykjavík	30	11	10	5	2		1		1	1	3		2			15	6	7	25	**119**	102
Ríkislögreglustjórinn																				**0**	0
Sauðárkrókur																1				**1**	2
Selfoss	1																			**1**	2
Seyðisfjörður	1															1				**2**	2
Siglufjörður		1		1																**2**	1
Stykkishólmur	1																		1	**2**	0
Vestmannaeyjar																1			2	**3**	4
Vík																			1	**1**	1
Samtals	**48**	**19**	**10**	**10**	**3**	**3**	**1**	**3**	**9**	**5**	**8**	**1**	**2**	**1**	**49**	**6**	**7**	**45**	**230**	**171**

Líkamsmeiðingar

Lögregluembætti	1501 Manndráp (211)	1504 Manndráp af gáleysi (215)	1506 Líkamsárás (217)	1507 Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	1508 Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	1509 Líkamsárás, líkamsmeiðingar - gáleysi (219)	1551 Manndráp - tilraun	1599 Líkamsárás, brot gegn lífi og líkama - ýmislegt	**Líkamsmeiðingar samtals 1999**	Líkamsmeiðingar samtals 1998
Akranes			10	1	1	1			**13**	18
Akureyri		1	48	20	2			2	**73**	106
Blönduós			13	2	1	1			**17**	9
Bolungarvík			1						**1**	0
Borgarnes			5	6					**11**	16
Búðardalur			1						**1**	3
Eskifjörður			6	2	1		1		**10**	15
Hafnarfjörður		1	29	35	2	8		5	**80**	65
Hólmavík									**0**	4
Húsavík		1	4	3	3			1	**12**	6
Hvolsvöllur			2	11				1	**14**	19
Höfn			7	3				1	**11**	16
Ísafjörður		1	15	2	2				**20**	15
Keflavík			85	15	5	1			**106**	119
Keflavíkurflugvöllur									**0**	3
Kópavogur			52	4	3	3			**62**	59
Neskaupstaður			1						**1**	1
Ólafsfjörður				1	1				**2**	5
Patreksfjörður			3	1	1				**5**	3
Reykjavík	2	1	713	68	25	9	1	2	**821**	746
Ríkislögreglustjórinn			1						**1**	0
Sauðárkrókur			14	1					**15**	15
Selfoss			28	9	5	6			**48**	48
Seyðisfjörður			7	8	1				**16**	14
Siglufjörður			2			2			**4**	5
Stykkishólmur			7	2	1				**10**	32
Vestmannaeyjar			28	6	3			1	**38**	49
Vík					1				**1**	1
Samtals	**2**	**5**	**1082**	**200**	**58**	**31**	**2**	**13**	**1.393**	1.392

Kynferðisbrot

Kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu verða langflest inni á heimilum en á landsbyggðinni er vettvangurinn mun fjölbreytilegri og má nefna hótel og tjaldsvæði í því sambandi. Á höfuðborgarsvæðinu áttu nokkur kynferðisbrot sér stað innandyra á skemmtistöðum en því var aldrei til að dreifa á landsbyggðinni.

Breyting milli ára

Aukning verður á fjölda tilkynntra brota. Má þar nefna fjölgun misneytingarmála, sifjaspella og kynferðisbrota gegn börnum. Ef til vill má skýra fjölgun kynferðisbrota að einhverju leyti með því að umræða um þau er opinskárri en áður og aukin hvatning er til þess að brotaþolar leiti réttar síns. Hinsvegar má ekki líta framhjá þeim möguleika að raunfjölgun þessara brota hafi orðið og er verið að kanna orsakir þessarar aukningar nánar.

Manndráp

Manndrápsmál urðu tvö á árinu 1999 en tíðni þeirra hefur í gegnum tíðina verið sveiflukennd, frá því að ekkert manndráp er framið og upp í nokkur á ári.

Líkamsmeiðingar



Séu aðferðir við líkamsmeiðingar flokkaðar gróflega, má sjá að langflestar þeirra eru framdar án vopna, eða 87%. Ökutækjum er beitt í 1% mála en á það ber að líta að hér eru talin bæði ásetnings- og gáleysisbrot. Ef undan eru skilin þau mál þar sem ökutæki koma við sögu, standa eftir 90% mála þar sem vopnum er ekki beitt. Aðferðirnar í þeim tilvikum eru oftast þær að þolandi er sleginn og í hann er sparkað. Þá er bitið og klórað, og þolandi tekinn hálstaki. Iðulega er notast við það sem hendi er næst til að veita áverka og dæmi um að höfði árásarþola sé barið við harðan flöt, hann kaffærður í snjó og fleira. Aðrar aðferðir eru til muna sjaldgæfari en fjölbreyttar þó. Í þeim tilvikum sem vopn koma við sögu, er beitt eggvopni 40 sinnum og barefli 61 sinni af 124 tilvikum (þess er að geta að hugtakið vopn er hér notað í víðum skilningi, það er allir þeir hlutir sem gerandi beitir á þolanda til að valda honum áverka eða líkamstjóni). Þá er það algengt að einhverju er kastað í þolanda, svo sem flösku eða steini. Önnur vopnabeiting er fátíðari, en loftbyssa, örvabogi og rafstuðtæki eru meðal vopna sem notuð voru.

Samanburður síðustu tveggja ára

Fjöldi líkamsmeiðinga hefur í heildina nokkuð staðið í stað milli ára. Aftur á móti er stígandi í ofbeldisbrotum almennt milli ára á höfuðborgarsvæðinu.

Samanburður á aðferðum til líkamsmeiðinga

Lítilsháttar mun má sjá þegar bornar eru saman þær aðferðir sem beitt er við líkamsárásir í Reykjavík árin 1985, 1992 og 1999. Spörk hafa færst í aukana og jafnframt hefur fjölgað þeim tilvikum sem höggum er fylgt eftir með spörkum. Þannig virðist lengra gengið í ofbeldinu. Hrindingar hafa aukist á sama tíma, auk þess sem meira ber á því að fórnarlambið sé skallað.

Umferðarlagabrot 1999

Lögreglunni hafa verið sett markmið varðandi fækkun umferðarslysa í samræmi við þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi sem samþykkt var á Alþingi árið 1996. Til þess að ná tilætluðum árangri hefur lögreglan fengið tækjabúnað til nota við störf sín að umferðarmálum, auk þess sem ýmsar lagabreytingar gera málsmeðferð kærumála vegna umferðarlagabrota öruggari, skilvirkari og hraðari. Úrræði lögreglu í þessu skyni, eru meðal annars þau að fjölga þeim lögreglumönnum sem klæðast einkennisfötum við dagleg störf, að fleiri lögreglumenn séu við störf úti við eftirlit og nýta þann tækjabúnað sem lögreglan hefur yfir að ráða, svo sem vélhjól og bifreiðar. Ríkislögreglustjórinn leggur áherslu á að lögreglan láti sig varða öll afbrot og að ekki sé horft framhjá lögbrotum og þau látin afskiptalaus þótt minniháttar séu.

Það er fyrst og fremst undir almenningi sjálfum komið að fækka umferðarslysum. Þar vegur þungt að draga úr ökuhraða.

Nokkrir helstu brotaflokkar

Lögregluembætti	7015 Akstur gegn rauðu ljósi (5.gr.)	7023 Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)	7303 Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	7410 Ölvun við akstur (45. gr.)	**Umf..l.brot, framantaldir flokkar samtals 1999**	Umf.l.brot, framantaldir flokkar samtals 1998
Akranes	7	2	649	24	**682**	224
Akureyri	51	76	1.734	135	**1.996**	1.799
Blönduós		1	1.333	28	**1362**	1.196
Bolungarvík			54	8	**62**	17
Borgarnes			1.213	45	**1.258**	692
Búðardalur				1	**1**	4
Eskifjörður			270	15	**285**	148
Hafnarfjörður	95	63	1.218	142	**1.518**	1.789
Hólmavík			198	3	**201**	132
Húsavík		1	349	53	**403**	274
Hvolsvöllur		1	553	21	**575**	391
Höfn			68	10	**78**	118
Ísafjörður		3	399	48	**450**	514
Keflavík	18	103	1.429	119	**1.669**	1.075
Keflavíkurflugvöllur	2	30	154	50	**236**	71
Kópavogur	33	26	1.735	100	**1.894**	2.258
Neskaupstaður			16	8	**24**	26
Ólafsfjörður		1	45	6	**52**	56
Patreksfjörður			28	18	**46**	21
Reykjavík	1.280	514	3.930	928	**6.652**	8.811
Ríkislögreglustjórinn			4		**4**	0
Sauðárkrókur		14	382	15	**411**	364
Selfoss	1	15	1.820	105	**1.941**	1.370
Seyðisfjörður		2	105	23	**130**	99
Siglufjörður			41	5	**46**	21
Stykkishólmur			693	16	**709**	808
Vestmannaeyjar		5	111	27	**143**	104
Vík			217	6	**223**	148
Samtals	**1.487**	**857**	**18.748**	**1.959**	**23.051**	**22.530**

Brot gegn valdstjórninni og gegn friðhelgi einkalífs 1999

	Brot gegn valdstjórninni*				Brot gegn friðhelgi einkalífs						
Lögregluembætti	0301 Lögreglumenn, ofbeldi (106-107)	0302 Opinber starfsmaður, ofbeldi	**Brot gegn valdstjórninni samtals 1999**	Brot gegn valdstjórninni samtals 1998	1701 Húsbrot	1702 Ofsóknir (áminning)	1703 Hótanir	1704 Ærumeiðingar	1799 Friðhelgi, ýmislegt	**Brot gegn friðhelgi einkalífs samtals 1999**	Brot gegn friðhelgi einkalífs samtals 1998
Akranes			**0**	0	3		6		1	**10**	11
Akureyri	7		**7**	11	4		2		39	**45**	30
Blönduós			**0**	1	2					**2**	2
Bolungarvík			**0**	0	3					**3**	2
Borgarnes	1		**1**	0	1		3			**4**	4
Búðardalur			**0**	0						**0**	1
Eskifjörður	1		**1**	0	2		1	1	3	**7**	6
Hafnarfjörður	7		**7**	2	13		25	1	14	**53**	19
Hólmavík			**0**	0						**0**	2
Húsavík	1		**1**	2			3		1	**4**	4
Hvolsvöllur	1		**1**	0			2		3	**5**	1
Höfn			**0**	0	1		3			**4**	4
Ísafjörður	1		**1**	2	3		5	1		**9**	2
Keflavík	11	2	**13**	13	17		28	2	7	**54**	31
Keflavíkurflugvöllur	1		**1**	3			3			**3**	5
Kópavogur	3		**3**	1	31	1	21		17	**70**	22
Neskaupstaður	2		**2**	0			4		2	**6**	3
Ólafsfjörður			**0**	1						**0**	0
Patreksfjörður	1		**1**	0	1					**1**	3
Reykjavík	81	2	**83**	72	95	10	208	2	73	**388**	354
Ríkislögreglustjórinn			**0**	0			1			**1**	2
Sauðárkrókur	1		**1**	0	3		4		1	**8**	3
Selfoss	3		**3**	1	3	2	3		1	**9**	4
Seyðisfjörður	3		**3**	0	2		8	1		**11**	0
Siglufjörður	1		**1**	0		1				**1**	3
Stykkishólmur			**0**	2	1		2		1	**4**	5
Vestmannaeyjar	1		**1**	7	2	1	5	1		**9**	21
Vík			**0**	0						**0**	2
Samtals	**127**	**4**	**131**	118	187	15	337	9	163	**711**	546

*Af brotum gegn valdstjórninni eru hér aðeins birtir tveir brotaflokkar af alls 8.

Viðauki

Sönnunarbyrði um sekt

Tæknirannsóknir

Sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.

Tæknirannsóknir eru sjálfstætt fag innan lögreglu og eru mikilvægur þáttur í rannsókn á öllum tegundum afbrota. Tæknirannsóknir eru til að mynda ekki síður mikilvægar í auðgunarbrotum og brotum sem varða almenning miklu. Ekki er nauðsynlegt að skýrsla tæknimanns sé tugir síðna og nákvæm lýsing á einhverjum hlut sem litlu eða engu máli skiptir varðandi rannsóknina eða brotið. Mikilvægara er að tæknimaður hafi yfirfarið vettvang og safnað gögnum sem skipta máli, og að þeim megi treysta.

Afbrotafræðileg sönnun

Efnisleg sönnunargögn, geta verið nánast hvað sem er, eða allt frá einu litlu mannshári og upp í heila flugvél. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar. Aflað er allra tiltækra gagna um verknaðinn sem um er að ræða, svo sem um stað og stund, og öll nánari atvik sem ætla má að skipt geti máli. Leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á. Þá er vettvangur rannsakaður ef við á og yfirleitt öll ummerki sem kunna að vera eftir brot.

Meðal markmiða tæknirannsókna er að:

- Sýna fram á hvort tiltekin persóna hafi verið á tilteknum stað
- Sýna fram á hvort tiltekin persóna hafi gert eitthvað ákveðið, til dæmi skrifað á tékka, brotið rúðu og svo framvegis
- Sýna fram á hvort tiltekið verkfæri eða hlutur hafi verið notaður við brot, svo sem hurð spennt upp með tilteknu áhaldi, skotið hafi verið úr tiltekinni byssu, hringt úr tilteknum síma og svo framvegis
- Sýna fram á hvort tengsl eru milli aðila

Listinn er ekki tæmandi. Fjöldi aðferða er nothæfur við tæknirannsóknir og nýjar bætast stöðugt við. Tæknirannsóknir eru grundvallaðar á tveimur kenningum. Annarsvegar lögmáli Locards[1] (yfirfærslulögmálinu) og hinsvegar lögmálinu um einstaklingseinkenni[2]. Almennt er hlutverk lögreglunnar að safna gögnum en tæknirannsóknastofa ríkislögreglustjórans hefur það hlutverk að annast samanburðarrannsóknir. Þær geta verið

[1] Yfirfærslulögmálið, sem oftast er nefnt “Locard exchange principle”, segir að í hvert skipti sem hlutir snertast verði gagnkvæm yfirfærsla á efnaeindum. Með öðrum orðum fremjandi verknaðar skilur eftir sig ummerki á vettvangi og/eða tekur með sér ummerki.

[2] Tveir munir eða hlutir kunna að sýnast eins en við nákvæmari skoðun kemur í ljós að hver og einn hlutur er sérstakur og hefur sín sérkenni.

af ýmsum toga, til dæmis má nefna fingrafararannsóknir og rannsóknir á förum eftir aðra líkamshluta, skó, áhöld, muni eða skjalarannsóknir.

Sviðsetning getur verið hluti af samanburðarrannsókn. Þá getur atvikalýsing legið fyrir (til dæmis lýsing vitnis) og sýna þarf fram á að það sem sagt er sé rétt og framkvæmanlegt. Sviðsetningin getur sýnt fram á að frásögn vitnis fái ekki staðist. Hér getur verið um að ræða beina framkvæmd samkvæmt atvikalýsingu, til dæmis ef könnuð er dreifing hagla úr skoti af tiltekinni gerð þegar þeim er skotið úr tiltekinni byssu. Í því tilviki getur verið um að ræða frásögn grunaðs um að tiltekinn maður, slasaður eða látinn, hafi staðið í tiltekinni fjarlægð frá honum en hagladreifing getur sýnt fram á að fjarlægð þeirra á milli var allt önnur þegar skotið reið af.

Spor greining

Með hugtakinu “far” eða “spor”, er meðal annars átt við hjólfar, skófar, fótspor eða slóð. Slóð getur til dæmis verið spor eftir dýr.

Faragreiningin er mjög gömul aðferð, eða allt frá því að Homo Sapiens, eða hinn viti borni maður kom til sögunnar og hóf að veiða dýr sér til matar. Menn lærðu að hvert dýr skilur eftir sig för með eigin sérkennum og sáu til dæmis þann mun sem er á bjarndýraförum og dádýraförum. Ástæðan er sá mismunur á förum sem dýr skilja eftir sig í jarðvegi. Þennan mun má nefna hópeinkenni eða sameiginleg einkenni fara.

Menn lærðu jafnframt að greina mun á förum milli einstaklinga af einni og sömu dýrategund. Þar gat helti hjálpað, meiðsl eða vöntun á hluta af þófa dýrs. Þar eru komin til sögunnar sérstök einkenni, eða einstaklingsauðkenni. .

Þessi tvö atriði þarf til þess að hægt sé að gera samkenningu með samanburði, meðal annars til að skera úr um það hvort tiltekið dýr hafi skilið eftir sig tiltekin för.

Það má velta því fyrir sér af hverju skóför finnist ekki oftar en raun er á, við vettvangsrannsóknir. Vitað er að brota-menn (og aðrir) nota hanska, án þess að það þurfi að gera þá grunsamlega. Það kann einfaldlega að vera kalt í veðri. Margir brotamenn nota grímur eða lambhúshettur

Skór – Skóför

Hinn 19. september 1991 voru hjón á ferð um Alpana, við landamæri Austurríkis og Ítalíu, þegar þau sáu líkamsleifar í ís. Lögreglu var tilkynnt um fundinn og eftir 3-4 daga hafði tekist að ná líkamsleifunum úr ísnum. Þær voru teknar til rannsóknar og kom í ljós að það var af karlmanni sem hafði verið 25-35 ára gamall og um 55 kg að þyngd þegar hann lést. Síðar reyndist unnt að ákvarða að maðurinn væri um það bil 5200 – 5300 ára gamall. Þetta þýðir að maðurinn hafi verið uppi á árunum 3300-3200 fyrir Krist. Maðurinn var klæddur og er þess meðal annars getið að hann hafi verið í vel sniðnum leðurskóm, einangruðum með grasi.

Lýsingin er á elstu skóm sem vitað er um. Nánar er þeim lýst þannig að innan í þeim hafi verið möskvar, gerðir úr stráum og til þess ætlaðir að halda grasi í skónum. Sólinn virðist úr nautgripaleðri og yfirleður úr loðskinni sem náði upp á legginn.

Hinn 20. júlí 1969 lenti geimflaugin Apollo 11 á tunglinu. Þessu var sjónvarpað um heimsbyggðina en sönnun þess að geimfararnir komust til tunglsins sést enn og var ljósmynduð, nefnilega skófar Neil Armstrongs.

til þess að hylja andlit sitt en lítið er vitað um að brotamenn noti skóhlífar.

Hagnýt lögreglufræði

Í hagnýtri lögreglufræði eða lögregluvinnu má segja að skófarasamanburður (skófaragreining) hafi fyrst verið gerður í máli sem kennt er við Richardson í Skotlandi, haustið 1786. Þar var verið að rannsaka morðmál. Ung stúlka hafði verið myrt og lögreglumaðurinn, sem rannsakaði málið, sá stígvélaför nálægt líkinu og fylgdi þeim yfir mýri. Hann tók eftir því að annað farið virtist vera eftir leðurstígvél sem var bætt og auk þess óvenju mikið neglt. Förin virtust eftir hlaupandi mann og skildi hann eftir djúp för í gljúpum jarðveginum. Lögreglumaðurinn bjó til afsteypu af skóförunum og bar þau síðan saman við leðurstígvél þeirra sem komu til jarðarfararinnar. Lögreglumaðurinn handtók svo mann að nafni Richardson á grundvelli samanburðar síns. Þetta er líklega fyrsta skráða tilfellið í sakamálafræðinni sem byggir á faragreiningu. Þetta vekur upp eftirfarandi spurningu: Ef faragreining er svona gömul og þekkt, hvers vegna er þetta þá ekki sjálfstæð og viðurkennd rannsóknaraðferð um allan heim í stað þess að vera einungis hliðargrein og ekkert sérlega viðurkennd? Ef til vill er það einmitt vegna atburðanna 1786 þegar lögreglumaðurinn fylgdi förunum. Samanburðurinn sem hann gerði var án allrar sérfræðikunnáttu. Hann hafði eflaust gott “löggunef”. Allir hafa lesið eða heyrt um að lögreglumenn hafi rakið slóð brotamanna í nýföllnum snjó og það leitt til handtöku.

Á vettvangi eru í sjálfu sér meiri líkur á að fótspor finnist heldur en fingraför. Fingrafar á vettvangi vegur mjög þungt þegar sönnunargögn eru metin eins og kunnugt er. Ef til vill má á hinn bóginn segja að skófar á vettvangi sé ekki nægjanlega gott sönnunargagn, vegna þess að ekki er víst hver hafi verið í skónum þegar glæpurinn var framinn. Þetta er reyndar rétt, svo langt sem það nær, og hið sama á við í málum sem varða skotvopn. Hægt er að sýna fram á að tiltekinni byssukúlu hafi verið skotið úr tiltekinni byssu en ekki er víst að hægt sé að færa sönnur á það hver hafi skotið úr byssunni.

Kínverskt máltæki segir að þúsund mílna ferðalag hefjist á einu skrefi. Segja má að það eigi oft við um vegferð rannsóknara vegna spora sem aðrir hafa markað.

Bjarni J. Bogason, aðstoðaryfirlögregluþjónn, tók saman.

Helstu heimildir:
Bjarni J. Bogason, Rannsóknir, 2. útgáfa 1991
Reader's Digest, 1992
Spindler, K., The man in the Ice, 1992
Hildebrand, D.S., Footwear, The Missed Evidence, 1999
Tuthill, H., Individualization: Principles and Procedures in Criminalistics, 1994
Cassidy, M.J., Footwear Identification, 1984

Samanburðarrannsóknir

Samanburðarrannsóknir geta verið af margvíslegu tagi og segja má að allt sem hægt er að bera saman falli undir þetta svið. Þar má nefna:

- Rannsóknir á skjölum og skrift
- Fingrafararannsóknir
- DNA-rannsóknir
- Rannsóknir á skotvopnum og skotfærum
- Rannsóknir á áhöldum og búnaði (svo sem verkfærum sem notuð eru til innbrota)

Á fyrstu árum tæknirannsókna lögreglunnar hér á landi háði þröngur húsakostur og tækjaskortur flestum þáttum tæknilegra rannsókna. Helstu samanburðarrannsóknir sem unnar voru á þeim árum, voru fingrafara- og skjalarannsóknir. Aðrar meiriháttar samanburðarrannsóknir varð að láta gera erlendis. Má þar til dæmis nefna skotvopna- og byssukúlurannsókn sem fram fór í svokölluðu leigubílstjóramorði, sem framið var í janúar 1968. Morðvopnið fannst ári síðar eða í mars 1969 og var það, ásamt byssukúlu sem fannst í þeim myrta, sent til rannsóknar hjá FBI og síðar hjá New Scotland Yard. Niðurstaðan varð hin sama hjá báðum aðilum; kúlan var úr umræddri byssu.

Við stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins jókst húsrými tæknideildar og leyfi fékkst til kaupa á nauðsynlegum rannsóknaráhöldum. Sex dögum eftir stofnun embættisins, eða 6. júlí 1977, var samanburðarsmásjá af gerðinni Leitz pöntuð frá Leitz-verksmiðjunum í Wetzlar í Þýskalandi. Hún var afhent tæknideildinni 28. september sama ár. Þessi samanburðarsmásjá var þá sú fullkomnasta á markaðinum. Í febrúar 1979 bauð framleiðandi hennar einum starfsmanni tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins til námskeiðs í meðferð á smásjánni. Að loknu þessu námskeiði dvaldi hann, fyrir tilstuðlan Leitz, við frekari kynningu á meðferð þessara tækja hjá tæknideild Hamborgarlögreglunnar. Fleiri tæknideildarmenn fylgdu í kjölfarið og sóttu námskeið í meðferð samanburðarsmásjáa, meðal annars hjá tæknideild dönsku ríkislögreglunnar í Kaupmannahöfn. Smásjáin gefur meðal annars möguleika á samanburði á: byssukúlum, skothylkjum, verkfæraförum, ritvélaletri og svitaholum, til dæmis á fingrum.

Unnt er að ljósmynda það sem borið er saman í smásjánni
Fyrsta málið þar sem sekt var sönnuð með samanburði í samanburðarsmásjánni átti sér stað í júlí 1981. Þar var um að ræða samanburð á skothylkjum í sambandi við dráp á friðuðum fálkum.

Umfangsmiklar samanburðarrannsóknir hafa verið unnir hér á landi, svo sem í tengslum við morðmál.

Sævar Þ. Jóhannesson, lögreglufulltrúi, tók saman.

Sögulegt yfirlit skjalarannsókna

Hlutverk skjala í nútímaþjóðfélagi

Skjöl af hverskonar tagi gegna þýðingarmiklu hlutverki og varla líður sá dagur að eitthvert skjal komi ekki við sögu í lífi okkar á einn eða annan hátt. Við treystum á að skjöl staðfesti að við höfum innt af hendi tilteknar greiðslur, að við eigum skuld að sækja hjá öðrum, að við höfum fullnægt tilteknum skilyrðum um hæfni eða þekkingu, að við höfum heimild til að fara óhindrað á milli landa og svona mætti lengi telja. Það er því öllum ljós þýðing þess að þau skjöl, sem nauðsynleg eru þessum samskiptum okkar, stafi frá þeim sem þau vísa til og séu ósvikin á allan hátt.

Haraldur Árnason, lögreglufulltrúi, vinnur að samanburðarrannsókn.

Hvað er skjal í augum skjalarannsakara?

Í huga flestra er skjal skrifuð og/eða prentuð pappírsörk, en í augum skjalarannsóknara er hugtakið skjal mun víðtækara. Hugtakið skjal hefur verið skýrt í fagritum eitthvað í þessa veru: “Hver sá flötur sem á eru för, merki eða tákn, sýnileg eða ekki og hafa í sér fólgna möguleika til að hafa merkingu eða boð til einhvers”. Þannig er húsveggur sem skrifað hefur verið á með úðabrúsa “skjal” frá sjónarhóli skjalarannsóknara og sama á við um stafi sem skrifaðir hafa verið með trjágrein í fjörusand.

Fyrsta dómsmálið

Menn hafa falsað skjöl frá fyrstu tíð og sagt er að Títus keisari í Róm, sem uppi var á árunum 40-81, hafi verið með færustu fölsurum síns tíma. Með fyrstu skráðu heimildum um dómsmál, þar sem rithönd á skjölum var rannsökuð og niðurstaðan lögð til grundvallar dóms, var mál gegn Algeron Sidney árið 1683 í Englandi en í því máli var hann fundinn sekur. Kviðdómurinn skoðaði handskrift á skjölum sem þýðingu höfðu í málinu og komst að þeirri niðurstöðu að “rithöndin væri lík þeirri hönd sem nokkur vitni töldu sig hafa séð hann skrifa”. Sex árum síðar var þessi dómur ógiltur og eftir það voru sett lög sem leyfðu aðeins framburð vitna sem séð höfðu viðkomandi skrifa eða voru vottar að skrifunum. Árið 1854 var þessum lögum breytt í Englandi og hin ýmsu fylki Bandaríkjanna fylgdu á eftir, eitt af öðru. Þá var leyft, að þeir sem þá voru taldir til þess bærir, mættu koma fyrir dóm og bera vætti um atriði sem vörðuðu rithönd manna. Þetta voru yfirleitt bankastarfsmenn, gjaldkerar eða skriftarkennarar og það má því segja að þessir menn hafi fremur unnið störf sem tengdust skjölum og skrift en að þeir hefðu sérþekkingu á einstaklingsbundnum skriftarlegum þáttum.

Rithandarrannsóknir eru sjálfstæð vísindi

Í fyrstu voru skjalarannsóknir nær eingöngu rithandarrannsóknir en ná nú yfir mun víðtækara svið. Má þar nefna letur ritvéla og annarra skrifvéla, útstrokanir og breytingar á skjölum, ljósritanir skjala og marga aðra þætti sem varða til dæmis blek, skriffæri og pappír. Í stuttu máli eru nær allar rannsóknir sem varða hverskonar skjöl gerðar hjá skjalarannsóknara og er nú litið á rithandarrannsóknir sem eina grein skjalarannsókna.

Upphaf rithandarrannsókna sem sjálfstæðra vísinda er talið hafa verið árið 1870, þegar rökstuddar rannsóknarniðurstöður voru lagðar fram í dómi í stað órökstudds álits.

Mál kapteins Dreyfus

Mörg mál eru þekkt þar sem framburður manna sem ekki höfðu þekkingu á rithandarrannsóknum hefur verið látinn hafa úrslitaþýðingu. Má þar nefna Dreyfus-málið sem upp kom í Frakklandi árið 1894. Alfred Dreyfus, sem var kapteinn í franska hernum, var ákærður fyrir njósnir á grundvelli handskrifaðs miða. Miðinn hafði ásamt öðrum gögnum verið settur í pósthólf höfuðsmanns að nafni Schwarzkoppen hjá þýska sendiráðinu í París, en franska gagnnjósnadeildin hafði komist yfir sendinguna. Í þessum gögnum voru skilaboð sem undirrituð voru með bókstafnum “D” og þegar yfirvöld fóru yfir nöfn allra sem þau töldu hugsanlegt að gætu tengst málinu var talið líklegt að Dreyfus hefði ritað skilaboðin. Heimsþekktur vísindamaður, sem hafði enga þekkingu á sviði rithandarrannsókna, var fenginn til að gefa álit sitt á rithönd miðans og komst hann að þeirri niðurstöðu að Dreyfus væri bréfritarinn. Á grundvelli niðurstöðu vísindamannsins var Dreyfus dæmdur til fangelsisvistar á Djöflaeyju. Seinna játaði yfirmaður Dreyfus, Esterhazy greifi, að hafa skrifað miðann og var mál Dreyfus þá tekið fyrir að nýju. Þetta mál hafði víðtæk pólitísk áhrif og svo furðulegt sem það má vera, var Dreyfus fundinn sekur á ný en var þó látinn laus 10 dögum síðar, og mannorð hans hreinsað að fullu.

Mál sem þetta urðu til þess að efla skilning á þörf dómstóla fyrir sérþekkingu á þessu sviði og má því segja að skjalarannsóknir séu hreinræktuð lögregluvísindi, þar sem þær eiga ekki uppruna sinn í öðrum vísindagreinum, heldur eru tilkomnar vegna þessara þarfa. Síðan hafa mörg mál á þessu sviði vakið heimsathygli og má í því sambandi sérstaklega nefna Lindbergh-málið.

Ránið á barni Lindberghs

Charles Lindbergh var þjóðhetja í Bandaríkjunum eftir að hann flaug “Spirit of St. Louis” yfir Atlantshafið árið 1927. Tveimur árum síðar giftist hann Anne Spencer Morrow en þar sem Lindbergh varð fyrir stöðugum ágangi vegna frægðar sinnar, keyptu þau stóra landareign á fremur afskekktum stað í New Jersey. Þar byggðu þau hús og ári síðar, eða í júní 1930, eignuðust þau dreng. Þann 1. mars 1932 var syni þeirra rænt úr barnaherbergi á annarri hæð hússins og eftir var skilinn handskrifaður miði þar sem farið var fram á 50.000 dollara lausnargjald. Lindbergh hafði þegar samband við lögreglu og rannsókn á vettvangi leiddi í ljós tréstiga og fótspor auk annarra gagna. Við rannsókn á fjárkröfumiðanum komu í ljós þættir sem bentu eindregið til þess að skrifarinn hefði breytt skrift sinni við gerð miðans og að hann hefði ensku ekki að móðurmáli.

Auk fjárkröfubréfsins sem skilið var eftir á vettvangi, sendi barnsræninginn 14 önnur bréf og næstu tvö árin rannsakaði hinn þekkti rithandarsérfræðingur Albert S. Osborn árangurslaust rithönd 100 manna sem lögreglan taldi koma til greina sem bréfritarann.

Á árunum 1865-1923 gaf bandaríska stjórnin út sérstaka peningaseðla sem tryggðir voru með gulli. Þetta var gert til að efla trú almennings á peningaseðlum en almennt var engin trygging á bak við slíka seðla, önnur en traustið á bandarísku stjórninni. Slíkur seðill kemur við sögu í Lindbergh-málinu. Atvik voru þau að í september 1934 keypti maður nokkur bensín á bensínstöð og borgaði fyrir með 10 dollara “gull”-seðli. Afgreiðslumaðurinn skrifaði númer bifreiðarinnar á seðilinn en lögreglan hafði sent út

sérstakar tilkynningar þar sem afgreiðslufólk var beðið um að vera á varðbergi ef þesshátt seðlar væru notaðir, en lausnargjaldið hafði einmitt verið greitt með slíkum seðlum. Þetta leiddi til handtöku Brunos nokkurs Hauptman og í framhaldi af því, staðfesti Osborn að rithönd Hauptmans væri í samræmi við rithönd á bréfum barnsræningjans. Hauptman var ákærður fyrir verknaðinn og leiddi ákæran til umfangsmikilla réttarhalda sem hófust í byrjun janúar 1935 og lauk um það bil tveimur mánuðum síðar. Þar var Hauptman fundinn sekur og sterkustu vitnin gegn honum voru rithandarsérfræðingar og viðarsérfræðingur, en þáttur hans laut að samanburði á viði í stiganum sem notaður hafði verið til að komast inn í húsið, og hlutum úr stiganum sem fundust heima hjá Hauptman. Áður hafði verið upplýst að litli drengurinn hafði verið myrtur áður en lausnargjaldið var greitt. Bruno Hauptman var því fundinn sekur um morð og líflátinn 3. apríl 1936.

Morðið á Kennedy Bandaríkjaforseta

Rithandarsérfræðingar áttu veigamikinn þátt í rannsókn á máli Lee Harvey Oswalds sem handtekinn hafði verið grunaður um morðið á John F. Kennedy, forseta Bandaríkjanna, í nóvember 1963. Í því máli snerist rithandarrannsókn um handskrifaða póstpöntun og bankatékka, en þessi gögn lutu að kaupum á “Mannlicher-Carcano” 6,5 mm riffli frá sportvöruversluninni “Klein’s Sporting Goods” í Chicago. Einnig voru rannsökuð svipuð gögn er vörðuðu pöntun á skammbyssu af gerðinni “Smith & Wesson”, hlaupvídd .38, frá “Seaport Traders” í Los Angeles. Báðar þessar pantanir, svo og tékkarnir, voru útfylltir og undirskrifaðir “A.J. Hiddell” en sannað var að riffillinn, sem fannst eftir morðið á lofti skólabókasafnsins í Dallas, hafði verið notaður til að myrða forsetann. Ennfremur að skammbyssan sem fannst á Oswald við handtöku hans, hafði verið notuð til að myrða lögreglumanninn Tippit sem reynt hafði að handtaka Oswald eftir undankomu hans af vettvangi. Niðurstaða rithandarrannsóknarinnar var sú að Oswald hafi skrifað eigin hendi öll þessi gögn og voru þær niðurstöður mjög þýðingarmiklar í niðurstöðu Warren-nefndarinnar. Warren-nefndin var sérstök rannsóknarnefnd sem Johnson forseti setti á laggirnar til að rannsaka morðið á Kennedy. Eins og mönnum er ef til vill í fersku minni var Oswald myrtur af Jack Ruby áður en raunveruleg rannsókn á atburðinum hófst. Fljótlega eftir það morð kom upp sterkur orðrómur um víðtækt samsæri og að Oswald væri aðeins verkfæri samsærismanna.

Mikið hefur verið skrifað og skrafað um niðurstöðu dómstóla í þessum málum og sýnist sitt hverjum. Enn heyrast þær skoðanir að Bruno Hauptman hafi ekki verið sekur um morðið á syni Lindberghs og að Lee Harvey Oswald hafi ekki verið einn að verki við morðið á Kennedy. Hvað sem um það má segja, hafa þekktustu rithandarsérfræðingar síðari tíma farið yfir rannsóknir og niðurstöður fagfélaga sinna í rannsóknum þeirra í tengslum við þessi mál og lýst sig fullkomlega sammála þeim í öllum atriðum.

Skjalarannsóknir hér á landi

Hérlendis eru skjalarannsóknir tiltölulega ung grein í lögregluranns óknum þó svo að finna megi heimildir um einstaka rannsóknartilvik allt aftur til ársins 1958. Árið 1990 varð breyting á þegar lögreglumaður var sendur til náms hjá skjalarannsóknadeild rannsóknarstofu breska innanríkisráðuneytisins, en það starfrækir sérstakar rannsóknarstofur sem eingöngu vinna fyrir hinar ýmsu lögregludeildir í Bretlandi. Eru því ekki mörg þekkt mál þar sem niðurstaða rithandarrannsóknar hefur haft afgerandi þýðingu í sakfellingu í dómi en þó má nefna eitt er varðaði falsaða erfðaskrá.

Málsatvik voru í grófum dráttum þau, að á miðju ári 1990 lést “G” á sjúkrahúsi í Reykjavík. “G” var vel efnaður er hann lést en var ókvæntur og barnlaus og átti því ekki skylduerfingja. Lögerfingjar voru systkinabörn hans. Þau fengu leyfi til einkaskipta og var birt innköllun krafna í búið í Lögbirtingarblaðinu rúmlega mánuði eftir lát mannsins. Um það bil 4 mánuðum eftir birtingu innköllunarinnar framvísaði “S” erfðaskrá sem dagsett var rúmlega 4 mánuðum fyrir dánardag “G” og samkvæmt erfðaskránni átti “S” að erfa helming allra eigna “G” án þess að þar væru nánar tilgreindir einstakir munir eða eignir. Erfðaskrá þessi var vélrituð á pappírsörk af stærðinni A4, undirrituð með nafni “G” og með undirritun tveggja votta. Lögerfingjar “G” kröfðust rannsóknar á gildi þessarar óvæntu erfðaskrár. Gerðar voru tvær sjálfstæðar rithandarrannsóknir, önnur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en hin hjá Ríkislögreglustjóranum í Danmörku og lágu niðurstöður þeirra fyrir í nóvember. Þær voru samhljóða þess efnis að undirskrift erfðaskrárinnar væri fölsuð. Í tengslum við þetta mál var einnig gerð leturrannsókn á ritvél í eigu “S” og kom í ljós að texti erfðaskrárinnar var vélritaður með henni. Skýringar “S” voru þær að “G” hafi komið að máli við hann og óskað eftir að hann fengi að koma heim til “S” tiltekinn dag, sérstaklega í þeim erindum að gera erfðaskrá, og að ósk hans hafi “S” fengið tvo aðra menn til að koma og vera vottar að erfðaskránni. Hafi “G” lesið fyrir erfðaskrána sem hann hafi haft meðferðis á lausum blöðum og “S” vélritað hana á ritvél sína. Að því loknu hafi vottarnir verið kallaðir til og hafi þeir horft á “G” undirrita skjalið og síðan vottað hans eigin undirskrift. Vottarnir staðfestu frásögn “S”, þeir hafi þekkt “G” vel og vottað undirskrift hans á skjalið. Voru þeir nokkuð sammála um málsatvik en fyrir dómi bar annar þeirra að hann væri ekki viss um og teldi jafnvel ólíklegt að erfðaskráin væri það skjal sem hann taldi sig hafa vottað.

Þann 4. maí 1992 var kveðinn upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur þar sem “S” var sakfelldur fyrir skjalafals. Höfðu niðurstöður rithandarrannsóknanna mikla þýðingu í málinu og voru í raun einu hlutlægu gögnin sem dómurinn hafði til að byggja á. “S” var dæmdur til 12 mánaða fangelsisvistar en þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára. Dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 10. desember sama ár.

Eins og að framan segir hafði skjalarannsóknum, sem þætti í lögregluransókn, ekki verið gefinn mikill gaumur hér á landi fyrr en um 1990. Með tilkomu skjalarannsóknara við Rannsóknarlögreglu ríkisins virtist þörfin fyrir þessar rannsóknir margfaldast og verkefnin hlóðust upp. Ekki bætti úr skák, að í upphafi voru öll hugtök, sem að þessum rannsóknum lutu, á ensku og íslenskur orðaforði lítill sem enginn. Staðla þurfti niðurstöður og skilgreina þá staðla, taka afstöðu til og móta framsetningu rannsóknargagna og síðast en ekki síst að kynna þessar rannsóknir fyrir þeim sem taka áttu afstöðu til niðurstaðna þeirra, til dæmis dómurum og saksóknurum. Má því segja að ærið verkefni hafi blasað við. Nú, tíu árum síðar, hafa skjalarannsóknir hér á landi skipað sér með öðrum viðurkenndum lögregluvísindum og er gildi þeirra í rannsóknarferli þeirra mála sem þær eiga við, viðurkennt.

Rithönd manna

Margir hafa velt því fyrir sér hvers vegna rithönd manna sé svo breytileg sem raun ber vitni. Við því er ekkert einhlítt svar en ljóst er að þættir eins og líkamlegir eiginleikar, smekkur, viðhorf, handlagni og þjálfun eiga sinn þátt í því. Hvað sem þessum vangaveltum líður munum við öll forskriftarbækurnar sem við fengum í skólanum, þar sem við vorum látin líkja eftir einstökum bókstöfum og orðum sem sett voru fremst í hverja línu. Vorum við látin skrifa blaðsíðu eftir blaðsíðu af þessum stöfum og því betur sem okkur tókst að líkja eftir forskriftinni, því fleiri stjörnur fengum við stimplaðar í

skriftarbókina og meira lof frá kennaranum. Ef skriftarkennslan hefði borið tilætlaðan árangur mundum við öll hafa sömu rithönd, að minnsta kosti þau sem lærðu eftir sömu forskrift.

Skemmtilegt dæmi um persónulega þætti í skrift manna er mál sem kom upp í Finnlandi fyrir fáum árum. Þar hafði komið í ljós fjárdráttur hjá opinberri stofnun og var gjaldkeri stofnunarinnar sterklega grunaður um verknaðinn. Forstjórinn var mikið fjarverandi vegna starfans og til að liðka fyrir gangi mála hafði það verklag komist á að gjaldkerinn skrifaði undir tékka með nafni forstjórans. Hann hafði náð svo mikilli færni í eftirlíkingunni að undravert þótti. Því má bæta við að nafnritun forstjórans var ólæsileg sem skrift og var einskonar útflúr eða táknmerki eins og algengt er hjá mönnum sem þurfa að undirskrifa mörg skjöl. Fyrir lá að greiðslur sem lágu að baki fjárdrættinum, voru í fjölda tékka sem allir voru með táknmerki eða undirskrift forstjórans. Þeir voru lagðir fyrir forstjórann og hann beðinn um að draga þá úr sem hann hafði undirskrifað eigin hendi. Brá svo við að honum var ómögulegt að aðgreina þá sem hann hafði undirritað frá þeim sem gjaldkerinn hafði gert og við það sat. Var þá leitað til rithandarrannsóknara í von um að þeir gætu komist til botns í málinu og skiluðu þeir niðurstöðum sínum þar sem þeir tilgreindu þá tékka sem gjaldkerinn hafði undirskrifað í nafni forstjórans. Niðurstöður þeirra reyndust koma fullkomlega heim og saman við aðra málsþætti. Þessi frásögn undirstrikar að margir átta sig ekki á smáatriðum í skrift sinni sem kunna að vera augljós þjálfuðum rithandarrannsóknara.

Haraldur Árnason, lögreglufulltrúi, tók saman.

Helstu heimildir:
Ordway Hilton; Scientific Examination of Questioned Documents
Russel R. Bradford og Ralph B. Bradford; Introduction to Handwriting Examination and Identification
Hrd. 235/1992

Sögulegt yfirlit fingrafararannsókna

Elstu heimildir

Elstu heimildir um notkun fingrafara eru yfir 1300 ára gamlar og finnast í skjölum frá Kína og Japan þar sem fingra- eða lófaför hafa verið notuð sem undirskrift. Einnig hafa fundist skjöl er varða sölu fátækra bænda á ungum dætrum sínum í gleðihús. Þar sem stúlkurnar áttu að afhendast þegar þær höfðu náð vissum aldri, voru fingra- eða lófaför tekin af þeim svo kaupandinn gæti gengið úr skugga um, að um rétta stúlku væri að ræða við afhendingu.

Fyrstu ritverk um fingraför eru frá 17. öld. Þessi skrif um hryggina á fingrum og í lófum eru skrifuð af líffæra- og lífeðlisfræðingunum Nehemiah Grew, 1684, og Marcello Malpighi, 1686.

Á 18. öld voru gefin út verk nokkurra líffærafræðinga um rannsóknir húðsjúkdóma. Fyrir fingrafarafræðinga vekja rannsóknir Meyers, 1788, mesta athygli en hann gerði nákvæma teikningu af 10 fingrum þar sem allar algengustu gerðir fingrafara koma fram. Hann gerði sér einnig grein fyrir því að þrátt fyrir það hve fingraför tveggja persóna væru lík voru þau ekki eins.

Árið 1823 hélt prófessor John Evangelist Purkinje við háskólann í Breslau (nú Wroclaw) í Póllandi, fyrirlestur um möguleikann á því að nota fingraför til að bera kennsl á persónu.

Fingraför í þágu afbrotarannsókna

Árið 1890 birtust greinar í enska tímaritinu "Nature" eftir dr. Henry Faulds og William Herschel þar sem þeir vöktu athygli á að nota mætti fingraför í baráttu gegn afbrotum. Faulds hafði rannsakað fingraför í Japan, þar sem hann hafði upplýst afbrot með greiningu fingrafara en Herschel hafði notað fingraför sem "undirskrift" við greiðslu launa til innfæddra í Indlandi.

Sá maður sem vann markvissast að fingrafararannsóknum á árunum 1890 til 1895, var Francis Galton, sem gaf út nokkrar bækur um fingraför og átti náið samstarf við Herschel.

Starf Galtons varð síðan grunnurinn að starfi Edwards Richards Henrys en rannsóknir hans voru gefnar út í bókinni "Classification and Uses of Finger Prints" (Flokkun og notkun fingrafara). Þar segir hann frá flokkun, greiningu og skráningu fingrafara. Þetta fingrafarakerfi er kennt við hann og kallað "Henry System". Kerfið þykir einfalt og auðvelt í notkun og er notað að grunni til enn þann daginn í dag í öllum enskumælandi löndum og mun víðar. Það er meðal annars notað á Norðurlöndum að Noregi undanskildum.

Á sama tíma og þeir Galton, Herschel og Henry voru að vinna að sínum fingrafararannsóknum í Englandi var argentínskur sakamálafræðingur, Juan Vucetich, að vinna að samskonar rannsóknum í heimalandi sínu. Vucetich fann upp fingrafarakerfi, sem er notað í öllum eða allflestum löndum Mið- og Suður-Ameríku og sunnanverðri Evrópu. Í Noregi notar lögregla fingrafarakerfi sem byggt er á Henry- og Vucetichkerfinu.

Danir hófu almennt töku fingrafara og skráningu þeirra eftir Henry-kerfinu árið 1904 og árið eftir var sakamál í fyrsta skipti upplýst á fingraförum eingöngu. Sá er það gerði var verðlaunaður með 30 krónum, sem voru miklir peningar í þá daga.

Fyrsta fingrafaraskráning hérlendis

Árið 1936 hóf Sveinn Sæmundsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, fingrafaratökur af brotamönnum og að skrá og flokka förin eftir Henrykerfinu. Varð hann fyrstur til þess hérlendis. Sveinn hafði fengið tilsögn í fingrafarafræðum í kynnisferðum hjá erlendum lögregluliðum. Jafnframt voru teknar ljósmyndir af brotamönnunum. Þessi vinna lagðist niður á stríðsárunum 1940-1945 og allt til ársins 1946 vegna mikilla anna hjá þeim fáu mönnum er skipuðu rannsóknarlögregluna á þeim tíma.

Tæknideild stofnuð við rannsóknarlögregluna í Reykjavík

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík árið 1970. Frá vinstri eru Sveinbjörn Bjarnason, Ragnar Vignir, Sævar Þ. Jóhannesson og Reynir Sveinsson.

Í september 1945 stofnaði Axel Helgason tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík eftir að hafa verið við nám í tæknirannsóknum, þar á meðal fingrafarafræðum, í “New York City Police Academy” frá nóvember 1944. Árið 1946 upplýsti Axel fyrsta sakamálið á Íslandi á grundvelli rannsóknar fingrafara, en það mál var allsérstætt. Þannig var að maður framdi innbrot í íbúðarhús í Reykjavík og skildi bjórflösku eftir á vettvangi, sem hann hafði drukkið úr. Við rannsókn fannst fingrafar á flöskunni sem kom heim við fingrafar afbrotamanns, sem var að finna í fingrafarasafni tæknideildarinnar. Þegar Axel lét vita um niðurstöðu rannsóknarinnar var honum bent á að hún gæti ekki staðist, þar sem umræddur maður væri þá fangi á Litla-Hrauni. Voru menn vantrúaðir á þessa niðurstöðu Axels en til að taka af allan vafa var hringt austur til að spyrjast fyrir um manninn. Kom þá í ljós að hann hafði fengið leyfi daginn áður til að fara á Selfoss. Við nánari rannsókn kom ennfremur í ljós að frá Selfossi hafði hann farið með rútu til Reykjavíkur og framið umrætt innbrot. Í framhaldi játaði hann á sig fleiri innbrot sem hann hafði framið í skjóli "pottþéttrar" fjarvistasönnunar.

Borin kennsl á látna með notkun fingrafara

Breska olíuskipið Clam rak á land við Köllunarklett í Reykjavík þann 21. febrúar 1950 og laskaðist nokkuð. Að morgni 28. febrúar var það í togi og á leið til Cardiff í Englandi til viðgerðar þegar það slitnaði frá dráttarbátnum. Skipið strandaði við Reykjanes, miðja vegu milli gamla og nýja Reykjanesvitans og því sem næst fremst á nesinu. Á skipinu var 50 manna áhöfn, yfirmenn allir enskir en undirmenn flestir af kínversku bergi brotnir.

Við strandið greip mikil skelfing um sig meðal kínversku skipverjanna og þustu allmargir til (31 maður, þar af 5 Englendingar) og reyndu að bjargast á land í tveimur björgunarbátum. Afleiðingarnar urðu sorgleg endalok 27 manna sem fórust er bátnum hvolfdi. Aðeins fjórum var bjargað á land. Þeim 19 mönnum, sem eftir urðu í Clam, var bjargað nokkru síðar án teljandi erfiðleika. Viku síðar fundu menn níu lík rekin, um það bil einn kílómetra frá sjálfum strandstaðnum. Þau voru flutt til Reykjavíkur og komið fyrir í Fossvogskapellu. Þar sem líkin reyndust óþekkjanleg, var tæknideild rannsóknarlögreglunnar beðin um aðstoð. Var þá haft í huga að ef til vill yrði hægt að ná fingraförum af líkunum, en fingraför voru til af allri áhöfninni í spjaldskrám skipafélagsins. Rannsókn tæknideildarmanna varð til þess, að fimm líkanna þekktust aftur. Fingraförin sem tekin voru af hinum látnu voru send til Englands þar sem samanburður fór fram. Þetta er í fyrsta skipti sem aðstoð við slíka rannsókn er framkvæmd hérlendis. Í júní 1950 voru í fyrsta skipti borin kennsl á lík hérlendis með hjálp fingrafararannsókna. Fingraför þess látna voru til í safni tæknideildarinnar. Ekki var mögulegt að þekkja líkið eftir öðrum leiðum þar sem það var sjórekið og illa farið.

Umfangsmiklar fingrafararannsóknir hér á landi

Margar viðamiklar fingrafararannsóknir hafa verið gerðar hérlendis. Má þar nefna innbrot, sem framið var fyrir um 50 árum á Austfjörðum, en þar fundust samanburðarhæf fingraför. Engin sérstakur var grunaður um verknaðinn og með samþykki þorpsbúa voru tekin samanburðarför af öllum karlmönnum á aldrinum 11-70 ára. Vettvangsförin gengu ekki út fyrr en eftir að tekin höfðu verið för af karlmönnum búsettum út með firðinum og síðan inni í firðinum. Þegar komið var að unglingspiltum búsettum inni í firðinum gengu förin út og játuðu þeir verknaðinn. Í þessu tilfelli voru tekin för af um 200 mönnum. Annað tilfelli átti sér stað sumardaginn fyrsta árið 1967 en þá var brotist inn í stórt fyrirtæki í Reykjavík og miklu fé stolið. Fingraför fundust á staðnum. Starfsfólk fyrirtækisins varð fyrir miklum óþægindum af völdum þessa innbrots vegna þeirra sögusagna sem gengu um bæinn að sökudólginn væri að finna meðal þess. Um 90 manna starfshópur gaf fúslega leyfi til fingrafaratöku til að auðvelda rannsóknina. Skömmu seinna kom í ljós að sá sem hafði brotist inn hjá fyrirtækinu og átti förin var ekki starfsmaður þess.

Þróun fingrafararannsókna í nútímaþjóðfélagi

Helsta þróun í sambandi við leit að fingraförum eða öðrum sönnunargögnum á brotavettvangi, er notkun kemískra efna. Fer það þá eftir eðli hlutar hvaða efni á við í það og það skiptið. Til að geta staðið að slíkum rannsóknum þarf meðal annars sérstaka loftræsta skápa þar sem efnin, sem unnið er með, eru mjög heilsuspillandi. Stöðugt er verið að þróa nýjar aðferðir sem auðvelda leit fingrafara við ólíklegustu skilyrði og miðar þeirri þróun vel áfram.

Síðastliðna þrjá áratugi hefur tölvuskráning fingrafarasafna verið að þróast erlendis. Eru nú allar helstu fingrafaradeildir heimsins búnar tölvum sem auðvelda og flýta leit samstæðra fingrafara sem fundist hafa á brotavettvangi. Það kann að þykja undarlegt að þrátt fyrir tölvuvæðingu fingrafarasafna er það maðurinn sem hefur enn síðasta orðið í sambandi við samanburð fingrafaranna. Sá þáttur hefur ekki breyst í þau rúm 100 ár sem samanburðarrannsóknir fingrafara hafa verið stundaðar. Það sem tölvan gerir er að þrengja hringinn og benda á mögulega kosti sem maðurinn vinnur síðan úr.

Fyrstu fingrafaratölvurnar voru það dýrar að ekki var á færi annarra en helstu lögregluembætta erlendis að kaupa þær. Þróunin hefur hinsvegar orðið sú að hannaðar hafa verið fingrafaratölvur á viðráðanlegu verði sem henta minni fingrafaradeildum og ættu að öllum líkindum að henta vel hér.

Sævar Þ. Jóhannesson, lögreglufulltrúi, tók saman.

Helstu heimildir:
Fingerprints, Palms and Soles, eftir H. Cummins og C. Midlo
Practical Fingerprinting, eftir B. C. Bridges
The Fingerprint System at Scotland Yard, eftir Frederick R. Cherrill
Ragnar Vignir, fv. aðstoðaryfirlögregluþjónn tæknideildar Sakadóms Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglu ríkisins
“Notagildi fingrafara…” eftir SÞJ, Lögreglublaðið desember 1972
Ýmis erlend fagrit um fingrafarafræði og tölvur

DNA-rannsóknir

Miklar framfarir hafa orðið í DNA-rannsóknum á undanförnum árum. Fyrsta sakamálið þar sem DNA-rannsóknum var beitt, er svonefnt Pitchfork-mál í Bretlandi árið 1987, en Bretar voru frumkvöðlar í DNA-rannsóknum og tóku forystuna með stofnun svonefnds "DNA-fingrafarabanka". Fyrsta DNA-erfðafræðirannsóknin í sakamáli hér á landi var gerð í framhaldi af nauðgun þar sem grímuklæddur maður var gerandi, á árinu 1989. Dómur féll í málinu í Hæstarétti Íslands árið 1991 og byggði sakfelling meðal annars á DNA-samanburðarrannsókn.

DNA-tæknin mun reynast lögreglu sífellt öflugra tæki við að upplýsa sakamál. Í þessu sambandi er ekki eingöngu um að ræða árásarmál þar sem brotamenn hafa fengið á sig eða skilið eftir blóð, heldur mun einnig verða hægt að safna lífsýnum í tengslum við innbrotarannsóknir og bílþjófnaði, svo eitthvað sé nefnt.

Gunnlaugur Geirsson, prófessor, sótti ráðstefnu um DNA-rannsóknir, sem haldin var í London dagana 24. til 26. október 1999 og bar yfirskriftina "First International Conference on Forensic Human Identification". Ráðstefnan var á vegum fyrirtækisins "Forensic Science Service", sem vinnur tæknistörf fyrir bresk lögregluyfirvöld og var sótt af réttarlæknum, rannsóknarfólki hvers konar og lögreglumönnum víðsvegar að úr heiminum. Margt merkilegt kom fram á ráðstefnunni, sem getið er um í greinargerð eftir prófessor Gunnlaug. Má þar nefna að DNA-rannsóknir hafa valdið verulegri byltingu á sviði auðkenningar brotamanna með nýrri tækni (PCR-aðferð). Hún felur það í sér að hægt er að bera kennsl á menn með miklu minna magni af DNA-efni en áður. Bretar fara fremstir í þessum rannsóknum og kemur þar tvennt til: Annarsvegar hafa þeir lagaheimildir til þess að taka til dæmis hár af grunuðum (“non-invasive” sýni), og hafa því öðlast miklu stærri gagnabanka heldur en nokkur önnur þjóð. Hinsvegar hafa þeir komið upp markvissri tækni til greiningar örsýna af vettvangi. Þetta gerir mögulegt að um leið og eitthvað finnst á vettvangi, sem hægt er að skilgreina sem lífsýni, er unnt með skjótum hætti að kanna hvort eigandi þess eigi sér DNA-snið í bankanum. Þar með er unnt að komast að því hver kunni að hafa framið viðkomandi afbrot. Nú er unnt að finna DNA á vettvangi þar sem snert hefur verið með fingrum eða öðrum líkamshlutum, spýtt á gólf, skilinn eftir sígarettustubbur, saur, blóð eða hárstúfur. Einungis er þörf á örlitlu magni til að hægt sé að gera samanburð og má nefna að finnist fingrafar með svonefndri álduftsaðferð, má vinna það með hefðbundinni aðferð en taka síðan hinn lífræna hluta þess upp og nota til DNA-greiningar svo sjá megi hvort viðkomandi er í DNA-bankanum. Hefur þetta til dæmis leitt til þess að hlutfall upplýstra bílþjófnaða á tilteknu svæði í Bretlandi, þar sem sérstakur samanburður var gerður, hækkaði margfalt eftir að farið var að beita líkum aðgerðum og svo er einnig um aðra málaflokka. Samhliða þessum framförum er unnið að marvíslegum tengdum rannsóknum, sem væntanlega munu skila verulegum árangri í framtíðinni. Sem dæmi má gera ráð fyrir að eftir um það bil tvö ár verði komið á markað tæki sem geri lögreglumönnum kleift að bera kennsl á menn á brotavettvangi ef þeir finna gagnlegt lífsýni. Þá sé ekki einungis um að ræða tengingu afbrotamanns við brotavettvang heldur megi einnig tengja saman fleiri brotastaði ef samskonar lífefni finnast á þeim. Þetta er því öflugt úrræði gegn síbrotamönnum. Á Norðurlöndum eru takmarkanir meiri á vörslu DNA-sniða en í Bretlandi.

Hvað er DNA?

DNA er efnasamband í frumukjörnum, tengt við eggjahvítu og skipað í raðir, sem eru í eðli sínu mjög flóknar og tilbrigðaríkar að gerð. Í gerð þeirra felst mótið að myndgerð líkama manna og dýra og hefur því verið nefnt "erfðaefnið". Svo sem hver og einn er sérstakt eintak að útliti má ljóst vera að erfðaefnið er hverjum og einum sérstakt, með þeirri einu undantekningu þegar eineggja tvíburar eiga í hlut.



Með nútímalegri tækni hefur reynst kleift að myndgreina efnið á þann hátt að nýta sér hina sérstöku byggingu hjá hverjum og einum og sjá þannig sérkenni manns. Kallast það "DNA prófíll", eða "DNA snið". Þessi tæknivísindi, ásamt nútímalegri erfðafræði, eru undirstaða þess að beita DNA rannsóknaraðferðinni í þágu réttvísinnar. Kemur þar fyrst og fremst til það sem nefna má greiningu með DNA rannsóknaraðferðum. Þar sem rannsókn á brotavettvangi leiðir í ljós að sá er brotið framdi hefur skilið eftir sig eitthvað sem hefur að geyma DNA erfðaefni hans, má taka það til rannsóknar. Vegna nákvæmni rannsóknaraðferð-anna má nú greina með þessum hætti fingraför, munnvatn, saur, blóð, sæði og hár. Þessar rannsóknir krefjast mikillar sérfræðiþekkingar, jafnt við töku sýna, varðveislu þeirra, sendingu og úrvinnslu í rannsóknastofu. Jafnframt því að rannsaka sýni frá brotavettvangi verður að liggja fyrir möguleiki til samanburðar ef gerandi á að finnast. Það getur orðið með eftirfarandi hætti:

a) Grunur fellur á tiltekinn mann og má þá afla samanburðarsýnis frá honum.

b) Sett verði á fót skrá með DNA sniðum brotamanna eða meintra brotamanna svo að bera megi sýni þau sem fást af brotavettvangi saman við sýni þeirra sem á skránni eru.

c) Ekki er fyrirliggjandi grunur, né heldur er fyrir hendi DNA skrá og því eru DNA snið þau, sem aflað er á brotavettvangi, varðveitt þar til skilyrðum a) eða b) er fullnægt.

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn, tók saman

Heimildir:
Skýrsla nefndar dómsmálaráðherra um DNA rannsóknir, töku lífsýna, skrásetningu og vörslu (skipuð 29. janúar 1999).
Samantekt prófessors Gunnlaugs Geirssonar um ráðstefnuna "First International Conference on Forensic Human Identification" í London 24.-26. október 1999.